

**Nefnd um stefnumótun í mjólkurframleiðslu**



# **STÖÐUMAT OG STEFNUMÓTUN Í MJÓLKURFRAMLEIÐSLU**

**Skýrsla til landbúnaðarráðherra  
febrúar 2004**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>YTRA UMHVERFI</b>	<b>3</b>
2.1	LANDBÚNAÐARSTEFNAN	3
2.1.1	Ýmsar stjórnvaldsaðgerðir	4
2.2	ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR	4
2.2.1	Landbúnaðarsamningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO)	4
2.2.2	Stefna ESB í landbúnaðarmálum	6
2.3	FJÁRHAGSSTUÐNINGUR VIÐ LANDBÚNAÐ	7
2.3.1	Stuðningur samkvæmt opinberum gögnum	7
2.3.2	Verðmæti mjólkurframleiðslu vs. beingreiðslur	8
2.3.3	Stuðningur samkvæmt skýrslum OECD	9
<b>3</b>	<b>INNRA UMHVERFI</b>	<b>11</b>
3.1	MJÓLKURFRAMLEIÐSLA	11
3.1.1	Endurnýjun fjósa	13
3.1.2	Tilfærsla greiðslumarks	13
3.2	MJÓLKURAFURÐIR	15
3.2.1	Samkeppnismál	16
<b>4</b>	<b>MARKAÐUR</b>	<b>18</b>
4.1	MARKAÐUR FYRIR MJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR	18
4.1.1	Verðmyndun mjólkur	20
4.1.2	Þróun smásölu- og heildsöluverðs	21
4.1.3	Innflutningur/útflutningur	22
<b>5</b>	<b>NAUTGRIPAKJÖT</b>	<b>25</b>
5.1	NAUTGRIPAKJÖTSFRAMLEIÐSLA	25
5.2	MARKAÐUR FYRIR NAUTGRIPAKJÖT	26
5.2.1	Innflutningur nautakjöts	27
<b>6</b>	<b>AFKOMA Í GREININI</b>	<b>29</b>
6.1	AFKOMA FRAMLEIÐENDA	29
6.1.1	Afkoma samkvæmt niðurstöðum búreikninga - sérhæfð kúabú	29
6.1.2	Samanburður á afkomu sömu bóa 1998-2002 - sérhæfð kúabú	32
6.1.3	Samantekt á afkomu framleiðenda	36
6.1.4	Þróun mjólkurverðs til framleiðenda	38
6.1.5	Verðþróun til bænda á Norðurlöndunum	40
6.2	AFKOMA MJÓLKURIÐNAÐAR	42
6.2.1	Rekstraryfirlit	42
6.2.2	Efnahagsyfirlit mjólkursamlaga 1998-2002	46
6.2.3	Framleiðni vinnuafls	48
<b>7</b>	<b>STAÐA OG HORFUR</b>	<b>50</b>
<b>8</b>	<b>TILLÖGUR NEFNDARINNAR</b>	<b>53</b>
8.1	MARKMIÐ NÝS SAMNINGS UM STARFSSKILYRÐI MJÓLKURFRAMLEIÐSLU	53
8.2	ALMENNT STARFSUMHVERFI MJÓLKURFRAMLEIÐSLUNNAR	54
8.3	STUÐNINGUR VIÐ MJÓLKURFRAMLEIÐSLUNA	55
8.4	FRAMLEIÐSLUSTJÓRNUN	55
8.5	VERÐLAGNING	56
8.6	NEYTENDUR	56
	Viðauki 1: Samanburður sömu kúabúa 1998-2002	i
	Viðauki 2: Afkoma kúabænda árið 2002	viii
	Viðauki 3: Samantekt um rekstur 24 kúabúa árin 1997-2002, breytingar og þróun þeirra samkvæmt SUNNU-verkefninu	xiii
	Viðauki 4: Efnahagsreikningur mjólkursamlaganna 1998 - 2002	i



## 1 Inngangur

Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er samningur bænda við ríkisvaldið, þar sem samið er um stuðning ríkisins við mjólkurframleiðsluna, tollvernd og helstu leikreglur framleiðslustýringar í greininni. Í 9. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands sem tók gildi 1. september 1998 er kveðið á um að 4 árum frá upphafi gildistíma samningsins skuli samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af því hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. lagt sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja eigi það niður og hvað taki þá við.

Skipuð var nefnd sem fékk það hlutverk að kanna framkvæmd ofangreinds samnings og gera tillögur um stefnumótun fyrir greinina og undirbúa þannig fyrir gerð næsta samnings. Í nefndina voru skipuð:

**Guðmundur B. Helgason**, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Hann var jafnframt formaður nefndarinnar.

**Ólafur Friðriksson**, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Hann var varaformaður nefndarinnar.

**Þórhallur Arason**, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, tilnefndur af fjármálaráðherra.

**Ari Teitsson**, formaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af BÍ.

**Eggert Pálsson**, varaformaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af BÍ.

**Þórólfur Sveinsson**, formaður Landssambands kúabænda, tilnefndur af LK.

**Egill Sigurðsson**, í stjórn Landssambands kúabænda, tilnefndur af LK.

**Pálmi Vilhjálmsson**, framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, tilnefndur af SAM.

**Ari Edwald**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tilnefndur af SA.

**Elín Björg Jónsdóttir**, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tilnefnd af BSRB.

**Stefán Úlfarsson**, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, tilnefndur af ASÍ.

Auk þess störfuðu með nefndinni Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, Kristjana Axelsdóttir, starfsmaður landbúnaðarráðuneytisins sem var ritari starfshópsins, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands og Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Nefndin hélt alls 20 formlega fundi auk fjölda óformlega funda, símtala og tölvupóstsamskipta. Starf nefndarinnar hefur verið tekið saman í meðfylgjandi skýrslu þar sem m.a. eru settar fram tillögur að markmiðum og leiðum hvað varðar starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, sem nefndin leggur til að höfð verði að leiðarljósi við gerð nýs mjólkursamnings.

Reykjavík 23. febrúar 2004

*Guðmundur B. Helgason*  
*formaður*  
*sign*

*Ólafur Friðriksson*  
*sign*

*Þórhallur Arason*  
*sign*

*Þórólfur Sveinsson*  
*sign*

*Ari Teitsson*  
*sign*

*Eggert Pálsson*  
*sign*

*Egill Sigurðsson*  
*sign*

*Pálmi Vilhjálmsson*  
*sign*

*Ari Edwald*  
*sign*

*Elín Björg Jónsdóttir*  
*sign*

*Stefán Úlfarsson*  
*sign*

## 2 Ytra umhverfi

### 2.1 Landbúnaðarstefnan

Stefna stjórnvalda um verðlagningu, framleiðslustjórnun og meginskipulag mjólkurframleiðslunnar kemur að mestu leyti fram í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, oft nefnd búvörulögin. Í 10. kafla laganna eru markmið þeirra er varða framleiðslu mjólkur skilgreind. Þau eru:

- að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni.
- að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
- að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innanlands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Frá árinu 1980 hefur verið opinber framleiðslustjórnun í greininni, sem leitast hefur verið við að laga að aðstæðum hverju sinni. Í upphafi veitti framleiðsluréttur aðeins heimild til tiltekinnar framleiðslu gegn niðurgreiðslum, en þegar greiðslumark var tekið upp árið 1992 tengdist nær allur beinn stuðningur við greinina greiðslumarkinu með beinum greiðslum. Landbúnaðarráðherra ákvarðar heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Ákvörðunin er byggð á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið 12 mánaða tímabil og áætlun Bændasamtaka Íslands fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða.

Afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð mjólkurvara í heildsölu er ákveðið af verðlagsnefnd búvara. Nefndina skipa sex aðilar, tveir fulltrúar samtaka launþega, tveir fulltrúar framleiðenda þar sem annar starfar aðeins með nefndinni þegar hún fjallar um verðmyndun til framleiðenda, tveir fulltrúar afurðastöðva þar sem annar starfar aðeins með nefndinni þegar hún fjallar um verðmyndun til afurðastöðva og loks einn fulltrúi sem tilnefndur er af landbúnaðarráðherra. Um hlutverk verðlagsnefndar er fjallað í 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Þar segir: *“Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluáðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Framleiðslukostnaður á nautgripakjöti til framleiðenda skal metinn og skráður af verðlagsnefnd samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur. Heimilt er verðlagsnefnd að ákveða að skráning á verði nautgripakjöts falli niður. Landssambandi kúabænda er þá heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts.”*

Í búvörulögunum er að finna heimild landbúnaðarráðherra til að gera samning við Bændasamtök Íslands um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgt fullt verð fyrir. Samningur skal a.m.k. gerður fyrir næstkomandi verðlagsár en heimilt er að semja til lengri tíma og binda samningana við einstakar

búvörur. Þessi heimild hefur verið nýtt undanfarin ár og er gildistími nógildandi samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu árin 1998-2005. Fyrir framleiðslu mjólkur innan nógildandi samnings, þ.e. greiðslumarks, fá framleiðendur greidd 47,1% af afurðaverði frá ríkinu en 52,9% frá afurðastöðvum.

Sú opinbera stýring sem verið hefur á framleiðslu og verðlagningu mjólkur hefur mótað umhverfi greinarinnar mjög mikið. Jafnframt því hefur greinin verið varin fyrir samkeppni frá innfluttum búvörum í formi tollverndar. Markmið framleiðslustýringar í mjólkurframleiðslu er að skapa jafnvægi á milli framleiðslu og sölu á mjólkurafurðum og hafa þau markmið að mestu leyti náð fram að ganga. Nú blasir við að alþjóðlegar skuldbindingar setji hinu opinbera ákveðin skilyrði um fyrirkomulag stuðnings við landbúnaðinn og tollvernd. Hugsanlegt er að það starfsumhverfi sem greinin hefur búið við komi til með að breytast í kjölfar WTO samninga og mikilvægt er að greinin fái þá svigrúm til að aðlagast því.

### 2.1.1 Ýmsar stjórnvaldsaðgerðir

Búvörulögin kveða einnig á um að lagt skuli verðmiðlunargjald á heildsölustigi á mjólk og afurðir sauðfjár. Gjaldið er 0,65 kr. á hvern lítra mjólkur sem lagður er inn í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjaldinu er ætlað að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum til að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum. Einnig er gjaldinu ætlað að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva og til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Aðrar stjórnvaldsaðgerðir sem varða nautgriparækt eru kröfur um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra (reglugerð nr. 438/2002), gæðakröfur mjólkur (reglugerð nr. 919/2002), reglur um lækkun tolla á innflutt fóður (sbr. reglugerð nr. 431/1996) og lög um búnaðargjald nr. 84/1997 með síðari breytingum.

## 2.2 Alþjóðlegir samningar

### 2.2.1 Landbúnaðarsamningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO)

Lög um framkvæmd landbúnaðarsamnings WTO tóku gildi 1. júlí 1995 eftir undirritun GATT-Úrúgvæ samningsins. Með landbúnaðarsamningnum var ýtt úr vör umbótaferli í landbúnaðarviðskiptum með það langtímamarkmið að koma á viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarvörur sem er sanngjarnt og miðast við þarfir markaðarins. Stefnt er að því að minnka verulega og í síauknum mæli stuðning og vernd í landbúnaði og koma í veg fyrir takmarkanir og raskanir á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Skuldbindingar samningsins komu til framkvæmda á árunum 1995-2000 og felur samningurinn í sér þrjár meginstoðir, þ.e.a.s. markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstuðning. Skuldbindingar varðandi útflutningsstuðning hafa ekki haft áhrif á Ísland, enda höfðu útflutningsbætur verið aflagðar hér áður en WTO kom til sögunnar.

Töluverðar breytingar urðu á markaðsaðgangi með tilkomu samningsins þar sem í stað þess að þurfa sérstaka heimild fyrir innflutningi á landbúnaðarvörum mátti flytja þær inn á þeim tollum sem tilgreindir eru í tollalögum. Þó er enn bann við innflutningi, án sérstakrar heimildar, á hráum sláturafurðum, ógerilsneyddri mjólk og



hráum eggjum, til varnar því að dýrasjúkdómar berist til landsins. Markaðsaðgangur var tryggður með umsömdum innflutningskvótum af tvennum toga. Með hliðsjón af viðmiðunarárum landbúnaðarsamningsins, sem í öllum tilfellum eru árin 1986-88, tryggja svokallaðir ríkjandi markaðsaðgangskvótar sama magni af vöru sem flutt var inn að meðaltali á þessum árum sama markaðsaðgang á sömu kjörum og þá giltu. Í þennan flokk markaðsaðgangskvóta falla þær landbúnaðarvörur sem Ísland hefur sögulega flutt inn í verulegu magni. Einnig var samþykkt að opna sérstaka innflutningskvóta, svokallaða lágmarksaðgangskvóta, fyrir vörur sem ýmist höfðu alls ekki verið fluttar inn eða þá í mjög óverulegu magni á viðmiðunarárum samningsins. Þessir tollkvótar námu 3-5% af innanlandsneyslu viðmiðunarára samningsins og voru þeir lögfestir á framkvæmdarárunum samningsins þannig að árið 1995 námu þeir 3% en 5% á árinu 2000. Á Íslandi falla kjöt- og unnar kjötvörur, egg, smjör og ostar undir skuldbindingar um lágmarkaðgang, en aðrar landbúnaðarvörur undir skuldbindingar um ríkjandi markaðsaðgang.

Landbúnaðarsamningur WTO gerir greinarmun á mismunandi tegundum opinberra styrkja og stuðningsaðgerða í þágu landbúnaðar og eru allar slíkar stuðningsaðgerðir tilkynningaskyldar til WTO. WTO skilgreinir í aðalatriðum þrjú form innanlandsstuðnings. Í fyrsta lagi gulur stuðningur, en í þann flokk fellur allur markaðstruflandi og framleiðslutengdur stuðningur. Það eru annars vegar beinar greiðslur sem tengjast framleiðslumagni og hækka verð til framleiðenda og hins vegar markaðsstuðningur, t.d. í formi opinberrar verðlagningar. Í landbúnaðarsamningi WTO er stefnt að því að draga verulega úr slíkum stuðningi. Í öðru lagi er blár stuðningur, sem er leyfilegur markaðstruflandi stuðningur skv. framleiðslutakmarkandi áætlunum sem falla að tilgreindum skilyrðum landbúnaðarsamnings WTO. Þessar stuðningsgreiðslur hafa til þessa verið undanþegnar lækkunarskuldbindingum. Í þriðja lagi er grænn stuðningur, en það eru greiðslur til framleiðenda sem gera framleiðslu ekki að skilyrði og hafa engin markaðstruflandi áhrif. Slíkar stuðningsaðgerðir er sem stendur leyfilegt að stunda án takmarkana. Grænn stuðningur getur náð til aðgerða eins og almennrar þjónustu við landbúnaðinn, rannsóknar, tekjutryggingaráætlana, ótengds tekjustuðnings, byggðastuðnings, stuðningsáætlana í þágu umhverfisins o.fl.

Litið var til innanlandsstuðnings á árunum 1986-88 og reiknaður var skv. ákveðnum aðferðum samanlagður heildarstuðningur við landbúnaðinn (AMS: Aggregate Measurement of Support). Þessi samanlagði heildarstuðningur eins og hann var reiknaður fyrir einstaka samningsaðila varð að hámarksheimild viðkomandi ríkis til að stunda framleiðslutengdan eða markaðstruflandi stuðning við landbúnað. Samþykkt var að lækka þessa heimild um 20% á framkvæmdatímabili landbúnaðarsamningsins. Síðasta tilkynning Íslands til WTO um innanlandsstuðning var árið 2000 en þá var heimild Íslands til framleiðslutengds stuðnings (AMS) komið niður í 130 milljón SDR en var 157 milljón SDR árið 1995. Samkvæmt tilkynningunni nam raunverulegur stuðningur við landbúnaðinn sem fellur undir lækkunarskuldbindingar (AMS), 117 milljón SDR þegar tekið er tillit til gengisþróunar frá viðmiðunartímabili samningsins. Stjórnvöld voru því á árinu 2000 að nýta 90% af heimild sinni til stuðnings af því tagi sem talin eru tengjast framleiðslu eða trufla viðskipti. Stærsti hluti þessa reiknaða stuðnings varðar stuðning við mjólkurframleiðslu og nautgriparækt, eða um 70%. Ef draga ætti úr þessum reiknaða stuðningi þyrfti, að óbreyttum verðmun, annað hvort að lækka framleiðslutengdar beingreiðslur eða hverfa frá markaðsstuðningi á borð við opinbera verðlagningu.

Nú stendur yfir innan WTO ný samningalota sem kennd er við Doha, en þar er m.a. stefnt að nýjum skuldbindingum um lækkun tolla og innanlandsstuðnings á sviði landbúnaðar. Í viðræðunum hafa tekist á sóknarhagsmunir útflutningsríkja, varnarhagsmunir innflutningsríkja og fjölþættir hagsmunir þróunarríkja. Útflutningsríkin hafa viljað skerða verulega heimildir aðildarríkja til að stunda framleiðslutengdar stuðningsaðgerðir og herða reglur um stuðning til landbúnaðar almennt, ásamt því að afnema útflutningsbætur og stíga stór skref í átt að því að færa markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur í svipað horf og gerist og gengur hvað varðar iðnaðarvörur. Ríki með varnarhagsmuni hafa viljað fara hægar í sakirnar og beita áfram samskonar aðferðum við skilgreiningu skuldbindinga og gert var í Úrúgvæviðræðunum. Af hálfu þessara ríkja hefur m.a. verið lögð rík áhersla á hið fjölþætta hlutverk landbúnaðar. Hagsmunir þróunarríkja er fjarri því að vera einsleitir en þau hafa almennt krafist róttæks niðurskurðar á viðskipta- og markaðstruflandi stuðningi iðnríkja og stórauðs markaðsaðgangs að mörkuðum þeirra. Sjálf hafa þróunarríki sem mest viljað forðast það að axla skuldbindingar af svipuðum toga.

Að hálfu Íslands hefur verið lögð þung áhersla á að reglur hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis og þær skuldbindingar sem ríkjum er ætlað að axla á sviði landbúnaðar feli í sér nægilegan sveigjanleika til að ríki sem búa við mismunandi aðstæður og framleiðsluskilyrði geti áfram stutt við bakið á sínum landbúnaði og þeim gildum sem af honum leiða með viðhlítandi hætti. Vinna verði að framgangi þeirra markmiða sem landbúnaðarsamningur WTO stefnir að eftir leiðum sem veita íslenskum landbúnaði tækifæri til farsællar aðlögunar að auknu frjálsræði í viðskiptum.

Stefnt hefur verið að því að ljúka Doha samningalotunni á árinu 2005 en í ljósi framgangs hennar til þessa má vera ljóst að viðræðurnar muni dragast. Ráðherrafundur WTO var haldinn í Kankún í Mexíkó í september sl. þar sem vonast var eftir að línurnar myndu skýrast og eitthvað þokast í samkomulagsátt. Sú var ekki raunin þar sem ógerlegt reyndist að ná sátt um veigamikil atriði, ekki einungis hvað snertir landbúnaðarmál heldur einnig útvíkkun hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis til að ná með yfirgripsmeiri hætti yfir skuldbindingar á sviði fjárfestinga og samkeppni, opinberra innkaupa og s.k. viðskiptalipurðar.

### 2.2.2 Stefna ESB í landbúnaðarmálum

Einn af hornsteinum samstarfs aðildarríkja ESB er hin sameiginlega landbúnaðarstefna Sambandsins (CAP<sup>1</sup>) en sameiginleg sjávarútvegsstefna heyrir einnig undir CAP. Tæplega 50% af útgjöldum ESB renna til sameiginlegrar landbúnaðarstefnu sambandsins. Markmið landbúnaðarstefnu ESB er skv. 33. gr. Rómarsáttmálans: að tryggja viðunandi lífsviðurværi landbúnaðarsamfélaga, að auka framleiðni í landbúnaði, að tryggja stöðugleika á mörkuðum, að tryggja nægt framboð matvæla og að tryggja sanngjarnt verð til neytenda

Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB byggist á tveimur stöðum, markaðsstjórnun og byggðapróun. Markaðsstjórnunaraðgerðir ESB eru gerðar til þess að stjórna framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur og eru það aðgerðir eins og verðákvörðun, framleiðsluástoð, framleiðslustjórnun og verndartollar. Framkvæmdastjórn ESB annast þannig alla ákvarðanatöku sem tengist landbúnaði aðildarríkjanna. Árið 2000 var landbúnaðarstefna ESB endurskoðuð (Agenda 2000)

---

<sup>1</sup> CAP er skammstöfun á Common Agricultural Policy

og var þá sú stoð hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu sem snýr að byggðapróun styrkt. Hugmyndin er sú að landbúnaður í löndum ESB snúist ekki eingöngu um framleiðslu heldur að ýtt sé undir umhverfissvænan landbúnað, styrkja harðbýl svæði, skógarhögg, starfsmenntun bænda, styrkja unga bændur og veita fjárfestinga- og þróunarstyrki, ekki síst til matvælaíðnaðar.

Í júní 2003 s.l. lauk síðustu endurskoðun hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB og urðu með því umtalsverðar breytingar á CAP. Aðalbreytingin var á styrkjakerfinu en meginhluti styrkja í landbúnaði ESB landa mun með breytingunni greiðast hverju býli, óháð framleiðslu, þó með nokkrum undantekningum. Til að hljóta óframleiðslutengda styrki þarf einungis að vera stundaður landbúnaður á býlinu án tillits til hvað er framleitt. Markmið þessa nýja fyrirkomulags er að ákvarðanir um framleiðslu á einstökum býlum verði teknar með tilliti til markaðsverðs fyrir afurðirnar á hverjum tíma. Framlag greiðist hverju býli sem reiknast á hverja einingu lands, út frá viðmiðunarstærðum um framleiðslu og framlög árin 2000 til 2002, með rétti til endurskoðunar vegna sérstakra aðstæðna. Markaðskerfi mjólkur tók þeim breytingum að dregið verður úr aðgerðum sem hingað til hefur verið beitt til að halda uppi verði til bænda, þannig að skylduuppkaup til að tryggja lágmarksverð fyrir útfluttar mjólkurafurðir verður skert. Þessum breytingum á CAP var ætlað að gera landbúnað ESB umhverfissvænni, markaðsvænni og samkeppnishæfari. Bændur innan ESB eiga nú að framleiða þær vörur sem arðvænlegast er að framleiða og leitast verður við að greiða ekki með einstökum vörum. Þessar breytingar munu auðvelda ESB að koma til móts við tillögur WTO án þess að til sérstakrar skerðingar á framlögum til landbúnaðarins þurfi að koma. Nánar er fjallað um landbúnaðarstefnu ESB í skýrslu um íslenskan landbúnað og ESB sem gefin var út af utanríkisráðuneytinu í nóvember 2003.

## 2.3 Fjárhagsstuðningur við landbúnað

### 2.3.1 Stuðningur samkvæmt opinberum gögnum

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands námu útgjöld hins opinbera (ríki og sveitarfélög) til landbúnaðarmála 11,3 milljörðum kr. á árinu 2002 og var það 3,3% af heildarútgjöldum hins opinbera það ár. Þar af voru beingreiðslur vegna framleiðslu mjólkur 3,9 milljarðar kr. árið 2002. Tafla 2-1 sýnir þróun útgjalda hins opinbera á árunum 1994-2002 á föstu verðlagi ársins 2002.

Tafla 2-1: Útgjöld hins opinbera 1994-2002 á föstu verðlagi ársins 2002, í milljónum kr.

Ár	Heildarútgjöld hins opinbera	Útgjöld hins opinbera til landbúnaðar*	Þar af bein-greiðslur í mjólk	Útgjöld til landb.mála % af heildarútgjöldum
1994	240.958	9.967	3.246	4,1%
1995	240.137	9.601	3.195	4,0%
1996	248.010	10.139	3.242	4,1%
1997	254.394	9.721	3.321	3,8%
1998	279.175	10.405	3.541	3,7%
1999	296.746	10.700	3.601	3,6%
2000	304.857	10.328	3.624	3,4%
2001	328.779	11.378	3.638	3,5%
2002	343.989	11.296	3.859	3,3%

Heimild: Hagstofa Íslands

\* 1) Búnaðargjald nam 287 m.kr. árið 2002.

2) Verðmiðlunargjald landbúnaðarvara nam 294 m.kr. árið 2002.

3) Fóðursjóður – fódurtollur vegna innflutnings nam 495 m.kr. árið 2002. Endurgreitt andvirði fódurtolls nam u.þ.b. 455 m.kr.

Þessi gjöld, samtals 1.076 milljónir kr. eru innheimt af landbúnaðinum skv. lagafyrirmælum og greidd, að mestu leyti, aftur út til greinarinnar og falla þá undir útgjöld hins opinbera til landbúnaðarmála.

Samkvæmt ríkisreikningi hafa beinar greiðslur vegna mjólkurframleiðslu aukist á tímabilinu. Þar má sjá að á árunum 1994-2002 hafa beinar greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækkað um 18,9% en á tímabili nógildandi samnings hafa þær hækkað um 9%.

Tölur Hagstofunnar um beingreiðslur í mjólk sýna upphæðir samkvæmt greiðslugrunni. Verðlagsnefnd búvara ákvarðar verðlagsgrundvöll kúabús og samkvæmt honum má reikna skuldbindingu ríkissjóðs vegna beingreiðslna í mjólk eftir árum, óháð því hvenær greiðsla fer fram. Tafla 2-2 sýnir skuldbindingar ríkisins vegna beingreiðslna til mjólkurframleiðenda í kr. og kr./lítra, bæði á verðlagi hvers árs og föstu verðlagi.

**Tafla 2-2:** Verðlagsgrundvöllur kúabús á tímabili nógildandi samnings.


Ár	Innvegin greiðslumarks- mjólk ltr	BEINGREIÐSLUR Í MJÓLK SKV. VERÐLAGSGRUNDEVELLI KÚABÚS		BEINGREIÐSLUR Í MJÓLK SKV. VERÐLAGSGRUNDEVELLI KÚABÚS	
		Á breytilegu verðl. kr.	Á föstu verðl. kr.	Á breytilegu verðlagi kr./ltr	Á föstu verðlagi kr./ltr
1998	105.175.015	3.035.158.463	3.685.904.385	29	35
1999	101.612.605	3.056.788.625	3.588.824.620	30	35
2000	102.073.664	3.254.792.302	3.638.959.148	32	36
2001	102.912.639	3.445.379.309	3.610.835.378	33	35
2002	105.425.057	3.799.659.795	3.799.659.795	36	36

Heimild: Verðlagsnefnd búvara

Tafla 2-2 sýnir að á föstu verðlagi hafa beingreiðslur í mjólk hækkað úr 3.686 milljónum kr. árið 1998 í 3.800 milljónir kr. árið 2002, sem er 3,1% hækkun á tímabilinu. Aukning hefur orðið á heildarframleiðslu mjólkur innan greiðslumarks og því má meta raungildi stuðnings við mjólkurframleiðsluna með því að reikna beingreiðslur á hvern lítra mjólkur. Þar kemur fram að reiknað á föstu verðlagi hafa beingreiðslur á hvern lítra hækkað um 2,8% á tímabilinu 1998-2002.


### 2.3.2 Verðmæti mjólkurframleiðslu vs. beingreiðslur

Verðmæti mjólkurframleiðslu hefur aukist um 18,8% á árunum 1994-2002. Mynd 2-1 sýnir heildarframleiðsluverðmæti mjólkur og beingreiðslur í mjólk. Í tölum um heildarframleiðsluverðmæti mjólkur er reiknað með afurðastöðvaverði, beingreiðslum og greiðslum fyrir umfram mjólk.

**Mynd 2-1:** Heildarframleiðsluverðmæti mjólkur og beingreiðslur í mjólk

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Beingreiðslur í mjólk sem hlutfall af framleiðsluverðmætum hafa haldist svipaðar frá 1999-2002 að undanskildu árinu 2000. Árið 2002 námu þær 46,2% af framleiðsluverðmætum mjólkur. Verðmæti umframmjólkur skýrir lækkandi hlutfall beingreiðslna frá árinu 1999. Mynd 2-2 sýnir hlutfall beingreiðslna af framleiðsluverðmæti mjólkur.

**Mynd 2-2:** Hlutfall beingreiðslna af framleiðsluverðmæti mjólkur.

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

### 2.3.3 Stuðningur samkvæmt skýrslum OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) reiknar árlega út stuðning við framleiðendur landbúnaðarvара fyrir aðildarlönd sín og þannig má meta stuðning við íslenskan landbúnað í alþjóðlegu samhengi. Reiknað er út svokallað PSE-gildi, sem er skammstöfun fyrir “Producer support estimate” (áður “Producer Subsidy Equivalent”)

og hefur verið kallað tekjuígildi stuðnings við framleiðendur. PSE er mælikvarði á árlegar peningalegar tilfærslur frá skattgreiðendum og neytendum til framleiðenda landbúnaðarafurða ásamt markaðsvernd, sem stafa af aðgerðum sem styðja við landbúnað, óháð eðli þeirra og tilgangi eða áhrifum á framleiðslu búanna eða tekjur. Tafla 2-3 sýnir heildarstuðning við landbúnað og stuðning við afurðir nautgriparæktar í löndum OECD á árunum 2000-2002. Í töflunni er PSE gefið upp sem hlutfallstala (%) og er það reiknað sem hlutfall af verðmæti framleiðslunnar á verði til framleiðenda að viðbættum beinum greiðslum að frádregnum gjöldum á framleiðsluna.

**Tafla 2-3:** Stuðningur við landbúnað árin 2000-2002, mælikvarði PSE (%)

Land	Heildar stuðningur í landbúnaði		Stuðningur við mjólkurframleiðslu		Stuðningur við nautgripakjötsframl.	
	2000-2002	1986-1988	2000-2002	1986-1988	2000-2002	1986-1988
Sviss	73	76	77	82	78	78
Noregur	68	70	75	75	80	75
Kórea	66	70	69	73	65	54
Ísland	63	75	75	82	58	61
Japan	59	61	77	84	32	44
ESB	35	40	44	57	73	55
OECD	31	38	46	59	33	32
Bandaríkin	21	25	48	60	5	6
Kanada	19	34	54	61	9	10
Tyrkland	18	15	32	35	50	16
Pólland	15	11	12	-11	-4	19
Ástralía	4	9	14	33	4	7
Nýja Sjáland	1	11	1	9	1	7

Heimild: OECD


Hlutfallslegt tekjuígildi stuðnings við búvöruframleiðendur hér á landi var að meðaltali 63% á árunum 2000-2002 og reyndust Sviss, Noregur og Kórea vera með meiri stuðning en Ísland á þessum árum. Sambærilegt gildi fyrir Ísland á árunum 1986-1988 var 75% sem var næst mesti stuðningur við landbúnað, aðeins Sviss hafði þá hærra gildi. Hlutfallslegur stuðningur við mjólkurframleiðsluna á Íslandi var 75% á árunum 2000-2002 en aðeins Sviss og Japan studdu mjólkurframleiðslu sína meira en Noregur stundaði jafn mikinn stuðning. Hlutfallslegur stuðningur við nautgripakjötsframleiðsluna var 58% á árunum 2000-2002, sem er lægra heldur en í Sviss, Noregi, Kóreu og hjá Evrópusambandinu.

Sú stefna stjórnvalda að draga úr beinum og óbeinum fjárhagslegum stuðningi við landbúnað hefur skilað sér, bæði í alþjóðlegum samanburði og sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs. Ísland skipar sér þó enn í sess þeirra OECD þjóða sem styðja sinn landbúnað mest og hvað mjólkurframleiðslu varðar eru Íslendingar ekki langt frá því að vera sú þjóð innan OECD sem styrkir mjólkurframleiðslu sína mest.

### 3 Innra umhverfi

Heildarvelta í landbúnaði samkvæmt gjaldstofni búnaðargjalds var 18,5 milljarðar kr. á árinu 2001. Nautgriparækin var stærsta búgreinin með 8,7 milljarða kr. eða 48%. Sauðfjárræktin er næst stærsta búgreinin með veltu upp á 4 milljarða kr. eða 22%. Mynd 3-1 sýnir skiptingu búvöruframleiðslunnar eftir búgreinum árið 2001.

**Mynd 3-1:** Skipting búvöruframleiðslunnar eftir búgreinum árið 2001, unnið eftir gjaldstofni búnaðargjalds.




Heimild: Ríkisskattstjóri

Samkvæmt Hagstofu Íslands störfuðu 4% vinnandi manna við landbúnað árið 2001 en hlutfallið hefur farið lækkandi síðustu ár. Meðalaldur bænda var 52 ár árið 2001.

#### 3.1 Mjólkurframleiðsla

Alls stunduðu 893 bú mjólkurframleiðslu í árslok 2003, þar af er um fjórðungur blönduð bú<sup>2</sup>. Búum sem stunda mjólkurframleiðslu hefur fækkað mikið og til samanburðar voru þau 1.509 árið 1991 og nemur fækkun búa á þessu tímabili um 41%. Heldur meiri fækkun hefur verið á blönduðum búum heldur en á hreinum kúabúum. Á sama tímabili hefur meðalinnlegg hvers mjólkurframleiðanda aukist úr 69.920 í 121.371 lítra eða um 74%. Mynd 3-2 sýnir fjölda búa og hvernig meðalgreiðslumark hefur þróast frá árinu 1991.

**Mynd 3-2:** Þróun mjólkurframleiðslunnar frá 1991




Heimild: Bændasamtök Íslands

<sup>2</sup> Skv. Bændasamtökum Íslands, hrein bú hafa 80% eða meira af virku greiðslumarki í mjólk.

Mynd 3-3 sýnir þróun greiðslumarks frá árinu 1993 en tæplega 20% bóa voru komin með greiðslumark yfir 200.000 lítra árið 2003 en árið 1997 voru þau aðeins um 4%. Stórum rekstrareiningum hefur því fjölgað nokkuð en ennþá eru um fjórðungur bóa með greiðslumark undir 100.000 lítra.


**Mynd 3-3:** Þróun stærðardreifingar kúabúa síðastliðin 10 ár, greiðslumark í lítrum



Heimild: Bændasamtök Íslands

Síðustu ár hefur verið talsverð aukning afurða á hvern grip í mjólkur- og kjötframleiðslu. Mynd 3-4 sýnir ársnyt skýrslufærðra<sup>3</sup> mjólkurkúa árin 1991-2003.

**Mynd 3-4:** Ársnyt skýrslufærðra mjólkurkúa í kg mjólkur 1991-2003



Heimild: Bændasamtök Íslands

<sup>3</sup> Uppýsingum um nyt er safnað með reglubundnum hætti og koma þær til sameiginlegs uppgjörs hjá Bændasamtökum Íslands. 87% framleiðslu ársins 2002 var frá búum með skýrsluhald, hlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár.



Aukning afurða hefur verið mest síðustu árin en yfir allt tímabilið nemur hún um 21%. Meginskýringar þess eru aukin kjarnfóðurnotkun, bætt gróffóðuröflun og kynbætur.

### 3.1.1 Endurnýjun fjósa

Landssamband kúabænda hefur tekið saman upplýsingar um þróun fjósgerða á landinu. Um mitt ár 1997 var gerð úttekt á fjósum á Íslandi þar sem könnuð var básategund og tæknibúnaður í fjósum. Í september 2003 var aftur á móti gerð könnun á stöðu fjósa og byggt á þekkingu dýralækna, ráðunauta og sæðingamanna á aðstæðum hjá kúabændum landsins. Nokkur þróun hefur orðið í fjósum á síðastliðnum 6 árum og hefur fjölgunin verið mest í legubásafjósum með mjaltabás. Jafnframt hafa á þessum árum bæst í hópinn legubásafjós með mjaltabjóni en ekkert slíkt fjós lenti í úrtakinu árið 1997. Algengasta fjósgerðin er básafjós en í september 2003 voru þau um 73% af öllum fjósum en á árið 1997 voru þau um 84%. Tafla 3-1 sýnir niðurstöður samantektar Landssambands kúabænda á þróun fjósgerða.

Tafla 3-1: Breytingar á fjósgerðum frá 1997 til 2003.

Fjósgerðir	September 2003		Júlí 1997	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Básafjós	635	73,1%	629	84,3%
Básafjós með mjaltabás	114	13,1%	90	12,1%
Legubásafjós með mjaltabás	107	12,3%	12	1,6%
Lausagöngufjós með mjaltabás	2	0,2%	15	2,0%
Legubásafjós með mjaltabjóni	11	1,3%	0	0,0%
Fjöldi fjósa skoðuð	869		746	

Heimild: Landssamband kúabænda

Ef tekið er mið af þróun í fjósgerðum héraðs og erlendis undanfarin ár má búast við að básafjósum muni fækka og áfram muni fjölga í flokki legubásafjósa. Jafnframt eru legubásafjósir oft stærri þannig að búast má við að hlutfall mjólkur sem framleidd er í legubásafjósum sé nokkuð hátt.

### 3.1.2 Tilfærsla greiðslumarks

Heildargreiðslumark mjólkur miðast við sölu á innanlandsmarkaði og er það ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu þess verðlagsárs. Greiðslumark mjólkur var tekið upp árið 1992 og flutningur þess milli lögbýla var jafnframt heimilaður. Í upphafi var heildargreiðslumark mjólkur 100 milljónir lítra en fyrir verðlagsárið 2002-2003 var það 106 milljónir lítra. Tafla 3-2 sýnir hversu mikið af greiðslumarki hefur skipt um eigendur á árunum 1992-2001 í frjálsri sölu. Þarna getur verið um að ræða sölu á sömu mjólkurlítrunum.

**Tafla 3-2:** Færsla á greiðslumarki milli býla með frjálstri sölu og heildargreiðslumark (þús. lítrar)

Verðlagsár	Aðilaskipti að greiðslumarki	Heildar greiðslumark	Hlutfall greiðslumarks sem hefur færst milli aðila
1993-1994	2.461	100.000	2,5%
1994-1995	1.972	101.000	2,0%
1995-1996	3.448	101.000	3,4%
1996-1997	2.907	102.000	2,9%
1997-1998	3.625	102.000	3,6%
1998-1999	3.413	103.000	3,3%
1999-2000	5.864	102.000	5,7%
2000-2001	5.576	103.000	5,4%
2001-2002	5.320	104.000	5,1%
2002-2003	4.595	106.000	4,3%
<b>Samtals</b>	<b>39.181</b>		

Heimild: Bændasamtök Íslands

Heildarvelta á greiðslumarki nam 39,2 milljónum lítra á verðlagsárunum 1993/1994 - 2002/2003. Á tímabilinu hættu tæplega 500 bú framleiðslu og er hluti af seldu greiðslumarki kominn til vegna þess. Tafla 3-3 sýnir handhafabreytingar á lögbýlum, á greiðslumarki mjólkur flokkaðar eftir ástæðum breytinga.

**Tafla 3-3:** Handhafabreytingar beingreiðslna mjólkur á lögbýlum verðlagsárin 93/94 – 01/02

Verðlagsár	Br. rekstrarform		Kaup		Leiga		Kynslóðaskipti		Samtals	
	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi
1993-1994			707.340	9	41.640	1	2.476.404	38	3.225.384	48
1994-1995	82.524	1	919.608	10			2.022.240	30	3.024.372	41
1995-1996	130.200	1	1.173.780	12			2.474.352	31	3.778.332	44
1996-1997	260.952	3	1.574.184	15			1.941.024	26	3.776.160	44
1997-1998	283.464	2	1.523.436	15	142.992	1	2.021.148	31	3.971.040	49
1998-1999	155.652	1	1.444.860	15	173.064	2	2.751.192	29	4.524.768	47
1999-2000	314.952	4	3.521.676	23	272.088	3	2.048.688	16	6.157.404	46
2000-2001	108.288	1	689.148	8	57.840	1	1.997.796	18	2.853.072	28
2001-2002	469.776	4	1.113.384	8			1.665.468	15	3.248.628	27
2002-2003	2.159.566	7	527.532	5	66540	1	1.496.880	11	4.250.518	24
<b>Samtals</b>	<b>1.805.808</b>	<b>17</b>	<b>12.667.416</b>	<b>115</b>	<b>687.624</b>	<b>8</b>	<b>19.398.312</b>	<b>234</b>	<b>38.809.678</b>	<b>398</b>

Heimild: Bændasamtök Íslands

Alls hefur greiðslumark sem nemur 38,8 milljónum lítra skipt um handhafa á verðlagsárunum 1993/1994 til 2002/2003. Stærsti hluti þess eða 19,4 milljón lítra skipti um handhafa vegna kynslóðaskipta á lögbýli. Þá fylgdu 12,7 milljón lítra við sölu á búrekstri til nýrra rekstraraðila (óskyldra), 1,8 milljón lítra skipti um handhafa vegna breytinga á rekstrarformi t.d. stofnun einkahlutafélaga og 688 þús. lítrar skiptu um handhafa vegna leigu á búinu. Athyglisvert er að einungis 140 bú, af um 1.500 sem voru starfandi árið 1992, hafa hvorki keypt né selt greiðslumark. Þessi bú eru áberandi minni en önnur bú í landinu og er meðalgreiðslumark þeirra ekki nema 65.148 lítrar. Ef litið er á stöðuna í dag þýðir þetta að um 84% starfandi búa í dag hafa annaðhvort keypt eða selt greiðslumark á síðustu 10 árum.

Reglur um afskriftir hafa haft nokkur áhrif á verð greiðslumarks. Heimilt er að niðurfæra greiðslumark á 5 árum eða um 20% árlega og afskriftin er frádráttarbær til skatts. Þegar um sölu á keyptu greiðslumarki er að ræða er heimilt að draga bókfært verð frá söluverði. Aftur á móti þegar um sölu á áunnu greiðslumarki er að ræða gildir regla um útreikning á skattskyldum hagnaði af ófyrnanlegum eignum, þ.e. að

telja helming söluverðs til skattskylds hagnaðar. Þeim ákvæðum laga um tekju- og eignaskatt sem fjalla um heimildir til að færa rekstrartap á milli ára hefur verið breytt á samningstímanum. Nú eru ákvæðin þannig að rekstrartap getur nýst í tíu ár á undan rekstrarári en það er ekki verðtryggt. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhrif þessara heimilda til niðurfærslu greiðslumarks á verð þess, eða hvernig þessar heimildir koma við einstaka hópa framleiðenda.


### 3.2 Mjólkurafurðir

Á gildistíma nágildandi samnings varð til nýtt mjólkurvinnslufyrirtæki, Norðurmjólk ehf. með höfuðstöðvar á Akureyri. Það varð til við samruna mjólkursamlaganna á Akureyri og Húsavík auk Grana sem er einkahlutafélag í eigu bænda á svæði hins nýja fyrirtækis. Í dag eiga mjólkurframleiðendur allar starfandi afurðastöðvar að einni undanskilinni, sem er í eigu blandaðs samvinnufélags. Afurðastöðvarnar reka hagsmunasamtök, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, og er hlutverk þeirra að sjá til þess að afurðastöðvarnar í landinu séu reknar á sem hagkvæmastan hátt. Auk þess rekur mjólkuriðnaðurinn sameiginleg sölusamtök, Osta og smjörsöluna sf. og annast hún sölu og dreifingu á viðbiti, ostum og mjólkurdufti.

Í samningum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar hefur verið gerð krafa um hagræðingu í mjólkuriðnaðinum. Til að mæta þeirri kröfu hafa afurðastöðvarnar skipt með sér verkum þannig að hver afurðastöð sérhæfir sig í framleiðslu á ákveðnum vörutegundum. Þannig hafa mjólkurbú á Norðurlandi lagt meiri áherslu á vörur sem hafa minna rúmmál vegna þess að þær þarf að flytja lengri vegalengd á markað á meðan mjólkurbúin sunnan- og vestanlands hafa lagt meiri áherslu á ferskvörur af ýmsu tagi þar sem rúmmálsminnkunin verður ekki eins mikil við vinnslu.

Afkastageta í mjólkuriðnaði hefur um nokkurt skeið verið nokkru meiri en þörf hefur verið fyrir og hefur mjólkurbúum því verið fækkað í hagræðingarskyni. Mynd 3-5 sýnir þær afurðastöðvar sem starfandi voru árið 1992 og hverjar hafa nú hætt störfum.

Mynd 3-5: Þróun og staða afurðastöðva



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Árið 1992 voru 15 mjólkurbú starfandi í landinu en í lok árs 2003 var fjöldi þeirra kominn í 9. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja að þessi fækkun hafi lækkað vinnslukostnað í greininni um 250 - 300 m.kr. árlega. Mjólkurbúin taka öll á móti mjólk frá framleiðendum á sínu svæði. Tafla 3-4 sýnir innvigtun mjólkur eftir mjólkurbúum á árunum 1991-2002.

Tafla 3-4: Innvigtun mjólkur eftir mjólkurbúum 1991-2002 (í þús. lítrum)

	1991	1993	1996	1999	2002	Breyting
Ms. Reykjavík	4.192	3.864	13.163	13.206	13.122	213%
Ms. Borgarnesi	9.764	9.255	9.591			
Ms. Búðardal	3.115	3.637	3.806	3.943	4.899	57%
Ms. Patreksfirði	1.029	275				
Ms. Ísafirði	1.694	1.540	1.331	1.304	1.219	-28%
Ms. Hvammst.	2.551	2.410	2.463	2.540	1.838	-28%
Ms. Blönduósi	4.062	3.701	4.012	4.357	4.310	6%
Ms. Sauðárkróki	8.526	7.834	8.662	9.555	10.339	21%
Ms. Akureyri	20.464	19.486	19.558	20.974	25.392	24%
Ms. Húsavík	6.201	5.780	6.241	6.822	2.290	-63%
Ms. Vopnafirði	771	763	845	752	778	1%
Ms. Egilsstöðum	2.921	2.653	2.819	3.339	3.622	24%
Ms. Norðfirði	626	602	542	496		
Ms. Hornafirði	1.865	1.575	1.736			
Mb. Flóamanna	37.729	36.540	36.464	39.906	42.951	14%
<b>Samtals</b>	<b>105.510</b>	<b>99.915</b>	<b>111.233</b>	<b>107.194</b>	<b>110.760</b>	<b>5,0</b>

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Aukning er í mjólkurinnleggi hjá öllum mjólkursamlögum nema á Ísafirði, en búin á Hvammstanga og Húsavík hafa nú verið lögð niður. Langmest er aukningin hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík en einnig er nokkur aukning hjá Mjólkursamsölunni í Búðardal. Mikil aukning í innvigtun á einstaka stöðum á sér fyrst og fremst skýringar í fækkun afurðastöðva þar sem innvegin mjólk þeirra sem aflagðar eru vigtast inn í þær afurðastöðvar sem sýna hvað mesta aukningu á tímabilinu.

### 3.2.1 Samkeppnismál

Í núgildandi samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu eru ákvæði um afurðaverð sem hafa valdið því að réttaróvissa ríkir um starfsemi mjólkuriðnaðarins. Í 6. gr., lið 6.3 segir:

*“Verðlagsnefnd skal strax við upphaf starfs síns hefja aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda að breyttu rekstrarumhverfi og viðskiptaháttum. Slíkri aðlögun einstakra vörutegunda skal lokið eigi síðar en 30. júní 2001, en þá skal Verðlagsnefnd hætta verðlagningu mjólkur og mjólkurvara í heildsölu.”*

Þessu ákvæði var frestað til 1. júlí 2004 og fellur heildsöluverðlagning mjólkur því enn undir búvörulögin. Ákvæði búvörulaga um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara eru sérákvæði sem ganga framur ákvæðum almennra samkeppnislaga. Afurðastöðvarnar hafa nýtt sér heimild í 13. og 22. gr. búvörulaga nr. 99/1993 um verðtilfærslu mjólkur og mjólkurafurða. Samkvæmt þeim ákvæðum getur verðlagsnefnd heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða og innheimta í þeim tilgangi verðtilfærslugjald á hvern lítra mjólkur innan greiðslumarks. Þeir fjármunir sem innheimtast greiðast svo út á tilteknar mjólkurafurðir í sölu innanlands. Einnig er í 71. gr. áðurnefndra laga nr.

99/1993 heimild afurðastöðva til að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara. Samkeppnisstofnun hefur gefið út það álit sitt að ákvæði 13., 22. og 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993 samrýmist ekki ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun óskað eftir því að framangreindum ákvæðum búvörulaga verði vikið til hliðar að nokkru marki vegna ákvæða samkeppnislaga en það hefur landbúnaðarráðuneytið ekki fallist á. Því má segja að réttaróvissa ríki um það lagaumhverfi sem mjólkuriðnaður mun starfa í ef opinber verðlagning fellur niður, að óbreyttum lögum.

Í núgildandi samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er hins vegar samið um að framangreind ákvæði laga nr. 99/1993 verði virk allan gildistíma samningsins og að verðtilfærsla og verkaskipting milli mjólkursamlaga verði heimil á grundvelli þeirra en samningurinn gildir til loka verðlagsársins 2005.

Forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins telja að sá árangur sem náðst hefur undanfarin ár byggist á heildarskipulagi og verkaskiptingu milli samlaga. Opinber verðákvörðun hefur reynst vel en er þó ávallt háð afstöðu starfandi stjórnvalda á hverjum tíma. Til þess ber einnig að líta að opinberar verðákvæðanir eru almennt á undanhaldi. Mikilvægt er að eyða þeirri réttaróvissu sem mjólkuriðnaðurinn býr við svo hann geti fótað sig í því umhverfi sem hann á að starfa í.

## 4 Markaður

### 4.1 Markaður fyrir mjólk og mjólkurafurðir

Í alþjóðlegum samanburði er staða mjólkur og mjólkurvara sterk á Íslandi hvað mjólkurneyslu varðar. Tafla 4-1 sýnir sölu á mjólkurvörum á árunum 1992-2003.

**Tafla 4-1:** Sala á mjólkurvörum í 1000 kg eða lítrum


	1992	1995	1998	2001	2003	Breyting (%)
Mjólk (ltr)	49.005	46.248	44.743	43.185	42.454	-13
Rjómi (ltr)	1.897	1.949	1.936	2.074	2.172	14
Jógúrt (ltr)	2.557	2.579	3.116	2.894	3.515	37
Skyr og kvarg (kg)	1.358	1.387	1.335	2.492	2.586	90
Aðrar ferskv. (ltr)	424	347	421	407	398	-6
Viðbit (kg)	1.637	1.656	1.575	1.499	1.447	-12
Ostur (kg)	3.062	3.556	3.839	4.301	4.330	41
Duft (kg)	482	565	623	662	630	31

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Sala drykkjarmjólkur hefur dregist saman um 13% á tímabilinu, sala á viðbiti um 12% og aðrar ferskvörur um 6%. Aftur á móti hefur verið söluaukning á rjóma um 14%, jógúrti um 37%, skyri um 90%, ostum um 41% og á mjólkurdufti um 31%.


Sé tekið tillit til þróunar á fjölda íbúa í landinu frá árinu 1992 hefur sala drykkjarmjólkur á íbúa dregist saman um 22%. Mynd 4-1 sýnir heildarsölu drykkjarmjólkur á íbúa á árabílinu 1992-2003 og mynd 4-2 sýnir sölu mjólkurvara á íbúa 1992 til 2003.

**Mynd 4-1:** Heildarsala drykkjarmjólkur á íbúa, 1992-2003.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Mynd 4-2: Sala mjólkurvara á íbúa 1992-2003



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Söluaukning hefur verið í öllum mjólkurvörum, á mælikvarðanum sala á íbúa, nema á rjóma, viðbiti og öðrum ferskvörum.

Sala mjólkur og mjólkurvara er oft umreiknuð í magn hrámjólkur sem þarf til að búa til hverja afurð, annarsvegar eftir fituinnihaldi mjólkurinnar og hinsvegar eftir próteininnihaldi.

Tafla 4-2 sýnir sölu mjólkur m.v. fitu- og próteininnihald síðastliðin 10 ár. Þar má sjá að miðað við fituinnihald hefur sala mjólkur dregist saman um 0,7% en aftur á móti aukist um 8% miðað við próteininnihald.

**Tafla 4-2:** Sala á verðlagsárunum 92/93 til 01/02 umreiknuð á fitu og prótein m.v. gildandi stuðla hverju sinni


Verðlagsár	Sala m.v. fitu	Sala m.v. prótein
92/93	97.679	98.392
93/94	100.352	101.738
94/95	100.162	100.299
95/96	100.241	101.879
96/97	97.814	101.505
97/98	99.895	103.099
98/99	98.798	103.026
99/00	98.630	105.586
00/01	98.565	106.975
01/02	97.003	106.285
02/03	96.170	106.649
<b>Breyting</b>	<b>-1,54%</b>	<b>8,39%</b>

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Fram til ársins 1994 var nokkuð gott jafnvægi í sölu mjólkur á prótein- og fitugrunni en síðan varð mikil aukning í sölu á próteingrunni en samdráttur í sölu á fitugrunni. Þetta skýrist af söluaukningu á magrari mjólkurvörum en samdrætti í sölu á feitum vörum. Sú mjólkurfita sem safnast upp hefur verið seld á erlenda markaði sem smjör

en útflutningsverð smjörs nam 88 kr./kg árið 2002. Mynd 4-3 sýnir hvernig mjólk var ráðstafað í einstakar vörutegundir miðað við próteininnihald og fituinnihald á árinu 2003.

**Mynd 4-3:** Ráðstöfun mjólkur miðað við prótein og fitu á árinu 2003.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

#### 4.1.1 Verðmyndun mjólkur

Grundvallarverð mjólkur er það verð sem framleiðendur fá í sinn hlut og skiptist það í beingreiðslur úr ríkissjóði og afurðastöðvaverð. Beinrar greiðslur til bænda úr ríkissjóði nema 47,1% af grundvallarverðinu en afurðastöðvar greiða 52,9%. Tafla 4-3 sýnir þróun á grundvallarverði mjólkur á árunum 1993-2002 á verðlagi hvers árs en Tafla 4-4 sýnir greiðslur til mjólkurframleiðenda á föstu verðlagi ársins 2002.

**Tafla 4-3:** Greiðslur til mjólkurframleiðenda 1. september ár hvert

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting
Beingreiðsla, kr/líttra	24,77	24,77	24,62	25,79	27,44	28,86	30,09	31,89	33,48	35,81	44,60%
Afurðastöðvaverð lögb., kr/líttra	27,81	27,81	27,66	28,97	30,81	32,41	33,79	35,81	37,6	40,23	44,70%
Útborgað verð, kr/líttra	27,81	27,81	27,66	28,97	31,81	34,41	36,79	37,85	38,6	41,73	50,10%
<b>Grundvallarverð*, kr/líttra</b>	<b>52,58</b>	<b>52,58</b>	<b>52,28</b>	<b>54,76</b>	<b>58,25</b>	<b>61,27</b>	<b>63,88</b>	<b>67,7</b>	<b>71,08</b>	<b>76,04</b>	<b>44,60%</b>

\*Lágmarksverð frá 1998

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

**Tafla 4-4:** Greiðslur til mjólkurframleiðenda 1. september ár hvert, á föstu verðlagi ársins 2002.


	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting
Beingreiðsla, kr/líttra	32,86	32,38	31,64	32,42	33,88	35,05	35,33	35,65	35,09	35,81	8,98%
Afurðastöðvaverð lögb., kr/líttra	36,89	36,35	35,55	36,41	38,04	39,36	39,67	40,04	39,41	40,23	9,05%
Útborgað verð, kr/líttra	36,89	36,35	35,55	36,41	39,27	41,79	43,19	42,32	40,45	41,73	13,11%
<b>Grundvallarverð*, kr/líttra</b>	<b>69,75</b>	<b>68,73</b>	<b>67,19</b>	<b>68,83</b>	<b>71,92</b>	<b>74,41</b>	<b>75,00</b>	<b>75,69</b>	<b>74,49</b>	<b>76,04</b>	<b>9,02%</b>

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Verðmyndun mjólkurlíttra sem kostaði í smásölu 85 kr. þann 1. september 2002 er eftirfarandi: Greiðsla afurðastöðvar til bónda kr. 40,23, vinnslu- og dreifingarkostnaður kr. 26,25 (-1,5 kr. sem greitt er bændum í formi arðs), smásöluálagning kr. 8,10 og virðisaukaskattur kr. 10,44.



Mynd 4-4: Verðmyndun mjólkurlíttra (nýmjólk) í september 2002




Heimild: Útreikningar Hagþjónustu landbúnaðarinnar

Verðin sem tilgreind eru hér á undan sýna þó ekki raunverulegan kostnað því fyrir hvern mjólkurlíttra, sem framleiddur var innan greiðslumarks viðkomandi bú, fengu mjólkurframleiðendur kr. 35,81 í beingreiðslu frá ríkissjóði. Kostnaður hvers mjólkurlíttra var því 120,81 kr. (85 kr. + 35,81 kr. beingreiðsla) árið 2002. Aftur á móti innheimtir ríkissjóður virðisaukaskatt (14%) af hverjum seldum mjólkurlíttra og er raunkostnaður fyrir hvern framleiddan mjólkurlíttra því 110,45 kr. (85 kr. + 35,81 kr. beingreiðsla – 10,36 kr. virðisaukaskattur).

#### 4.1.2 Þróun smásölu- og heildsöluverðs

Sala á hvern íbúa hefur aukist á síðastliðnum áratug fyrir flestar mjólkurvörur aðrar en drykkjarmjólk, rjóma og viðbit. Áhugavert er því að skoða þróun smásölu- og heildsöluverðs helstu mjólkurvara í samanburði við vísitölu neysluverðs.

Mynd 4-5: Þróun vísitölu nokkurra mjólkurvara í smásölu og vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4-5 sýnir þróun smásöluverðs nokkurra mjólkurvara frá september 1998. Þar má sjá að nýmjólk, léttmjólk og undanrenna hafa hækkað minna en vísitala

neysluverðs en jógúrt, ostar og aðrar mjólkurafurðir hafa hækkað meira. Smásöluverð mjólkur hefur hækkað um 17,8% og smásöluverð léttmjólkur hækkaði um 20,2% en á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 25,8%. Jógúrt hækkaði um 34,7%, ostar hækkuðu um 29,8% og aðrar mjólkurafurðir um 27,5%. Smásöluverð á smjöri hefur verið sveiflukennt innan árs og að jafnaði lægst í desembermánuði en hækkinin hefur numið 21% á tímabilinu.

**Mynd 4-6:** Þróun heildsöluverðs nokkurra mjólkurvara og vísitala neysluverðs



Úrvinnslugjald var lagt á fernur 1. mars 2003.

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Mynd 4-6 sýnir þróun á heildsöluverði einstakra vörflokka mjólkurvara frá september 1998 samanborið við þróun meðalvísitölu neysluverðs hvers árs. Þar má sjá að þróunin er svipuð og þróun smásöluverðs eða að nýmjólk, léttmjólk og undanrenna hafa hækkað minna en vísitala neysluverðs en jógúrt, ostar og smjör meira. Heildsöluverð á jógúrti hækkaði um 26,7%, heildsöluverð á osti um 26,6% og heildsöluverð á smjöri um 27,5%. Heildsöluverð á mjólk hefur hækkað um 21,7%, á léttmjólk og undanrennu um 23,4% og heildsöluverð annarra vara um 23,8,1%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 24%.

#### 4.1.3 Innflutningur/útflutningur

Innflutningur mjólkurvara hefur aukist nokkuð í kjölfar landbúnaðarsamnings við WTO en núgildandi samningur tók gildi árið 1995. Fyrst og fremst hefur innflutningur verið á ýmiskonar ostum og jógúrti en tafla 4-6 sýnir magn innfluttrar mjólkur og mjólkurvara frá árinu 1995.

**Tafla 4-5:** Innflutningur á mjólk og mjólkurvörum í tonnum 1995-2002.

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Ferskar mjólkurvörur	10	6	59	27	56	394	189	113
Viðbit	0	0	1	1	0	0	0	4
Ostar	42	98	88	94	98	162	107	131
Duft	0	0	1	0	0	0	0	1
<b>Samtals</b>	<b>52</b>	<b>104</b>	<b>149</b>	<b>122</b>	<b>155</b>	<b>556</b>	<b>297</b>	<b>248</b>

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Sé magn innfluttra mjólkurvara umreiknað í mjólk miðað við fitu fyrir árið 2002 nam innflutningurinn um 1.141 þús. lítrum sem samsvarar 1.272 þús. lítrum miðað við prótein. Heildarinnflutningur nam á árinu 2002 um 1,2% markaðarins en það jafngildir framleiðslu 10 meðalbúa.

Vörur sem fluttar eru inn skv. svokölluðum lágmarksmarkaðsaðgangi í landbúnaðarsamningi WTO eða tollkvótum bera talsvert lægri aðflutningsgjöld en vörur sem fluttar eru inn án tollkvóta. Tafla 4-6 sýnir tollnúmer, vörumagn, verð- og magntoll mjólkurafurða sem fluttar eru inn samkvæmt lágmarksaðgangi landbúnaðarvara. Til samanburðar eru sýndir þeir tollar sem leggjast á sömu vörur séu þær fluttar inn án tollkvóta.

**Tafla 4-6:** Tollar á innfluttar mjólkurvörur, innan tollkvóta á tímabilinu 01.07.03-30.06.04 og utan tollkvóta skv. tollskrá 2002

Vara	Innan tollkvóta			Utan tollkvóta	
	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Smjör og önnur fita fengin úr mjólk</i>	53.000				
0405.xxxx Smjör og önnur fita		0	210	30	623
<i>Ostur og ystingur</i>	119.000				
0406.1000 Nýr ostur, mysuostur o.fl.		0	149	30	430
0406.2000 Hvers konar rifinn eða mulinn ostur		0	149	30	430
0406.3000 Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn		0	112	30	430
0406.4000 Gráðostur		0	171	30	500
0406.9000 Annar ostur		0	167	30	500

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið

Það magn sem nú er flutt inn á tollkvótum hefur hingað til ekki haft afgerandi áhrif á markaðsstöðu innlendra mjólkurvara. Lítið sem ekkert hefur verið flutt inn af smjöri en mikil ásókn hefur aftur á móti verið í tollkvóta fyrir osta. Nánast enginn innflutningur hefur verið á ferskri mjólk en slíkar vörur bera 30% verðtoll og magntoll sem nemur 44 kr./kg. Sama má segja um mjólkurduft en undanrennuduft ber 30% verðtoll og 344 kr./kg magntoll og nýmjólkurduft ber 30% verðtoll og 430 kr./kg magntoll.

Samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið bera jógúrt og aðrar vörur unnar úr hleyptri eða sýrðri mjólk engan verðtoll við innflutning frá löndum EES og magntoll sem segir í töflu 4-7.

**Tafla 4-7:** Tollar á innfluttar mjólkurvörur samkvæmt ákvæðum EES samningsins

Tollnúmer	Vörulýsing	Tollur (kr/kg)
O403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói.	
0403-1011	- Jógúrt með kakaói	53
0403-1012	- Jógúrt með ávöxtum eða hnetum	53
0403-1013	- Jógúrt, bragðbætt, ót.a.	53
0403-1021	- Drykkjarjógúrt, kakaóblönduð	51
0403-1022	- Drykkjarjógúrt blönduð með ávöxtum eða hnetum	51
úr 0403-1029	- Drykkjarjógúrt, bragðbætt, ót.a.	51
0403-9011	- Annað kakaóblandað	45
0403-9012	- Annað blandað með ávöxtum eða hnetum	45
0403-9013	- Annað, bragðbætt, ót.a.	45
0403-9021	- Önnur drykkjarvara kakaóblönduð	45
0403-9022	- Önnur drykkjarvara blönduð með ávöxtum eða hnetum	45
úr 0403-9029	- Önnur drykkjarvara, bragðbætt, ót.a.	45

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið

Útflutningur mjólkurvara hefur verið mjög takmarkaður eftir að útflutningsbætur lögðust af árið 1992. Fyrst og fremst hefur verið um útflutning á smjöri á heimsmarkaðsverði að ræða vegna umframbirgða sem skapast hafa vegna misvægis milli fitu og próteins í framleiðslunni miðað við sölu. Tafla 4-8 sýnir magn útfluttra mjólkurvara frá árinu 1995.

**Tafla 4-8:** Útflutningur á mjólk og mjólkurvörum í tonnum 1995-2002

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Ferskar mjólkurvörur	0	0	0	20	15	14	9	5
Viðbit	89	25	91	15	564	236	563	612
Ostar	0	78	0	0	136	0	0	0
Duft	0	0	0	0	0	106	0	0
<b>Samtals</b>	<b>89</b>	<b>103</b>	<b>91</b>	<b>35</b>	<b>715</b>	<b>356</b>	<b>572</b>	<b>617</b>


Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

## 5 Nautgripakjöt

### 5.1 Nautgripakjötsframleiðsla

Meginhluti nautgripakjötsframleiðslunnar er hliðarframleiðsla með mjólkurframleiðslu en ætla má að 30-40 bændur stundi nautgripakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein. Að jafnaði kemur stór hluti þess hágæðakjöts sem framleitt er frá bændum sem stunda nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein, enda byggja þeir oftast framleiðslu sína á holdagripum. Síðustu ár hefur þó fjölgað þeim mjólkurframleiðendum sem leggja minni áherslu á eldi nauta sem fæðast á búunum. Mynd 5-1 sýnir framleiðslu nautgripakjöts á árunum 1991 til 2003. Þar má sjá að framleiðsla nautgripakjöts hefur verið nokkuð stöðug.


Mynd 5-1: Framleiðsla nautgripakjöts 1991-2002 í tonnum



Heimild: Bændasamtök Íslands

Aukning hefur orðið í framleiðslu gæðakjöts (UN úrval) og fallþungi gripa hefur stóraukist. Mynd 5-2 sýnir skiptingu nautgripakjötsframleiðslunnar árið 2003.

Mynd 5-2: Nautgripakjötsframleiðslan árið 2003



Heimild: Landssamband kúabænda

Framleiðslukostnaður nautgripakjöts er tiltölulega hár hér á landi þar sem framleiðslan byggir að mestu á innlendri fôðurframleiðslu sem er eðli málsins samkvæmt hærri en fôðurstofnaður erlendis, m.a. vegna legu landsins. Veðráttan veldur því að innistöðutími nautgripa hér á landi er langur miðað við suðlægari lönd sem eykur kostnað við framleiðsluna. Framleiðsluferillinn er lengri en fyrir annað kjöt, u.þ.b. 20-24 mánuðir frá því gripirnir fæðast og gerir það m.a. að verkum að erfðara er að svara breytingum í rekstarumhverfinu í samanburði við aðrar kjöttegundir, sem margar eru aðeins með 4-6 mánaða framleiðsluferil. Þannig hefur vandinn verið sá að aðlögun að markaðnum hefur gengið fremur illa og gripir safnast upp á búunum, þar sem eingöngu er slátrað því magni sem markaðurinn getur tekið við. Nautgripakjötsframleiðslan hefur ekki notið opinbers stuðnings á sama hátt og dilkakjötsframleiðslan og er íslenska nautgripakjötsframleiðslan nú sú eina innan EES svæðisins sem ekki nýtur opinbers stuðnings.

Þó lega landsins valdi því að framleiðslukostnaður nautgripakjöts sé hærri en í flestum öðrum löndum hefur hún jafnframt jákvæða þætti sem skapa íslenska nautgripakjötinu nokkra sérstöðu. Sökum veðráttu og dreifðrar framleiðslu eru vaxtarskilyrði smitefnis og illgresis verri hér á landi og minni notkun eiturefna því samfara. Sjúkdómar í búfé eru einnig færri hér en í flestum öðrum löndum sökum einangrunar landsins og strangra reglna varðandi innflutning. Þessir þættir hafa orðið til þess að ýta undir ímynd hreinleika íslenska kjötsins.

## 5.2 Markaður fyrir nautgripakjöt

Tafla 5-1 sýnir neyslu nautgripakjöts árin 1991-2002 og neyslu nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneslu í landinu á sama tímabili. Neysla nautgripakjöts jókst um 18% á tímabilinu en heildarkjötnesla jókst um tæp 32%. Neysla nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneslu hefur þannig lækkað úr 19,6% árið 1991 í 17,6% árið 2002.

Tafla 5-1: Neysla nautgripakjöts í samanburði við heildarkjötsölu 1991-2002


	Neysla tonn	Neysla á íbúa, kg	Kjötnesla alls, tonn	Nautgr.kjöt hlutfall
1991	3.120	12,1	15.906	19,6%
1992	3.357	13,1	16.284	20,6%
1993	3.126	12,1	16.271	19,2%
1994	3.252	12,2	15.628	20,8%
1995	3.160	11,8	15.960	19,8%
1996	3.276	12,2	16.345	20,0%
1997	3.436	12,7	16.620	20,7%
1998	3.513	12,8	17.573	20,0%
1999	3.663	13,2	18.747	19,5%
2000	3.621	12,9	19.352	18,7%
2001	3.674	12,9	19.987	18,4%
2002	3.688	12,8	20.959	17,6%

Heimild: Bændasamtök Íslands

Opinber verðákvörðun á nautgripakjöti var afnumin 1. júní 1998 og heildsöluverðlagning gefin frjáls. Eftir þá breytingu hefur markaðurinn ráðið verðlagningu og hefur samkeppni á kjötmarkaði verið hörð. Hörð samkeppni og offramboð á kjöti hafa valdið því að verð á kjöti hefur lækkað mjög mikið og er staða kjötframleiðenda nú alls ekki vænleg. Síðastliðin ár hefur afurðaverð nautgripakjöts

lækkað mikið og hefur nú um hríð verið verulega undir framleiðslukostnaði. Á sama tíma hefur verið á nautgripakjöti til neytenda hækkað verulega. Mynd 5-3 sýnir þróun verðs á nautgripakjöti til bænda og til neytenda og vísitölu neysluverðs til samanburðar.

**Mynd 5-3:** Þróun verðs á nautgripakjöti, á verðlagi hvers árs, til bænda annars vegar og til neytenda hins vegar ásamt vísitölu neysluverðs.



Heimild: Hagstofa Íslands og Bændasamtök Íslands

Athyglisvert er að skoða þróun skilaverðs til bænda og smásöluverðs eftir að álagning á heildsölustigi var gefin frjáls árið 1998, þar sem sífellt meiri munur kemur þar fram.

### 5.2.1 Innflutningur nautakjöts

Innflutningur nautakjöts hefur verið nokkuð sveiflukenndur og innflutningur á hráu nautakjöti dróst verulega saman árið 2001 þegar umræðan um kúariðu stóð sem hæst. Tafla 5-2 sýnir innflutning á nautakjöti árin 1995-2002. Hluttur innflutts nautakjöts var 0,7% af heildarneyslunni árið 2002.

**Tafla 5-2:** Innflutningur á nautgripakjöti 1995-2002, tonn

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Hráar vörur		0,2		10,1	11,8	28,0	4,3	23,8
Unnar vörur		1,6	3,4	3,6	4,1	0,7	2,4	2,4
<b>Samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>1,8</b>	<b>3,4</b>	<b>13,7</b>	<b>15,9</b>	<b>28,7</b>	<b>6,7</b>	<b>26,2</b>

Heimild: Hagstofa Íslands

Á tímabilinu 1995-2002 hefur verið úthlutað tollkvótum fyrir innflutning á nautakjöti en hingað til hefur innflutt magn verið talsvert lægra en það magn sem er til úthlutunar. Tafla 5-3 sýnir tollnúmer, vörumagn, verð- og magntoll á nautakjöti sem flutt er inn á tollkvótum. Til samanburðar má sjá hvaða tollar leggjast á sömu vörur séu þær fluttar inn án tollkvóta.

**Tafla 5-3:** Tollar á innflutt nautgripakjöt, innan tollkvóta á tímabilinu 1. júlí 2003 – 30. júní 2004 og án tollkvóta skv. tollskrá.

Tollnúmer:	Vara	Innan tollkvóta			Utan tollkvóta	
		Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>	95.000				
0202.3002	Lundir		0	522	30	1462
0202.3003	Hryggvöðvar		0	522	30	1087
0202.3004	Vöðvar af læri		0	522	30	1014
	<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:</i>					
0210.2001	Beinlaust		0	318	30	1462

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið



## 6 Afkoma í greininni

Við umfjöllun um afkomu í greininni er annars vegar fjallað um afkomu mjólkurframleiðenda, kafla 6.1 og hins vegar um afkomu mjólkuriðnaðar, kafla 6.2.


### 6.1 Afkoma framleiðenda

Við greiningu á afkomu mjólkurframleiðenda byggir nefndin á tveimur gagnasöfnum. Annars vegar var stuðst við hin opinberu gögn Hagbjónustu landbúnaðarins um afkomu samkvæmt niðurstöðum búreikninga fyrir sérhæfð kúabú árin 1998-2002, hér nefnt gagnasafn 1. Hins vegar vann Hagbjónusta landbúnaðarins gögn úr niðurstöðum búreikninga þar sem rakin er afkoma sömu 31 kúabúanna árin 1998-2002, hér nefnt gagnasafn 2. Þetta var gert til þess að fá betri upplýsingar um afkomu framleiðenda á tímabili nógildandi búvörusamnings þar sem rekstur búa getur verið misjafn. Það þótti því gagnlegt að bera saman sömu bú samhliða því að skoða hinar almennu niðurstöður búreikninga sem byggja á stærra safni en ekki endilega sömu búum milli ára.

#### 6.1.1 Afkoma samkvæmt niðurstöðum búreikninga - sérhæfð kúabú

Hagbjónusta landbúnaðarins vinnur árlega uppgjör búreikninga sem byggir á bókhaldsgögnum sérhæfðra kúabúa. Sérhæfð kúabú eru skilgreind sem bú sem hafa að lágmarki 70% af reglulegum tekjum sínum af nautgripaafurðum. Tafla 6-1 sýnir rekstraryfirlit sérhæfðra kúabúa fyrir árin 1998-2002. Fjöldi búa til grundvallar rekstraryfirlitinu var um 200 árin 1998-2000 en árið 2002 fækkaði þeim nokkuð sökum erfiðleika við upplýsingaöflun<sup>4</sup>. Með hliðsjón af þessu er mat nefndarinnar, að varhugavert sé að draga of sterkar ályktanir út frá árinu 2002 í samanburði við fyrri ár.

**Mynd 6-1:** Stærð sérhæfðra kúabúa í gagnagrunni búreikninga 1998-2002 skv. innveginni mjólk



Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins

<sup>4</sup> Skýringar Hagbjónustu landbúnaðarins með uppgjóri sérhæfðra kúabúa í búreikningum 2002: Úrtak búreikningsbúa sem árlega kemur til uppgjors hjá Hagbjónustu landbúnaðarins breytist hverju sinni innbyrðis. Rekstrarupplýsingar frá búum sem eru með í uppgjóri tiltekins árs eru því ekki endilega með í uppgjóri næsta árs. Þannig er hlutfall sömu búa á árinu 2002 sem jafnframt komu til uppgjors á árinu 2001, tæplega 71%. Erfiðleikar við söfnun búreikninga ársins 2002 leiddu m.a. til þess að sérhæfðum kúabúum sem komu til uppgjors fækkaði í 119 úr 168 samanborið við árið á undan. Samfara þessari fækkun riðlaðist vægi fjölda búa eftir landshlutum sem annars hefur verið svipað í uppgjörum árunna 1998 til 2001. Þetta er megin skýring þess að einstakir liðir [einkum] í efnahagsyfirliti búanna taka meiri breytingum til hækkunar á árinu 2002 miðað við fyrri ár.

Meðalgreiðslumark búanna var 95,5 þús. lítrar árið 1998 en var 137,5 þús. lítrar árið 2002. Þessi þróun endurspeglast í breyttri stærðarsamsetningu bóa í uppgjörinu. Þannig var ekkert bú sem kom til uppgjors í búreikningum með meira en 192 þús. lítra framleiðslu 1998 en eru 15% árið 2002. Að sama skapi hefur búum með minna en 104 þús. lítra framleiðslu í uppgjörinu fækkað úr því að vera 69% af búum í uppgjörinu í 17%. Búin sem liggja að baki uppgjöri Hagbjónustunnar hafa að jafnaði framleitt rösklega 20% af innveginni mjólk á landinu, þó minna árið 2002 eða rösklega 16%.

**Tafla 6-1:** Upplýsingar úr rekstrar- og efnahagsyfirlitum á sérhæfðum kúabúum 1998-2002 ásamt upplýsingum um fjárfestingar (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

Rekstraryfirlit	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting	Breyting (%)
Búgreinatekjur	8.940	9.634	10.554	11.127	12.416	3.476	39
þar af tekjur af nautgr.	8.259	8.923	9.870	10.473	11.926	3.667	44
þar af aðrar búgreinatekjur	681	711	684	654	490	-191	-28
Breytilegur kostnaður	3.431	3.543	3.873	4.040	4.575	1.144	33
Framlegð	5.511	6.091	6.681	7.087	7.841	2.330	42
Framlegðarstig	61,6	63,2	63,3	63,7	63,2	2	2
Hálffastur kostnaður*	1.712	1.886	2.055	2.100	2.022	310	18
þar af aðk.laun og lt.gj.	460	473	520	541	641	181	39
Afskriftir	1.731	2.194	2.609	2.665	2.858	1.127	65
Fjármagnsliðir	585	555	903	1.051	1.846	1.261	215
þar af hrein vaxtagjöld	693	943	1.298	2.082	1.894	1.201	173
Aðrar tekjur	672	814	1.042	813	866	194	29
Hagnaður fyrir laun eig.	2.154	2.268	1.928	2.085	1.981	-173	-8
<b>Efnahagsyfirlit</b>							
Veltufjármunir	1.174	1.414	1.410	1.329	1.232	58	5
Fastafé	14.072	15.290	17.449	19.131	20.828	6.756	48
Eignir	15.247	16.703	18.859	20.459	22.060	6.813	45
Skuldir alls	10.120	11.287	14.442	16.702	21.538	11.418	113
þar af skammtímaskuldir	4.116	4.775	6.142	6.780	4.196	80	2
þar af langtímaskuldir	6.004	6.512	8.299	9.924	17.342	11.338	189
Höfuðstóll	5.127	5.416	4.417	3.757	522	-4.605	-90
Skuldir og höfuðstóll	15.247	16.703	18.859	20.459	22.060	6.813	45
<b>Fjárfestingar</b>							
Bústofn	107	112	66	38	0	-107	-100
Vélar og tæki	1.318	1.513	1.837	1.171	1.173	-145	-11
Ræktun	10	11	29	20	86	76	785
Jörð	53	80	492	195	11	-42	-79
Byggingar	296	451	627	372	742	446	150
Greiðslumark	415	734	1.415	1.500	1.192	777	187
Samtals	2.199	2.900	4.467	3.295	3.204	1.005	46
<b>Aðrar upplýsingar</b>							
Fjöldi reikninga	225	194	206	168	119		
Mjólkurkýr, fjöldi	26,0	27,1	28,6	29,8	32,3	6	24
Greiðslumark, lt.	95.578	100.363	113.274	123.331	137.547	41.969	44
Hlutf.n.gr.afurða í búgr.t.	92	93	94	94	96	4	4
Veltufjárhlutfall	0,29	0,30	0,23	0,20	0,29	0	3
Eiginfjárhlutfall	0,34	0,32	0,23	0,18	0,02	0	-93
Launagreiðslugeta	2.615	2.757	2.671	2.627	2.642	27	1
Vergar þáttatekjur**	4.930	5.491	6.188	6.342	7.326	2.396	49
Tekjur nautgripaafurða á mjólkurk	317.660	329.254	345.104	351.440	369.226	51.566	16
Skráð mánaðarverk, fjöldi	24,5	24,3	24,8	23,3	21,5	-3	-12
Vísitala neysluverðs, stig	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	39	21

\* Hálffastur kostnaður er rekstrarkostnaður sem breytist í stökkum við breytingar á framleiðslumagni. Ennfremur rekstrarskilyrtur kostnaður sem verður til við upphaf framleiðslu en hverfur ef framleiðslu er hætt

\*\* Það fé sem búin hafa til ráðstöfunar til skiptingar milli vinnuafls og fjármagns, án tillits til fyrri eða núverandi skuldbindinga

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins

Í samræmi við meira umfang í rekstrinum jukust búgreinatekjur um 39% á tímabilinu og eru þær tæplega 9 millj. kr. árið 1998 en ná 12,4 millj. kr. árið 2002. Í samræmi við það að búin eru að stækka aukast vergar þáttatekjur, sem eru tekjur til að greiða laun, vexti og afskriftir, úr 4,9 millj. kr. árið 1998 í 7,3 millj. kr. árið 2002 eða um 49%. Vergar þáttatekjur á lítra í greiðslumarki voru 51,6 kr. 1998 en 53,3 kr. 2002. Hér eru ekki meðtaldar arðgreiðslur samlaganna, sem koma fram undir liðnum “aðrar tekjur”.

Í takt við aukin umsvif eykst breytilegur kostnaður úr 3,4 millj. kr. árið 1998 í 4,6 milljónir kr. árið 2002 eða um 33%. Framlegðarstig hækkar úr 61,6% 1998 í 63,2% 2002. Launagreiðslugeta búanna virðist þó standa í stað, þrátt fyrir 39% aukningu búgreinatekna.


Búin vörðu umtalsverðu fé til fjárfestinga á tímabilinu, 2,2 millj. kr. árið 1998 en ná 3,2 millj. kr. árið 2002 og er það 46% aukning. Rúmlega þriðjungur allra fjárfestinga í greininni eru vélar og tæki en hlutur þeirra fór minnkandi á tímabilinu. Aftur á móti fór sífellt stærri hluti fjárfestinga í greiðslumark á tímabilinu og er það nú rúmlega þriðjungur allra fjárfestinga. Einnig hafa fjárfestingar í byggingum aukist nokkuð.

Samhliða auknum fjárfestingum varð umtalsverð aukning skulda; alls um 11,4 millj. kr. eða um 113% og er aukningin mest á langtímaskuldum. Skuldir á lítra í greiðslumarki hafa vaxið úr 106 kr./lítra 1998 í 156,5 kr./lítra árið 2002. Höfuðstóll hefur einnig rýrnað mjög á tímabilinu. Meginástæða eru úttektir eigenda, sem ár hvert eru hærri en sem nemur hagnaði fyrir laun eigenda (sem er geta búrekstrar til að greiða laun og arð af eigin fé). Varasamt er hins vegar að draga ályktun af fjárhæð höfuðstóls til samræmis við það sem almennt gerist í uppgjörum ársreikninga í öðrum atvinnuvegum, vegna þess að á landbúnaðarframtali<sup>5</sup> eru lagðar við höfuðstól í árslok einkatekjur og einkaskuldir, en einkaúttektir, gjöld vegna bifreiða og einkaeignir dregnar frá.

Stækkun búa kallar á auknar fjárfestingar og því eru stór bú (yfir 192 þús. lítrar) almennt skuldsettari en minni bú. Mynd 6-2 sýnir skuldasetningu þeirra búa sem voru til grundvallar uppgjöri búreikninga árið 2002.

<sup>5</sup> Þessi uppgjörsaðferð er einnig viðhöfð hjá sjálfstætt starfandi smábátasjómonnum og vörubifreiðastjórum.

**Mynd 6-2:** Meðaltal langtíma-, skammtíma- og heildarskulda á sérhæfðum kúabúum 2002 samkvæmt uppgjöri búreikninga.



Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Skuldir sem hlutfall af búgreinatekjum hækka úr 113% árið 1998 í 173% árið 2002. Hrein hækkun fjármagnsliða, að teknu tilliti til vaxtatekna og verðbreytingatilfærslu, er nær 1.261 þús. kr. á tímabilinu og hækka þeir úr 6,5% í 14,9% sem hlutfall af tekjum af reglulegri starfsemi.

Hagnaður fyrir laun eiganda lækkar um 8% á tímabilinu en launagreiðslugeta hækkar um 27 þús. kr. á tímabilinu eða um 1%. Höfuðstóll rýrnar um 4,6 millj. kr. eða um 90% og eiginfjárhlutfall fellur úr 0,34 í 0,02 á tímabilinu eða um 93%.

### 6.1.2 Samanburður á afkomu sömu bóa 1998-2002 - sérhæfð kúabú

Samantekt um afkomu sömu bóa 1998-2002 vann Hagþjónusta landbúnaðarins fyrir nefndina til frekari glöggvunar á afkomu mjólkurframleiðenda. Samantektin birtist í heild sinni í viðauka 1 en hér á eftir fara valdir kaflar úr henni, orðrétt:

*“Í samantekt þeirri, sem hér fer á eftir, er unnið með gögn úr rekstri sérhæfðra kúabúa sem komu til uppgjors í gagnagrunni búreikninga árin 1998-2002. Um er að ræða samanburð á niðurstöðum rekstrar sömu 31 búanna á tímabilinu. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2002 samkvæmt vísitölu neysluverðs með húsnæði nema annars sé getið.*

*Bústærð í úrtakinu var að meðaltali 28 mjólkurkúr við upphaf tímabils (1998) og 31 mjólkurkúr í lok þess (2002). Innlegg í afurðastöð er 111.353 lítrar 1998 samanborið við 140.066 lítra 2002. Greiðslumark er 103.530 lítrar (1998) og 128.934 lítrar (2002). Aukning nemur alls 25.404 lítrum. Innlegg í afurðastöð umfram rétt er 7,5% til 8,5% á tímabilinu. Miðað við innvegið magn í afurðastöð er nyt mjólkurkúu 3.977 lítrar 1998 samanborið við 4.518 lítra 2002; aukning nemur 541 lítrum.*

*Úrtaksbúin eru með að meðaltali um 20% meira innlegg á ári í afurðastöð á tímabilinu 1998-2002 eða um 123.260 lítra samanborið við meðalinnvigtun á framleiðanda í landinu sem er um 102.644 lítrar á sama árabili. Samanburður við*

heildarúrtak búreikninga leiðir í ljós að úrtaksbúin eru með að meðaltali u.þ.b. 4% stærra innlegg á ári í afurðastöð [en heildarsafnið]. Úrtaksbúin eru mjög sérhæfð og er hlutfall tekna af nautgripum um 97% af reglulegri starfsemi (heildarbúgreinatekjum) öll árin.

Í rekstraryfirliti (töflu 6-2) kemur fram að tekjur af reglulegri starfsemi eru um 9,7 milljónir króna 1998 og 11,5 milljónir króna 2002; aukning nemur um 2 milljónum króna eða 19%. Tekjur af nautgripaafurðum aukast hlufallslega um 21% á tímabilinu en aðrar búgreinatekjur dragast saman um 30%. Breytilegur kostnaður hækkar um 23% á tímabilinu en helst nánast óbreyttur í krónutölu á lítra innleggs og er um 31 króna að meðaltali á ári. Aukin framlegð nemur um 1 milljón króna en framlegðarstig lækkar um 1,3 prósentustig (63,6% í 62,3%). Mest munar um auknar tekjur vegna aukins mjólkurinnleggs vegna kaupa á greiðslumarki (öll árin) ásamt auknum tekum af innleggi umfram greiðslumark (þau ár sem greitt er fullt verð fyrir próteinhluta afurðaverðs). Vægi annarra búgreinatekna rýrnar hins vegar á tímabilinu. Hálfastur kostnaður helst óbreyttur að krónutölu (1,9 milljónir króna), en lækkar hlufallslega deilt á lítra innleggs, úr kr. 17,26 kr/litra í 13,42 kr/litra, eða um 22%. Afskriftir eru mjög svipaðar að krónutölu öll árin og eru um 2,2 milljónir króna á ári að meðaltali. Um 2/3 hluti afskrifta eru vegna niðurfærslu greiðslumarks og afskrifta véla. Fjármagnsliðir hækka verulega á tímabilinu eða úr 444 þús. krónum í 1.335 þús krónur (201%). Til skýringar er m.a. að verðbreytingarfærsla<sup>6</sup> er ekki reiknuð eftir árið 2001 en hún hefði mildað hækkun fjármagnsliða á árinu 2002 (sbr. hækkun neysluverðsvisitölu um 4,8% á milli 2001 og 2002). Hins vegar hækka hrein vaxtagjöld úr 565 þús. krónum í 1.380 þús. krónur eða um 144%. Hrein vaxtagjöld eru, sem hlutfall af heildarbúgreinatekjum, 5,8% 1998 samanborið við 12% 2002. Aðrar tekjur dragast saman um 31% á tímabilinu (einkum vegna tiltölulega hás söluhagnaðar við upphaf þess). Vægi annarra tekna sem hlutfall af heildartekjum rýrnar þannig úr 6% (1998) í 3% (2002). Hagnaður fyrir laun eigenda helst svipaður að krónutölu öll árin og er að meðaltali í kringum 2,1 milljón króna.

Á efnahagsyfirliti (töflu 6-3) kemur fram að veltufjármunir aukast úr 1.191 þús. króna (1998) í 1.240 þús. krónur (2002) eða um 4%; veltufjárhlutfall hækkar úr 0,28 í 0,34. Bætt lausaffjárstaða (og aðrar inneignir) eru einkum til skýringar. Fastafé búanna rýrnar á tímabilinu úr 16,7 milljónum króna í 15,1 milljónir króna eða um 1,6 milljónir króna (10%). Einkum er til skýringar lækkun matsverðs útihúsa, bústofns og ómetnar framkvæmdir.<sup>7</sup> Skuldir aukast verulega á tímabilinu eða úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna (43%), en hlutfall skammtímaskulda í heildarskuldum<sup>8</sup> lækkar úr 41% (1998) í 25% (2002). Samfara eykst hlutfall langtímaskulda úr 59% (1998) í 75% (2002). Skammtímaskuldir lækka einkum vegna uppgreiðslu víxilskulda en langtímaskuldir aukast einkum vegna aukinnar lántöku hjá Lánasjóði landbúnaðarins (um 3,3 milljónir króna) og vegna aukinna annarra langtímalána (um 1,7 milljónir króna). Höfuðstóll rýrnar á tímabilinu úr 7,6 milljónum króna í 1,6 milljónir króna. Til skýringar eru einkum einkaúttektir umfram getu rekstrar [samkvæmt hagnaði fyrir laun eigenda] til að greiða laun og arð af eigin fé (auk rýrnunar einkaeigna), sem hvorutveggja færist yfir á höfuðstól.”

<sup>6</sup> Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.

<sup>7</sup> Leiðrétting vegna fyrnanlegra mannvirkja samkvæmt mati til fasteignaverðs.

<sup>8</sup> Að teknu tilliti til virðisaukaskattsuppgjörs.

**Tafla 6-2:** Rekstraryfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu bóa samkvæmt uppgjöri búeikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002).

REKSTRARYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús.kr.	Br.í % 1998-2002
<b>1. Búgreinatekjur alls</b>	<b>9.703</b>	<b>10.281</b>	<b>10.400</b>	<b>10.806</b>	<b>11.517</b>	<b>1.813</b>	<b>19</b>
- þ.a. af nautgripaafurðum	9.268	9.919	9.970	10.425	11.215		
- þ.a. aðrar búgreinatekjur	434	360	427	380	302		
<b>2. Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>3.536</b>	<b>3.556</b>	<b>3.737</b>	<b>3.845</b>	<b>4.340</b>	<b>804</b>	<b>23</b>
- þ.a. fôður	973	1.003	1.030	1.193	1.413		
- þ.a. áburður og sáðvörur	627	601	624	485	660		
- þ.a. rekstur búvéla	341	325	403	394	194		
- þ.a. rekstrarvörur	375	417	420	456	725		
- þ.a. þjónusta	1.012	1.037	1.139	1.261	1.349		
<b>3. Framlegð</b>	<b>6.167</b>	<b>6.725</b>	<b>6.663</b>	<b>6.961</b>	<b>7.176</b>	<b>1.009</b>	<b>16</b>
Framlegðarstig, (%)	63,6	65,4	64,1	64,4	62,3	-1,3	-2
<b>4. Hálffastur kostnaður</b>	<b>1.922</b>	<b>2.133</b>	<b>2.126</b>	<b>2.123</b>	<b>1.879</b>	<b>-43</b>	<b>-2</b>
- þ.a. aðkeypt laun og launt. göld	485	568	604	565	545		
- þ.a. viðhald útihúsa	404	327	291	270	296		
- þ.a. vélar og tæki	53	64	62	35	38		
- þ.a. viðhald girðinga o.fl.	66	119	146	140	83		
- þ.a. tryggingar, skattar	156	130	152	159	145		
- þ.a. rafmagn, hitaveita	179	202	184	171	202		
- þ.a. ýmis gjöld	47	45	55	50	69		
- þ.a. annar kostnaður	110	126	136	145	81		
- þ.a. leigugjöld	91	122	99	139	104		
- þ.a. rekstrarkostn. vörubifreiðar	13	41	16	12	26		
- þ.a. rekstrarkostnaður bifreiðar	317	390	379	437	290		
<b>5. Afskriftir</b>	<b>2.192</b>	<b>2.454</b>	<b>2.345</b>	<b>2.365</b>	<b>2.168</b>	<b>-24</b>	<b>-1</b>
- þ.a. v/útihúsa	522	663	443	463	362		
- þ.a. v/ræktunar	35	38	42	36	37		
- þ.a. v/véla	963	1.054	978	956	823		
- þ.a. v/annarra afskrifta	10	1	2	3	3		
- þ.a. v/niðurfærslu greiðslumarks	661	697	881	908	944		
<b>6. Fjármagnsliðir</b>	<b>444</b>	<b>513</b>	<b>792</b>	<b>808</b>	<b>1.335</b>	<b>891</b>	<b>201</b>
- þ.a. vaxtatekjur (-)	-27	-35	-46	-45	-45		
- þ.a. vaxtagjöld	565	965	1.193	1.673	1.380		
- þ.a. verðbreytingafærsla (+/-)	-73	-376	-295	-787	0		
<b>7. Aðrar tekjur</b>	<b>539</b>	<b>345</b>	<b>370</b>	<b>369</b>	<b>369</b>	<b>-170</b>	<b>-31</b>
- þ.a. söluhagnaður/-tap	257	105	127	99	27		
- þ.a. sala greiðslumarks	142	0	0	56	12		
- þ.a. tapaðar viðskiptakröfur	0	0	0	-12	-6		
- þ.a. framleiðslustyrkir (-)	49	128	136	83	182		
- þ.a. ýmsar tekjur	92	112	107	141	155		
<b>8. Hagnaður/(tap) f. laun eigenda</b>	<b>2.148</b>	<b>1.969</b>	<b>1.770</b>	<b>2.033</b>	<b>2.163</b>	<b>15</b>	<b>1</b>
<b>9. Hagnaður/(tap) 0-búgreina</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

**Tafla 6-3:** Efnahagsyfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu bóa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002).

EFNAHAGSYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús.kr.	Br.í % 1998-2002
<b>10. Veltufjármunir</b>	<b>1.191</b>	<b>1.702</b>	<b>1.379</b>	<b>1.394</b>	<b>1.240</b>	<b>49</b>	<b>4</b>
- þ.a. sjóður og bankainnistæður	81	258	75	90	421		
- þ.a. kaupfélag	289	372	247	253	118		
- þ.a. viðskiptakröfur	190	226	215	212	463		
- þ.a. verðbréf	-12	56	39	35	11		
- þ.a. aðrar inneignir	435	451	389	442	22		
- þ.a. stofnsjóðir	207	183	213	203	0		
- þ.a. birgðir	0	157	200	159	204		
<b>11. Fastafé</b>	<b>16.734</b>	<b>16.342</b>	<b>16.405</b>	<b>15.830</b>	<b>15.127</b>	<b>-1.606</b>	<b>-10</b>
- þ.a. bústofn	4.191	4.502	3.932	3.926	3.785		
- þ.a. vélar og tæki	3.887	3.786	3.998	3.816	3.945		
- þ.a. ræktun	654	638	672	670	706		
- þ.a. útihús	5.197	5.725	5.612	5.269	4.730		
- þ.a. land	321	175	185	186	193		
- þ.a. hlunnindi	56	52	50	47	0		
- þ.a. ómetnar framkvæmdir	671	6	11	4	-392		
- þ.a. framleiðsluréttur	1.718	1.409	1.886	1.835	1.973		
- þ.a. stofnsjóðir	39	50	59	76	188		
<b>12. Eignir alls</b>	<b>17.924</b>	<b>18.044</b>	<b>17.784</b>	<b>17.224</b>	<b>16.367</b>	<b>-1.557</b>	<b>-9</b>
<b>13. Skammtímaskuldir</b>	<b>4.250</b>	<b>4.411</b>	<b>5.403</b>	<b>5.106</b>	<b>3.645</b>	<b>-605</b>	<b>-14</b>
- þ.a. kaupfélag	536	678	524	413	595		
- þ.a. afurðalán	0	0	0	6	0		
- þ.a. skuldabréfalán	2.532	2.734	3.549	3.696	2.091		
- þ.a. víxillán	650	267	651	267	115		
- þ.a. aðrar skuldir	520	596	532	537	610		
- þ.a. opinber gjöld-bú	0	0	0	24	0		
- þ.a. uppgjör Vsk	11	136	147	163	234		
<b>14. Langtímaskuldir</b>	<b>6.073</b>	<b>6.750</b>	<b>7.718</b>	<b>7.969</b>	<b>11.099</b>	<b>5.025</b>	<b>83</b>
- þ.a. Lánaþjófur landbúnaðarins	4.336	4.654	5.451	5.466	7.690		
- þ.a. önnur langtímalán	1.704	2.066	2.198	2.070	3.409		
- þ.a. Bjargráðasjóður	0	0	69	71	0		
- þ.a. lífeyrissjóðir	34	30	0	361	0		
<b>15. Skuldir alls</b>	<b>10.323</b>	<b>11.161</b>	<b>13.121</b>	<b>13.075</b>	<b>14.743</b>	<b>4.420</b>	<b>43</b>
<b>16. Höfuðstóll</b>	<b>7.601</b>	<b>6.883</b>	<b>4.664</b>	<b>4.149</b>	<b>1.624</b>	<b>-5.977</b>	<b>-79</b>
- þ.a. höfuðstóll í ársbyrjun	7.533	7.724	7.347	5.640	3.458		
- þ.a. endurmatsreikningur	329	230	-213	252	-83		
- þ.a. hagnaður/(tap) f. laun eig.	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163		
- þ.a. laun utan bú	17	23	9	9	17		
- þ.a. laun utan bú- maki	112	71	79	71	10		
- þ.a. hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0		
- þ.a. einkaútgjöld	-2.376	-2.714	-3.680	-3.103	-3.729		
- þ.a. einkatekjur	117	45	110	73	18		
- þ.a. bifreið	-69	-8	-21	5	-160		
- þ.a. einka eignir	-945	-1.125	-1.521	-1.547	-216		
- þ.a. einkaskuldir	735	668	784	713	145		
<b>17. Skuldir og höfuðstóll</b>	<b>17.924</b>	<b>18.044</b>	<b>17.784</b>	<b>17.224</b>	<b>16.367</b>	<b>-1.557</b>	<b>-9</b>

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

<sup>13</sup> Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.

**6.1.3 Samantekt á afkomu framleiðenda**

Út frá þeim upplýsingum sem fram koma í kafla 6.1.1 um afkomu samkvæmt niðurstöðum búreikninga (gagnasafn 1), kafla 6.1.2 um samanburð á afkomu sömu bóa 1998-2002 (gagnasafn 2) og þess ítarefnis sem fram kemur í viðaukum 2 og 3 telur nefndin að eftirfarandi meginþættir einkenni afkomuþróun hjá framleiðendum á árabílinu 1998-2002:

**A. Búum hefur fækkað, þau sem eftir eru hafa stækkað og meðalinnlegg aukist.**

Frá árslokum 1998 til ársloka 2002 hefur búum fækkað um 256 eða um 22%. Það jafngildir því að 1,2 bú hafi hætt á viku yfir allt tímabilið. Á sama tímabili jókst meðalmjólkurinnlegg úr 89.212 lítrum í 119.226 lítra eða um 34%. Í þeim gagnasöfnum sem nefndin byggir mat sitt á afkomu mjólkurframleiðenda á kemur svipuð þróun í ljós, í gagnasafni 1 hafa búin stækkað um 44% en heldur minna í gagnasafni 2 eða um 25%.

**B. Meðalnyt eftir hverja árskú hefur hækkað, skv. upplýsingum úr afurðaskýrsluhaldi.**

Meðalnyt á hverja skýrslufærða árskú var 4.392 kg/kú árið 1998 en var 5.006 kg/kú árið 2002 og hefur því aukist um 14% á tímabilinu. Hjá þeim búum sem gagnasafn 1 er unnið úr hefur meðalnyt aukist heldur meira eða um 18% en í gagnasafni 2 hefur meðalnyt aukist jafn mikið og skv. skýrsluhaldi.

**C. Velta (búgreinatekjur) hefur aukist.**

Samkvæmt þeim gagnasöfnum sem miðað er við hefur velta búanna aukist á tímabilinu.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Heildarvelta	8.940	12.416	9.703	11.517
Veltuaukning		39%		19%

**D. Breytilegur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi.**

Í krónum talið hefur breytilegur kostnaður, hjá þeim búum sem ályktun um afkomu bænda er dregin af, aukist en að sama skapi hefur innvegið magn aukist. Því telur nefndin réttast að reikna breytilegan kostnað á innlagða lítra mjólkur.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Breytilegur kostnaður	3.431	4.575	3.536	4.340
Breytilegur kostnaður/innveginn lítra	35	31	32	31
Lækkun breytilegs kostnaðar		-9%		-2%



**E. Hálfkastur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi.**

Hálfkastur kostnaður hefur aukist í krónum talið á tímabilinu en innvegið magn aukist.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Hálfkastur kostnaður	1.712	2.022	1.922	1.879
Hálfkastur kostnaður/innveginn lítra	17	14	17	13
Lækkun hálfkasts kostnaðar	-20%		-22%	

**F. Framlegð hefur aukist en framlegðarstig lítið breyst.**

Breytingar á framlegð hafa verið sem hér segir hjá búunum eftir gagnasöfnum:

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Framlegð alls	5.511	7.841	6.167	7.176
Framlegð alls, breyting	42%		16%	
Framlegð/innveginn lítra	56	54	55	51
Framlegð/innveginn lítra, breyting	-3%		-7%	
Framlegðarstig	61,6	63,2	63,6	62,3

**G. Skuldsetning búanna hefur aukist.**

Skuldsetning, afskriftir og fjármagnsliðir búanna á milli árána 1998-2002, eftir gagnasöfnum.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Skuldir alls	10.120	21.538	10.323	14.743
Skuldir/innl. ltr.	101,97	147,72	92,71	105,26
Hækkun skulda/veltu	53%		20%	
Afskriftir alls	1731	2858	2192	2168
Afskriftir/lítra	17,4	19,6	19,7	15,5
Fjármagnsliðir alls	585	1846	444	1355
Fjármagnsliðir/lítra*	5,9	12,7	4,0	9,7

\* Afmám verðbreytingafærslu árið 2002 hækkar fjármagnsliði það ár.

Reiknaður höfuðstóll rýrnar verulega á tímabilinu en ekki verða dregnar af því afgerandi ályktanir, m.a. þar sem ekki fer fram árlegt endurmat eigna. Sjá einnig athugasemdir Hagþjónustu landbúnaðarins á bls. 29.

## H. Fjárfestingar fóru vaxandi til ársins 2000 en eftir það hefur dregið úr þeim.

Samsetning fjárfestinga hefur verið svipuð hjá búunum í gagnasöfnum. Um helmingur allra fjárfestinga er í vélar og tæki en um þriðjungur í greiðslumark.

	Gagnasafn 1	Gagnasafn 2
Byggingar	15%	15%
Vélar og tæki	44%	50%
Bústofn, jörð og ræktun	8%	6%
Greiðslumark	33%	29%


## I. Hagnaður fyrir laun eigenda hefur haldist óbreyttur eða lækkað nokkuð. Reiknuð launagreiðslugeta á hverju búi helst lítið breytt.

Afnám verðbreytingafærslu árið 2002 hækkar fjármagnsliði það ár, sem leiðir til þess að hagnaður fyrir laun eigenda og launagreiðslugeta lækkar það ár. Sé lítið til stækkunar búanna hefur launagreiðslugeta á innlagðan lítra farið lækkandi sem og hagnaður fyrir laun eigenda. Líklegt er að herra tæknistig búanna minnki vinnuafliþörf á hvern lítra.

### 6.1.4 Þróun mjólkurverðs til framleiðenda


Þegar brúttótekjur á lítra mjólkur eru bornar saman við launavísitölu kemur í ljós verulegur munur. Mynd 6-3 sýnir samanburð á brúttótekjum af nautgriparækt á lítra mjólkur eftir greiðslu yfirverðs og launavísitölu.

Mynd 6-3: Samanburður á tekjum á lítra mjólkur eftir greiðslu yfirverðs og launavísitölu 1991-2002



Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins


Frá 1991-2002 hækkaði greiðsla fyrir lítra mjólkur um 45% en almennar launahækkanir námu 80% á sama tímabili. Sé tekið tímabil núgildandi samnings námu hækkunir á greiðslu fyrir lítra mjólkur 21% en launavísitala hækkaði um 33%. Að sama skapi hefur kaupmáttur launa hækkað meira en skilaverð til bændu, sbr. mynd 6-4.

**Mynd 6-4:** Samanburður á framleiðendaverði mjólkur (á föstu verðlagi) og kaupmætti launa 1991-2002

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins og Hagstofa Íslands

Þegar lítið er á tímabilið 1991-2002 hefur kaupmáttur launa aukist um 25,6% en grundvallarverð/lágmarksverð til bænda hefur hækkað um 5,1%. Á gildistíma núgildandi samnings hefur kaupmáttur launa aukist um 9,4% en framleiðendaverð um 2,2%. Raunverð mjólkur til bænda er í dag lítið herra en það var fyrir 10 árum en kaupmáttur launa hefur hækkað stöðugt frá árinu 1994.

Mynd 6-5 sýnir skilaverð mjólkur til bænda á tímabilinu 1991-2002 samanborið við vísitölu neysliverðs á sama tíma. Til ársins 1997 voru almennar verðlagshækkunarir meiri en tekjur á lítra mjólkur en eftir þann tíma hefur skilaverð til bænda verið lítilsháttar herra að raungildi.

**Mynd 6-5:** Samanburður á tekjum á lítra mjólkur og vísitölu neysliverðs 1991-2002


Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Þann 1. júlí 1997 hækkaði verð á mjólk til framleiðenda við breytingar á verðlagsgrundvelli. Þannig var orlof hækkað úr 10,17% í 11,59% og vextir af

fjárfestingum voru hækkaðir. Þann 1. janúar 1998 var hluti af hækkun á verði mjólkur til framleiðenda síðan tilkominn vegna þess að búnaðargjald var tekið upp og leysti af hólmi gjöld sem áður voru lögð á heildsöluverð mjólkurvara.

Mynd 6-6 sýnir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar nokkurra mjólkurvara á árunum 1998-2003. Þar má sjá að vegið meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar jógúrts, osta og smjörs hefur hækkað meira en meðalvísitala neysluverðs en meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar nýmjólkur, léttmjólkur, undanrennu og annarra mjólkurvara hefur hækkað minna en vísitala. Meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar jógúrts hefur hækkað um 26,8%, osta um 26,9% og smjörs um 27,3%, en á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 24%. Vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkaði um 13,0%, léttmjólkur og undanrennu um 18,6% og annarra mjólkurvara um 20,6%. Á sama tíma hækkaði meðalvísitala árána um 24%.


**Mynd 6-6:** Þróun á vinnslu og dreifingarkostnaði einstakra vöruflokka mjólkurvara 1998-2003.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

### 6.1.5 Verðþróun til bænda á Norðurlöndunum

Þróun mjólkurverðs til bænda á Norðurlöndunum getur gefið ákveðna vísbendingu um samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu á erlendum mörkuðum. Nefndin safnaði saman upplýsingum um verð til framleiðenda frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF sem eru Evrópusamtök kúabænda og Nilf sem er Hagþjónusta landbúnaðarins í Noregi. Mynd 6-7 sýnir niðurstöður þeirrar verðathugunar þar sem verð ársins 1999 eru sett á 100. Verð til framleiðenda á Íslandi er skráð lögbundið lágmarksverð.

**Mynd 6-7:** Þróun mjólkurverðs til framleiðenda á Norðurlöndum 1999-2003

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF og Nilf

Samkvæmt mynd 6-8 hefur verð til framleiðenda hækkað á Íslandi og í Finnlandi en lækkað í Svíþjóð og Danmöku. Framleiðendaverð í Noregi hefur aftur á móti haldist svipað á tímabilinu. Vísendingar eru því um að samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu hafi á síðustu árum versnað gagnvart Svíþjóð og Danmörku en lítið breyst gagnvart Finnlandi og Noregi.

Erfitt er að meta verð mjólkur til framleiðenda erlendis m.a. vegna gengismunar og mismunandi heimilda. Nefndin fékk uppgafið verð á lítra mjólkur í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi í evrum frá Evrópusamtökum kúabænda (EDF). Einnig fékk nefndin upplýsingar um verð á lítra mjólkur í Noregi, í norskum krónum frá Hagþjónustu landbúnaðarins í Noregi (Nilf) en því verði breytti nefndin í evrur ásamt því að reikna lögbundin lágmarksverð á Íslandi í evrur. Tafla 6-4 sýnir samanburð á verði á lítra mjólkur á Norðurlöndunum árið 2003, samkvæmt þeim heimildum sem nefndin aflaði.

**Tafla 6-4:** Verð til framleiðenda á lítra mjólkur á norðurlöndunum árið 2003, í evrum á meðalgengi ársins.

Land	Verð til framleiðenda árið 2003, í evrum
Ísland	0,48
Noregur	0,44
Danmörk	0,32
Svíþjóð	0,32
Finnland	0,36

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF og Nilf

Verð til framleiðenda á lítra mjólkur er hæst á Íslandi og næst hæst í Noregi en talsvert lægra í Evrópusambandslöndunum. Munar allt að 50% á verði til

framleiðenda á Íslandi og í Danmörku annars vegar og Svíþjóð hins vegar, þar sem verð eru lægst.

## 6.2 Afkoma mjólkuriðnaðar

### 6.2.1 Rekstraryfirlit

Á vegum Verðlagsnefndar búvöru hefur Deloitte & Touche unnið samræmda samantekt yfir rekstur mjólkuriðnaðarins á árunum 1998-2002. Verðlagsnefnd hefur m.a. stuðst við niðurstöður þessara árlegu rekstraryfirlita við ákvarðanatöku um verðbreytingar. Tafla 6-5 sýnir helstu tölur úr rekstraryfirlitunum.

**Tafla 6-5:** Rekstraryfirlit afurðastöðva 1998-2002 á föstu verðlagi ársins 2002 (unnið úr samantekt Deloitte & Touche.)

#### GJÖLD:

Vörunotkun:		1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02 %
Hráefni frá bændum.....	m.kr	4.155	3.847	3.792	4.174	4.498	8,3%
Önnur vörunotkun og vörukaup.....	"	4.340	4.450	4.707	5.101	5.094	17,4%
<b>SAMTALS</b>	<b>m.kr</b>	<b>8.494</b>	<b>8.297</b>	<b>8.499</b>	<b>9.275</b>	<b>9.592</b>	<b>12,9%</b>
<b>FRAMLEGÐ (1) EFTIR VÖRUNOTKUN</b>		<b>-4.157</b>	<b>-4.004</b>	<b>-4.342</b>	<b>-4.322</b>	<b>-4.325</b>	<b>4,1%</b>
Laun og tengd gjöld.....	m.kr	1.347	1.338	1.416	1.500	1.489	10,6%
<b>FRAMLEGÐ (2) EFTIR LAUN</b>		<b>-2.810</b>	<b>-2.666</b>	<b>-2.926</b>	<b>-2.822</b>	<b>-2.836</b>	<b>1,0%</b>
Orka og vatn.....	m.kr	129	155	158	166	155	19,8%
Viðhaldskostnaður.....	"	233	221	247	268	278	19,3%
Annar framleiðslukostnaður.....	"	140	101	143	117	111	-21,1%
Skrifstofu- og sölukostnaður.....	"	912	834	919	964	928	1,8%
Annar kostnaður.....	"	506	315	358	368	364	-28,1%
<b>FRAMLEGÐ (3) EBITDA*</b>		<b>-889</b>	<b>-1.040</b>	<b>-1.101</b>	<b>-938</b>	<b>-1.001</b>	<b>12,6%</b>
Afskriftir.....	m.kr	428	405	436	486	496	15,9%
Fjármagnsliðir.....	"	-39	-28	108	247	64	-264,2%
Opinber gjöld og önnur gjöld.....	"	0	153	216	104	43	
<b>( HAGN ) / TAP ÁRSINS FYRIR YFIRVERÐ</b>		<b>-500</b>	<b>-510</b>	<b>-341</b>	<b>-102</b>	<b>-398</b>	<b>-20,5%</b>
Greitt yfirverð til bændu.....	m.kr	255	352	221	111	167	-34,7%
<b>( HAGN ) / TAP ÁRSINS EFTIR YFIRVERÐ</b>		<b>-245</b>	<b>-158</b>	<b>-120</b>	<b>9</b>	<b>-231</b>	<b>-5,7%</b>

\* Afkoma (framlegð) fyrir afskriftir, fjármagnsliði og opinber gjöld

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche

Eins og fram kemur í rekstraryfirliti afurðastöðvanna hefur heildarvelta aukist um 10% á tímabilinu 1998–2002, eða úr 12,6 milljörðum í 13,9 milljarða kr. Framlegð (1) eftir vörunotkun hefur aukist um 4,1%. Framlegð (3), eftir að vinnslu- og dreifingarkostnaður, annar en afskriftir, fjármagnsliðir og opinber gjöld, hafa verið dregin frá hækkar um 12,6% á tímabilinu. Þó er nokkur sveifla innan tímabilsins milli einstakra ára. Árlegur hagnaður á tímabilinu, fyrir greiðslu yfirverðs hefur legið á bilinu 102 – 510 m.kr. reiknað á föstu verðlagi ársins 2002.


Þess ber þó að geta að í rekstraryfirlitinu er tvítekin velta af vörum sem afurðastöðvar selja sín á milli. Þessi millibúaviðskipti, og þar með tvítalning veltu, hefur aukist á tímabilinu þar sem framleiðsla ákveðinna tegunda mjólkurvara fer fram á stöðugt færri stöðum og í mörgum tilvikum eingöngu á einum stað. Þetta er m.a. afleiðing af sérhæfingu afurðastöðvanna og einsleitari framleiðslu þeirra. Til skýringar á tvítalningu söluveltu má taka sem dæmi, að Mjólkurbú Flóamanna (MBF) framleiðir stóran hluta af sýrðum mjólkurvörum sem seldar eru á landsvísi. Stærsti hluti framleiðslunnar er seldur í gegnum Mjólkursamsöluna í Reykjavík (MS). MBF færir

þessa sölu til tekna, svo og MS við sölu til verslana. Þannig færirst sala á sömu vörunni til tekna í bókhaldi beggja fyrirtækja og er þar með tvítalin sbr. samantekt Deloitte & Touche.

Tafla 6-5 sýnir ýmis framlegðarstig í samanlögðum rekstri mjólkuriðnaðarins. Þau ein og sér geta gefið ákveðnar vísbendingar um þróun rekstrar mjólkuriðnaðarins á tímabilinu. Þó ber að líta til þess að nokkrar sveiflur eru innan tímabilsins og hefur – EBITDA aukist um 4,3 – 22,5% milli ára frá árinu 1998. Afskriftir eru með nokkuð jafnan stíganda á milli ára og hafa aukist um 15,9% á tímabilinu. Samanlagðir fjármagnsliðir eru afar breytilegir milli ára, allt frá 39 m.kr. tekjum til 247 m.kr. gjalda, eða breyting sem nemur 286 m.kr. milli einstakra ára.

Mynd 6-8 sýnir þróun launaliðar í mjólkuriðnaði á tímabilinu 1998-2002.

**Mynd 6-8:** Þróun launa í mjólkuriðnaði 1998-2002 (1998 = 100) á föstu verðlagi m.v. 2002.



Á föstu verði pr. 2002	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Greidd laun - þús. kr.	1.346.847	1.338.228	1.415.812	1.500.301	1.488.952	10,6%
Greidd laun - þús. kr. / ársverk	3.218	3.371	3.463	3.531	3.618	12,4%
Greidd laun - kr. / ltr	12,8	13,4	14,3	14,1	13,4	4,6%

Á föstu verði pr. 2002 98=100	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Greidd laun - þús. kr.	100	99	105	111	111	10,6%
Greidd laun - þús. kr. / ársverk	100	105	108	110	112	12,4%
Greidd laun - kr. / ltr	100	105	112	110	105	4,6%


Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche

Mynd 6-8 sýnir að ársverkum hefur fækkað um 1,7% á milli árunna 1998 og 2002. Á árinu 2002 var 2 afurðastöðvum lokað sem leiðir til fækkunar ársverka en sú fækkun kom ekki öll fram á árinu 2002. Mjólkursamlögunum á Húsavík og Hvammstanga var lokað á árinu 2002, en mjólkursamlagi Norðfirðinga var lokað á árinu 2000. Á tímabilinu 1998–2002 hefur þeim því fækkað um 3, eða úr 12 í 9. Fram að þeim tíma, þ.e. á tímabilinu 1988–1997, hafði þeim fækkað um 5, eða úr 17 í 12. Ársverkfjöldi, eins og hann kemur fram í Mynd 6-8, er nokkuð breytilegur milli ára innan tímabilsins. Þar er skýring sú að í rekstrarsamantekt fyrir árið 1999 vantar inn mjólkursamlagið á Húsavík og mjólkursamlag Norðfirðinga. Í samantekt Deloitte & Touche vantar inn fyrir árið 2000 átta mánuði af rekstri mjólkursamlagsins á Húsavík,

Þrjá mánuði af rekstri mjólkursamlagsins á Hvammstanga og allan rekstur mjólkursamlags Norðfirðinga. Ársverk afurðastöðva eru sett inn í samræmi við það hvort þau eru með í samantekt Deloitte & Touche eða ekki. Þetta skýrir færri ársverk 1999 og 2000 en þau voru í heild.

Launagreiðslur pr. ársverk hafa aukist um 12,4% á sama tíma og launagreiðslur pr. lítra mjólkur hafa hækkað um 4,6%. Eins og fram hefur komið hefur afkoma mjólkuriðnaðarins sveiflast nokkuð milli ára. Mynd 6-9 sýnir afkomu á hvern lítra innveginnar mjólkur árin 1998-2002 reiknað á föstu verðlagi ársins 2002.

**Mynd 6-9:** Afkoma mjólkuriðnaðar 1998 – 2002. kr. á lítra innveginnar mjólkur, á föstu verðlagi ársins 2002.



	1998	1999	2000	2001	2002
	kr/lítra	kr/lítra	kr/lítra	kr/lítra	kr/lítra
HAGNAÐUR / (TAP) án greiðslu yfirverðs til bænda	4,76	5,10	3,46	0,96	3,58
Greitt yfirverð til bænda	2,43	3,52	2,24	1,05	1,50
HAGNAÐUR / (TAP) eftir greiðslu yfirverðs til bænda	2,33	1,58	1,22	-0,09	2,08

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche

Þær upplýsingar sem þarf til að geta lagt mat á árangur í starfsemi afurðastöðva á tímabilinu 1998–2002, hafa ekki allar komið fram í yfirlitum og töflum hér að framan. Fyrir því eru nokkrar ástæður, og má nefna áður nefnda tvítalningu veltu milli búvara. Einnig vantar inn heildarsamantekt reksturs nokkurra afurðastöðva á árunum 1999 og 2000, ýmist allt árið eða hluta þess. Þetta veldur því að rekstrarsamantekt unnin af Deloitte & Touche getur án breytinga ekki gefið óbyggjandi niðurstöður um rekstrarþróun afurðastöðva í heild sinni.

Til þess að nálgast frekari upplýsingar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar á tímabilinu má annars vegar skoða yfirlit um reiknaða hækkunarþörf mjólkuriðnaðarins á tímabilinu á móti ákvörðun Verðlagsnefndar búvara um árlega hækkun þeirra mjólkurvara sem nefndin fjallar um. Tafla 6-6 sýnir yfirlit yfir reiknaða hækkun á móti ákvörðun Verðlagsnefndar búvöru.

**Tafla 6-6:** Reiknuð árleg hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur 1998 – 2002 í samanburði við ákvörðun Verðlagsnefndar búvöru.



	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Reiknuð hækkunarþörf	2,30%	2,62%	4,02%	4,48%	7,08%	20,5%
Ákvörðun verðlagsnefndar	1,51%	2,62%	2,82%	2,80%	5,50%	15,3%
Mismunur % - stig	-0,8%	0,0%	-1,2%	-1,7%	-1,6%	-5,3%
Mismunur %	-34,3%	0,0%	-29,9%	-37,5%	-22,3%	-25,6%

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Eins og fram kemur var það einungis á árinu 1999 sem vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði að sama skapi og útreiknuð þörf. Öll önnur ár hefur sameiginleg ákvörðun nefndarinnar verið sú að hækka 22,3% - 37,5% minna en reiknuð þörf. Reiknilíkan Verðlagsnefndar fyrir vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur tekur til mælinga á almennum verðlagsbreytingum (vísitölum), verðlagi á orku, þ.e. olíu, rafmagni og heitu vatni og gengis íslensku krónunnar gagnvart EVRU og SEK.

Hins vegar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar með því að kanna hversu miklir fjármunir hafa runnið árlega til rekstrarins á tímabilinu 1998–2000. Slíka nálgun er hægt að gera með því að finna heildarsölutekjur af mjólkurvörum á markaði þ.e. markaðstekjur mjólkuriðnaðarins. Fyrir liggja opinberar tölur um samanlagða árlega sölu einstakra mjólkurvara. Einnig liggja fyrir heildsöluverðskrár viðkomandi ára fyrir þessar vörur en margfeldi þeirra gefur árlegar markaðstekjur mjólkurvara á innanlandsmarkaði (A). Frá þessum heildsölutekjum dragast veittir magnafslættir á hverju ári (B). Einnig liggja fyrir árlegar tekjur af útflutningi á erlenda markaði en þessar tekjur eru óverulegar og er nánast eingöngu flutt út smjör (C). Nettótekjur verða því = ( A + C ) – B.

Nettótekjum er svo ráðstafað eftir tveimur leiðum, annars vegar sem greiðslum til mjólkurframleiðenda og hins vegar til rekstrar mjólkuriðnaðar.

Tafla 6-7 sýnir árlega ráðstöfun tekna til bænda annars vegar og til rekstrar mjólkuriðnaðar hins vegar á tímabilinu 1998-2002. Allar tölur eru á föstu verðlagi ársins 2002.

**Tafla 6-7:** Ráðstöfun tekna afurðastöðva 1998-2002 milli reksturs mjólkuriðnaðar og mjólkurframleiðenda á föstu verðlagi ársins 2002.

	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting 98 - 02 kr/ltr	Breyting 98 - 02 %
Vísitala Neysluverðs ársmeðaltal	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	39,30	21,4%
Innvegnir lítrar	105,7	107,2	104,0	106,1	110,8	5,0	4,8%
<b>KR. SAMTALS</b>						<b>98 - 02 kr/ltr</b>	<b>98 - 02 %</b>
Markaðstekjur alls 1)	10.269	10.466	10.034	10.014	10.458	189	1,8%
Greiðsla til bænda 2)	4.156	4.197	4.095	4.199	4.429	273	6,6%
<b>TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR</b>	<b>6.113</b>	<b>6.269</b>	<b>5.939</b>	<b>5.815</b>	<b>6.030</b>	<b>-83</b>	<b>-1,4%</b>
<b>A) FYRIR GREIÐSLU YFIRVERÐS</b>						<b>98 - 02 kr/ltr</b>	<b>98 - 02 %</b>
<b>KR. PR. LÍTRA MJÓLKUR</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>kr/ltr</b>	<b>%</b>
Markaðstekjur alls 1)	97,1	97,6	96,5	94,3	94,4	-2,7	-2,8%
Greiðsla til bænda 2)	39,3	39,2	39,4	39,6	40,0	0,7	1,7%
<b>TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR</b>	<b>57,8</b>	<b>58,5</b>	<b>57,1</b>	<b>54,8</b>	<b>54,4</b>	<b>-3,4</b>	<b>-5,9%</b>
<b>B) EFTIR GREIÐSLU YFIRVERÐS</b>						<b>98 - 02 kr/ltr</b>	<b>98 - 02 %</b>
<b>KR. PR. LÍTRA MJÓLKUR</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>kr/ltr</b>	<b>%</b>
Markaðstekjur alls 1)	97,1	97,6	96,5	94,3	94,4	-2,7	-2,8%
Greiðsla til bænda 2)	39,3	39,2	39,4	39,6	40,0	0,7	1,7%
Gr. yfirverð	2,0	3,0	2,0	1,0	1,5	-0,5	-25,0%
<b>TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR</b>	<b>55,8</b>	<b>55,5</b>	<b>55,1</b>	<b>53,8</b>	<b>52,9</b>	<b>-2,9</b>	<b>-5,2%</b>

**Skýringar:**

**1) Markaðstekjur samanstanda af:**

- a) (Seldu magni innanlands x skráð heildsöluverð) - (afslættir til verslana) = Markaðstekjur innanlands
- b) Útflutningi mjólkurvara x skilaverð útflutnings = Markaðstekjur erlendis
- c) Birgðabreytingu innan viðkomandi árs: ( BL - BB ) x HSV = Birgðatekjur / Birgðagjöld

Þar sem stuðst er við sölutölur mjólkurvara ( traustari tölugrunnur en framleiðslutölur ) til að meta tekjur mjólkuriðnaðarins er nauðsynlegt að gera birgðaleiðréttingu á móti til að fá samsvörun í verðmætasköpun úr þeirri mjólk sem vegin er inn.

**2) Greiðsla til bænda samanstandur af:**

- a) (innvegin greiðslumarskmjólk pr. mánuð x afurðastöðvaverð) = Greitt fyrir greiðslumarskmjólk
- b) (móttækin umframjólk x greiðsla pr. lítra umframjólk viðkomandi árs) = Greitt fyrir umframjólk

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Þessi aðferð nálgunar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar gefur vísbendingu um að samanlagður rekstrarlegur sparnaður í mjólkuriðnaði á tímabilinu 1998 – 2002 gæti legið á bilinu 5% – 6% á hvern lítra mjólkur. Þessi vísbending hnígur til sama vegs og ákvarðanir verðlagsnefndar búvöru á tímabilinu.

**6.2.2 Efnahagsyfirlit mjólkursamlaga 1998-2002**

Deloitte hf. tók saman efnahagsyfirlit mjólkursamlaga árána 1998-2002, að beiðni nefndarinnar. Neðangreinda samantekt vann Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi Deloitte hf. Efnahagsyfirlit mjólkursamlaganna má sjá í viðauka 4.

*“Við samantekt efnahagsreikninga mjólkursamlaganna var stuðst við ársreikninga þeirra eins og hægt var en fáein frávík voru á því að hægt væri að vinna yfirlitið*

nákvæmlega skv. efnahagsreikningunum. Í þeim tilvikum þar sem upplýsingar vantaði var reynt að áætla efnahaginn út frá fyrra árs stærðum að teknu tillit til breytinga vegna rekstrar, þannig að telja má að frávikin hafi óveruleg áhrif á yfirlitið.

Niðurstöður efnahags hvers árs frá 1998 til 2002 voru framreiknaðar til verðlags í árslok 2002 og skráðar í töfluna í milljónum króna. Bókfært eigið fé mjólkursamlaganna hefur vaxið úr 6.394 m.kr. í árslok 1998 upp í 7.531 m.kr. í árslok 2002. Á verðlagi í árslok 2002 er breytingin úr 7.794 m.kr. í 7.531 m.kr., eða minnkun um 263 m.kr. Ef framreiknuðum hagnaði árána 1999 – 2002 eftir greiðslu yfirverðs til bænda, 502 m.kr., er bætt við framreiknað eigið fé í árslok 1998 til ársins 2002 ætti eigið fé að vera um 8.296 m.kr., en er skv. efnahagsreikningum 7.531 m.kr., eða um 765 m.kr. minna sem bendir til þess að eigendur hafi innleyst eignir úr efnahag mjólkurstöðvanna.

Eigið fé samlaganna er samsett af fjórum þáttum:

- Eiginfjárframlagi eigendanna; Stofnfé, Séreignarsjóð og Hlutafé. Stofnfé og Séreignarsjóður eru í eðli sínu sambærilegir, en það er uppsafnað framlag frá framleiðendum auk þess sem hluta af hagnaði er ráðstafað árlega í stofnsjóð og séreignarsjóð, hvort sem það er kallað vextir eða arður. Hlutdeild hvers og eins félagsmanns í Stofnsjóði og Séreignarsjóði er síðan séreign hans, en veitir ekki rétt til eða hlutdeild í öðru eigin fé samlagsins. Hlutafé er aftur á móti upphaflegt framlag eigendanna og veitir eignarhlutdeild í öllu eigin fé hlutafélagsins (samlagsins).
- Endurmatsreikningi, sem er uppsafnað endurmat eigna, og skulda, vegna verðlagshækkana. Verðbólgu-reikningsskilum var hætt með lagasetningu árið 2001 og skv. ársreikningalögunum var gert ráð fyrir að endurmatsreikningurinn yrði færður yfir á óráðstafað eigið fé.
- Varasjóði, (og Lögbundnum varasjóði) sem í er ráðstafað hluta af hagnaði, og eru því uppsafnaður hagnaður samlags, eins og óráðstafað eigið fé.
- Óráðstafað eigið fé sem er uppsafnaður hagnaður, sem ekki hefur verið ráðstafað með greiðslu arðs til eigenda, framlags eða vaxta í stofnsjóði, sem arður eða lagður til hliðar í varasjóðina.

Heildareignir mjólkurstöðvanna voru í árslok 1998 7.884 m.kr sem er á verðlagi í árslok 2002 9.610 m.kr. Niðurstöður efnahagsreikninganna í árslok 2002 eru 10.706 m.kr. Heildareignir hafa vaxið um tæpar 1100 m.kr. að raungildi á árunum 1999 – 2002.

Varanlegir rekstrarfjármunir voru í árslok 2002 4.633 m.kr., áhættufjármunir og langtímakröfur 1.670 m.kr. og veltufjármunir alls 4.403 m.kr.

Skuldir í árslok 2002 voru alls 3.175 m.kr., þar af voru langtímaskuldir og skuldbindingar 982 m.kr. og skammtímaskuldir 2.193 m.kr.

Veltufjárhlutfallið var 2,00 sem þýðir að hægt væri að greiða allar skammtímaskuldir tvisvar sinnum með veltufénu.

Eigið fé í árslok 2002 var 7.531 m.kr., sem er 70% af heildareignum (eiginfjárhlutfall). Eigið fé er mismunur heildareigna og heildarskulda og ekki er hægt að segja að einhver ein eign sé meiri hluti af eigin fénu en önnur. Ef tölurnar eru skoðaðar út frá þeim forsendum að fjármögnun eigna sem nýtast til langs tíma sé yfirleitt með langtímalánum og eigin fé, en á bak við veltufjármuni eins og birgðir og

viðskiptakröfur standa skammtímaskuldirnar, eins og afurðalán, yfirdráttarlán og viðskiptaskuldir, gæti efnahagsreikningurinn litið þannig út:

Á verðlagi í árslok 2002, í milljónum króna.

Samsetning eigin fjár:	1998	1999	2000	2001	2002
Varanalegir rekstrarfjármunir	4.229	4.303	4.611	4.736	4.633
Langtímaskuldir og -skuldb.	(347)	(411)	(928)	(875)	(982)
<b>A</b>	<b>3.882</b>	<b>3.892</b>	<b>3.683</b>	<b>3.861</b>	<b>3.651</b>
Áhættufé og langtímakröfur	<b>B</b> 975	1.055	1.735	1.670	1.670
Veltufjármunir	4.406	4.530	3.833	3.695	4.403
Skammtímaskuldir	(1.469)	(1.762)	(1.877)	(1.928)	(2.193)
Hreint veltufé	<b>C</b> 2.937	2.768	1.956	1.767	2.210
Eigið fé alls	<b>A+B+C</b> 7.794	7.715	7.374	7.298	7.531
<b>Hlutföll í eigin fé:</b>					
Varanalegir rekstrarfjármunir	<b>A</b> 50%	50%	50%	53%	48%
Áhættufé og langtímakröfur	<b>B</b> 13%	14%	24%	23%	22%
Hreint veltufé	<b>C</b> 38%	36%	27%	24%	29%
Eigið fé alls	<b>A+B+C</b> 100%	100%	100%	100%	100%

Hagnaður mjólkurstöðvanna á sömu árum og efnahagur settur í samhengi við eigið fé í upphafi hvers árs gefur til kynna hver arðsemi rekstrarins er miðað við bókfært eigið fé. (Ekki var hægt að taka tillit til annarra breytinga á eigin fé innan hvers árs.)

Á verðlagi ársins 2002, í milljónum króna.

	1998	1999	2000	2001	2002
<b>Hagnaður:</b>					
- fyrir fjármagnsliði	754	544	544	373	505
Hlutfall af eigin fé		7%	7%	5%	7%
- fyrir greiðslu yfirverðs	500	511	342	103	398
Hlutfall af eigin fé		7%	4%	1%	5%
- ársins eftir yfirverðsgreiðslur	245	159	121	-9	231
Hlutfall af eigin fé		2%	2%	0%	3%
<b>Kennitölur:</b>					
Veltufjárhlutfall	3,00	2,57	2,04	1,92	2,01
Eiginfjárhlutfall	81%	78%	72%	72%	70%


Í þessum stutta texta er aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem koma í hugann við skoðun á efnahagsyfirlitinu, en ekki um ítarlega greiningu á efnahagnum eða ársreikningunum að ræða. Tilgangur með yfirlitinu var að varpa ljósi á heildarfjárhagsstöðu mjólkuriðnaðarins (mjólkurstöðvanna).”

### 6.2.3 Framleiðni vinnuafis

Mynd 6-10 sýnir niðurstöður útreikninga Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á framleiðni í mjólkuriðnaði. Útreikningarnir byggja á því að innanlandssala og

útflutningur hvers árs er margfaldaður með skráðu heildsöluverði 1. júní 1980. Ársverkafjöldi er skv. starfsmanna- og launaskrá afurðastöðva.

**Mynd 6-10:** Þróun framleiðni vinnuafls (verðmætasköpun pr. ársverk) í mjólkuriðnaði.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Framleiðni vinnuafls í mjólkuriðnaði hefur aukist um 42,1% á tímabilinu 1975-2002. Samkvæmt þessum tölum hefur talsverð hagræðing átt sér stað í mjólkuriðnaðinum á síðasta áratug en framleiðni jókst um 7% á tímabilinu 1998-2002. Þeirri hagræðingu hefur að mestu verið náð með fækkun og sérhæfingu mjólkurbúa.

## 7 Staða og horfur

Í 9. gr. núgildandi samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er kveðið á um að fjórum árum frá upphafi gildistíma samningsins skulu samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af þeirri könnun hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. leggja sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja á það niður og hvað taki þá við.

Núgildandi samningur um mjólkurframleiðsluna tryggir mjólkurframleiðendum stöðugt verð fyrir mjólk innan greiðslumarks sem endurspeglar framleiðslukostnað á hverjum tíma. Þá er tryggð tollvernd gagnvart samkeppni frá innflutningi að undanskildum þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist í samningum WTO um markaðsaðgang á lágmarkstollum.

Framleiðsluferill í mjólkurframleiðslu er langur og fastur kostnaður hátt hlutfall af veltu. Það dregur úr möguleikum framleiðenda til að bregðast skjótt við breytingum á rekstrarforsendum.

Núverandi skipulag og stjórn mjólkurframleiðslunnar byggir á greiðslumarki tengdu við lögbýli og frjálu framsali þeirra. Þetta skipulag hefur í grundvallaratriðum verið í gildi frá því 1. september 1992. Í raun er kvótakerfið framleiðslustýringarkerfi sem er ætlað að stýra framleiðslu í takt við þarfir markaðarins. Framleiðslutenging kvótakerfisins hefur jafnframt verið notuð sem grunnur fyrir stuðning ríkisins við mjólkurframleiðsluna. Greinin ber sjálf úreldingarkostnað með þeim hætti að þeir sem stækka búin kaupa framleiðsluheimildir þeirra sem hætta og fjármagna þannig úreldingu framleiðsluástöðu þeirra. Kostnaður vegna kaupa á greiðslumarki er ekki talinn til gjalda í verðlagsgrundvelli kúabús.

Að mati nefndarinnar mætti nefna eftirfarandi atriði til helstu kosta kvótakerfisins og þess beingreiðsluforms sem hefur fylgt því:

- Jafnvægi hefur haldist milli framleiðslu og neyslu mjólkur og mjólkurafurða.
- Framleiðslustýringin og úthlutun beingreiðslna eru einfaldar í framkvæmd.
- Beingreiðslur til bænda koma til lækkunar á verði mjólkurvara.
- Stuðningur ríkisins hefur verið óháður gagnvart bústærð og staðsetningu.
- Skipulagið leggur ekki hömlur á tilfærslu greiðslumarks og því á innri hagræðing í greininni að stjórna þróuninni.
- Stækkun búanna í krafti frjálu framsals á greiðslumarki hefur skapað forsendur fyrir hagræðingu og bættri samkeppnishæfni.

Að mati nefndarinnar mætti taka helstu veikleika gildandi fyrirkomulags saman sem hér segir:

- Framleiðslutenging ríkisstuðnings fellur undir alþjóðlega samninga og skuldbindingar á vettvangi WTO. Nýir alþjóðasamningar geta þrengt núverandi svigrúm fyrir framleiðslutengdan stuðning.
- Skuldsetning búanna hefur aukist vegna endurnýjunar á vélum, fjósum og kaupa á greiðslumarki.

Ljóst má vera að nokkur skörun kann að vera milli kosta og ókosta og skiptar skoðanir eru uppi um vægi einstakra þátta gagnvart öðrum. Því er ekki um einfalda niðurstöðu að ræða þegar allt er lagt á vogarskálarnar.

Ef reynt er að meta framangreindar upplýsingar um núverandi stöðu mjólkurframleiðslunnar og þróunarhorfur blasir eftirfarandi við:

- Mjólkurinnleggjendum hefur fækkað úr 1.185 árið 1998 í 893 í árslok 2003.
- Búin hafa stækkað verulega á gildistíma nógildandi mjólkursamnings og hefur ársmeðalinnlegg aukist úr 89.212 lítrum árið 1998 í 121.371 lítra árið 2003. Vegna hagræðingarmöguleika og tækniþróunar er líklegt að framleiðslueiningum fækki áfram og þær stækki.
- Frá 1. september 1998 til 31. ágúst 2003, hafa viðskipti með greiðslumark á milli lögbýla numið tæplega 25 milljónum lítra. Það er að meðaltali 4,7% af greiðslumarkinu ár hvert. Á sama tíma urðu handhafabreytingar á greiðslumarki á lögbýlum, án þess að greiðslumark færðist milli lögbýla, um 21 milljón lítra. Það er um 4% greiðslumarksins ár hvert. Í einhverjum mæli er sama greiðslumarkið selt oftar en einu sinni en allt að 45% greiðslumarksins hefur skipt um eigendur á þessu fimm ára tímabili.
- Af um 1.200 búum sem voru starfandi árið 1998, hafa 239 bú hvorki keypt eða selt greiðslumark. Þetta þýðir að um 74% starfandi búa hafa annað hvort keypt eða selt greiðslumark á gildistíma nógildandi samnings.
- Meðalnyt eftir hverja árskú hefur, skv. afurðaskýrslum, farið hækkandi vegna árangurs í kynbótum, bættrar gróffóðuröflunar og aukinnar kjarnfóðurgjafar. Meðalnyt var 4.392 kg/kú árið 1998 en náði 5.063 kg/kú árið 2003.
- Nokkur endurnýjun fjósa hefur átt sér stað á gildistíma nógildandi samnings, mest í legubásafjósum með mjaltabás. Básafjós er algengasta fjósgerðin og í september 2003 voru þau um 73% fjósa.
- Fjárfestingar fóru vaxandi til ársins 2000 en eftir það hefur dregið úr þeim. Um helmingur allra fjárfestinga á tímabilinu 1998-2002 er í vélum og tækjum og um þriðjungur í greiðslumarki.
- Breytilegur og hálfkastur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi milli árana 1998-2002.
- Skuldsetning búanna hefur aukist á gildistíma nógildandi samnings, vegna fjárfestinga í byggingum, vélum og greiðslumarki. Því eru kúabú viðkvæm fyrir breytingum á rekstrarforsendum.
- Samhliða fækkun mjólkurinnleggjenda og úreldingu fjósa hefur hlutfall fjósa með bættri vinnuástöðu og aðbúnaði gripa aukist verulega, að hluta til vegna hertra opinberra krafna til aðbúnaðar gripa og mjólkurgæða.
- Hagnaður kúabúa fyrir laun eigenda hefur haldist óbreyttur á gildistíma nógildandi samnings eða lækkað nokkuð. Reiknuð launagreiðslugeta á hverju búi hefur lítið breyst.
- Mjólkuriðnaðurinn hefur náð fram hagræðingu með fækkun mjólkurbúa. Árið 1998 voru starfandi 12 mjólkurbú en árið 2003 voru þau 9. Á tímabili nógildandi samnings hefur framleiðni vinnuafis aukist um 7%.
- Á tímabilinu 1998-2002 hefur samanlagður árlegur hagnaður afurðastöðva verið á bilinu 100 – 500 m.kr. fyrir greiðslu yfirverðs, á föstu verðlagi ársins

2002. Mestur hluti þessa hagnaðar hefur verið greiddur til framleiðenda sem arður eða yfirverð.

- Bókfært eigið fé mjólkursamlaganna hefur á föstu verðlagi í árslok 2002 lækkað úr 7.794 m.kr. árið 1998 í 7.531 m.kr. árið 2002, eða minnkað um 263 m.kr.
- Ef framreiknuðum hagnaði samlaganna á árunum 1999–2002 (eftir greiðslu yfirverðs til bænda), 502 m.kr., er bætt við framreiknað eigið fé í árslok 1998 til ársins 2002, ætti eigið fé að vera um 8.296 m.kr., en er skv. efnahagsreikningum 7.531 m.kr., eða um 765 m.kr. lægra sem skýrist að meirihluta af því að þáverandi eigendur Mjólkursamlags KEA innleystu eignir úr efnahag mjólkurstöðvarinnar fyrir stofnun Norðurmjólkur.
- Heildarskuldir mjólkursamlaganna voru 1.816 m.kr. árslok 1998, á verðlagi ársins 2002, en voru alls 3.175 m.kr. árið 2002.
- Heildareignir mjólkurstöðvanna voru 9.610 m.kr. í árslok 1998, á verðlagi ársins 2002 en voru 10.707 m.kr. í árslok 2002.
- Í árslok 2002 var veltufjárhlutfall samlaganna 2,00 en hafði verið 3,00 árið 1998. Þá var eiginfjárhlutfall 70% í árslok 2002 og hafði þá lækkað úr 81% árið 1998.
- Greiðsla afurðastöðva er að lágmarki 52,9% af grundvallarverði mjólkur en þáttur beingreiðslna er 47,1%.
- Til að stuðla að hámarksnýtingu innlands markaðar er framkvæmd verðtilfærsla milli einstakra tegunda mjólkurafurða.
- Sala drykkjarmjólkur hefur dregist saman um 5% frá árinu 1998-2003, sala á viðbiti um 8% og á öðrum ferskvörum um 5%. Aftur á móti hefur verið söluaukning á rjóma um 12%, jógúrti um 13%, skyri um 94%, osti um 13% og mjólkurdufti um 1% á tímabilinu.
- Á tímabilinu 1. september 1998 til ársloka 2003 hefur mjólkurverð til framleiðenda hækkað um 28,7% en vísitala neysluverðs um 25,8% og launavísitala um 40,4%.
- Á föstu verðlagi hafa beingreiðslur í mjólk hækkað um 3,1% frá árinu 1998-2002 en séu beinar greiðslur reiknaðar á hvern lítra mjólkur, fyrir sama tímabil, hafa þær hækkað um 2,8%.
- Frá upphafi árs 1998 til ársloka 2003 hækkaði vísitala neysluverðs um 26,1%. Á sama tíma hækkaði smásöluverð nýmjólkur um 17,0%, léttmjólkur og undanrennu um 19,4%, smjörs um 19,9%, jógúrts um 26,7%, osta um 30,8% og annarra mjólkurvara um 23,7% skv. undirvísitölum vísitölu neysluverðs.
- Hækkun heildsöluverðs upphafi árs 1998 til ársloka 2003 nam 27,0% á jógúrti, 26,5% á osti, 26,8% á smjöri, 22,0% á nýmjólk, 23,5% á léttmjólk og undanrennu og 18,1% á öðrum mjólkurvörum. Heildsöluverð mjólkur breyttist ekki um áramótin 2003-2004.
- Markmið nógildandi mjólkursamnings um afnám opinberrar verðlagningar á heildsölustigi hefur ekki náð fram að ganga, en gildistöku ákvæðis þess efnis var frestað frá 1. júlí 2001 til 1. júlí 2004.
- Samkeppni frá innflutningi mun að öllum líkindum verða svipuð og verið hefur út gildistíma nógildandi samnings. Innflutningur er nú um 1,2% markaðarins. Þess virðist ekki að vænta að nýjar skuldbindingar á vettvangi



WTO liggja fyrir fyrir en eftir gildistöku nýs mjólkursamnings. Leiða má að því líkur að nýr WTO-samningur muni bera með sér að bæði heimildir til tollverndar og framleiðslutengds/markaðstruflandi stuðnings muni skerðast töluvert umfram það sem samið var um í síðustu samningum.

- Afnáam opinberrar verðlagningar mjólkurvara á heildsölustigi mun auðvelda aðlögun að skertum heimildum hjá WTO til að veita markaðstruflandi stuðning og gefa svigrúm til að viðhalda framleiðslutengdum beingreiðslum.
- Í krafti öflugrar vöruþróunar hefur staða mjólkur og mjólkurafurða hér á landi verið sterk á matvörumarkaði.
- Markmið mjólkurframleiðslunnar er að framleiða mjólk og mjólkurvörur fyrir innlandan markað enda hefur útflutningur á mjólkurvörum verið lítill.
- Spáð er að mjólkurverð til framleiðenda innan ESB muni lækka nokkuð á komandi árum, sem samfara auknum takmörkunum á tollheimildir stjórnvalda getur aukið þrýsting á verð mjólkur og mjólkurvara hérlendis og haft áhrif á samkeppnishæfni innlendra framleiðslu. Vísendingar eru um að samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu hafi á síðustu árum versnað gagnvart Svíþjóð og Danmörku en lítið breyst gagnvart Finnlandi og Noregi.

## 8 Tillögur nefndarinnar

Nefndin leggur til að neðangreind markmið verði höfð að leiðarljósi við gerð nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Þau eru sett fram með hliðsjón af þróun greinarinnar á undanförunum árum og þeim styrkleikum og veikleikum sem nefndin hefur greint í starfi sínu við athugun á framkvæmd núgildandi samnings og fram koma í 7. kafla hér að framan. Í markmiðunum felst að mjólkurframleiðsla á Íslandi verði áfram öflug og tileinki sér nýjungar til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Jafnframt að ítrústu hagkvæmni sé gætt í framleiðslu mjólkur, vinnslu hennar og dreifingu.

Stöðnun einkenndi rekstur kúabúa þegar drög voru lögð að gildandi mjólkursamningi. Það er mat nefndarinnar að sú þróun sem átt hefur sér stað á gildistíma núgildandi samnings sé um margt jákvæð og að styrkleikar núverandi fyrirkomulags vegi þyngra en veikleikar. Því leggur nefndin til að næsti mjólkursamningur verði gerður á sömu grundvallarforsendum og gildandi samningur.

### 8.1 Markmið nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.
- Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
- Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

- Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluástöðu með eðlilegum hætti.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

## 8.2 Almenn starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar

Ljóst er að alþjóðlegir samningar á vettvangi WTO setja því skorður með hvaða hætti stuðningi við landbúnað er fyrir komið og reikna má fastlega með að yfirstandandi viðræðulota muni leiða til skerðingar á gildandi heimildum aðildarríkja til að stunda framleiðslutengdan og/eða markaðstruflandi stuðning. Slíkur stuðningur verður að rúmast innan heimilda hverju sinni. Afnáam opinberrar verðlagningar á heildsölustigi mun veita aukið svigrúm til að halda framleiðslutengdum beingreiðslum til mjólkurframleiðenda innan heimilda þar sem áhrifa hennar mun þá hætta að gæta í útreikningi á framleiðslu- og markaðstruflandi stuðningi Íslands.

Segja má að framleiðslu- og markaðstruflandi stuðningur sé á undanhaldi vegna þess þrýstings sem hann er undir í alþjóðlegri samningagerð. Þrátt fyrir þá staðreynd hefur stuðningsform af þessu tagi ýmsa kosti, en beingreiðslur hérlendis nýtast t.a.m. til lækkunar á vöruverði til neytenda. Framleiðslutengtstuðningsfyrirkomulag með framseljanlegu greiðslumarki sem hér hefur verið stundað hefur jafnframt stuðlað að hagræðingu í greininni. Nefndin telur því æskilegt að viðhalda þessum eiginleikum stuðningsfyrirkomulagsins á meðan það er unnt. Á gildistíma komandi samnings þyrfti hins vegar að kanna til hlítar hvort og þá hvernig koma megi stuðningi við landbúnað, þ.m.t. mjólkurframleiðslu, fyrir með öðrum hætti sem betur samræmist þeirri þróun sem alþjóðlegir samningar boða og víðtæk sátt getur ríkt um. Þessi sjónarmið þarf að hafa í huga þegar gildistími næsta samnings verður ákveðin.

Búast má við töluverðum breytingum á alþjóðlegu starfsumhverfi landbúnaðarins á komandi árum, sem óumflýjanlega munu hafa áhrif á mjólkurframleiðslu hérlendis. Spáð er lækkandi mjólkurverði til framleiðenda í nágrannalöndum Íslands á komandi árum. Ennfremur verður að gera ráð fyrir að yfirstandandi viðræðulota innan WTO boði auknar takmarkanir á tollheimildir stjórnvalda, rýmri innflutningsmöguleika og því aukna samkeppni erlendis frá. Því verður brýnt fyrir greinina að halda áfram að hagræða í framleiðslu, vinnslu og dreifingu mjólkurafurða og leitast við að bæta samkeppnisstöðu sína þannig að unnt verði að lækka vöruverð til neytenda. Í þessu sambandi skal einnig vakin athygli á nauðsyn þess að það eigið fé sem bundið er í mjólkurvinnslunni nýtist áfram í greininni án þess að til endurfjármögnunar á mjólkursamlögum komi.

Skuldaaukning margra framleiðenda er áhyggjuefni, en hafa verður í huga að í upphafi þess tímabils sem hér hefur verið skoðað hafði endurnýjun fjárfestinga verið óeðlilega lítil. Sú uppbygging og samþjöppun sem orðið hefur þessi ár hefur kostað sitt og kemur það fram í skuldaaukningunni, enda hefur greinin sjálf borið úreldingarkostnað. Ljóst er að mjólkurframleiðendum muni fækka áfram og að búin muni halda áfram að stækka í viðleitni til að tryggja hagkvæmari og samkeppnishæfari framleiðslu. Gæta verður þess að rekstur og afkomumöguleikar í greininni standi undir fjárfestingum. Í því sambandi telur nefndin æskilegt að þróunin verði með þeim hætti að verð á greiðslumarki fari lækkandi á gildistíma komandi

mjólkursamnings. Telur nefndin æskilegt að könnuð verði áhrif skattalegrar meðferðar viðskipta með greiðslumark á verðmyndun þess.

### 8.3 Stuðningur við mjólkurframleiðsluna

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að framleiðslutengdum beingreiðslum verði viðhaldið á gildistíma komandi samnings. Gildistími komandi samnings verði nýttur til að undirbyggja þær stefnubreytingar, sem óhjákvæmilegar kunna að verða vegna skuldbindinga samfara alþjóðasamningum. Það er mat nefndarinnar að með þessu móti sé lagður grunnur að lækkandi vöruverði til neytenda þegar horft er til framtíðar.

Til að stuðla að lækkun á verði greiðslumarks telur nefndin koma til greina að nokkur hluti beingreiðslanna verði greiddur á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki og/eða sem sérstakur óframleiðslutengdur stuðningur, sem uppfyllir skilyrði WTO um grænar greiðslur.

### 8.4 Framleiðslustjórnun

Með hliðsjón af þeirri greiningu sem fram kemur í kafla 7 hér að framan telur nefndin núverandi kvótakerfi hafa meiri kosti en annmarka, m.a. vegna þess að það tryggir jafnvægi í framleiðslu og sölu og festu í starfsumhverfinu. Því leggur nefndin til að núverandi kvótakerfi verði áfram við lýði á gildistíma komandi mjólkursamnings.

Til þessa hefur ekki verið talin ástæða til að setja hömlur á samþjöppun í greininni, enda hefur sú þróun sem átt hefur sér stað til fækkunar og stækkunar kúabúanna undanfarin ár almennt verið talin jákvæð út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Innan nefndarinnar hafa ýmis sjónarmið verið rædd hvað þetta varðar, m.a. með hliðsjón af þeirri staðreynd að landbúnaður er hornsteinn atvinnu og byggðar víðsvegar um landið og því mikið undir þróun atvinnuvegarins komið. Víða í nágrannalöndum, t.d. innan ESB, er opinber stuðningur við landbúnaðarstarfsemi í vaxandi mæli að færast frá búvöruframleiðslunni sjálfri og að öðrum gildum, s.s. byggð, landnýtingu og umhverfi.

Í ljósi þess að það getur orkað tvímælis að óheft samþjöppun geti átt sér stað í grein sem nýtur jafnmikils opinbers stuðnings og raun ber vitni í tilfelli mjólkurframleiðslunnar komu fram hugmyndir innan nefndarinnar um hámark á þá bústærð sem beinar greiðslur eru greiddar á, þó með þeim hætti að slíkt drægi ekki til skaða úr stærðarhagkvæmni í framleiðslunni. Með þessu móti væri jafnframt verið að koma til móts við kröfur um sjúkdómavarnir, dýravelferð og heilnæmi afurðanna og þar með styrkja ímynd og stöðu framleiðslunnar í samkeppni við erlendar búvörur. Skiptar skoðanir voru þó um ágæti slíkra tillagna, ekki síst í ljósi þeirrar nauðsynjar að tryggja sem mesta hagkvæmni í framleiðslunni svo greinin geti farsællega tekist á við þá vaxandi erlendu samkeppni sem blasir við á komandi árum.

Full ástæða er að nýta gildistíma komandi samnings til að kanna aðra valkosti og hugsanleg áhrif þeirra á þróun greinarinnar, en nefndin telur að svo stöddu ekki forsendur til að hverfa frá því framleiðslustjórnunarfyrirkomulagi sem nú ríkir.

## 8.5 Verðlagning

Nefndin skilar starfi sínu við þær aðstæður að vegna réttaróvissu (sjá kafla 3.2.1) hefur ekki verið fært að leggja af opinbera verðlagningu á mjólk og mjólkurafurðum á heildsölustigi eins og stefnt hefur verið að. Nefndin telur að áfram beri að stefna að þessu markmiði, en slíkt er m.a. mikilvægur liður í þeirri aðlögun sem nauðsynleg er vegna þeirra skuldbindinga sem yfirstandandi WTO-samningar boða. Nefndin leggur þó áherslu á að óskynsamlegt væri að afnema opinbera verðlagningu við þau skilyrði sem nú ríkja, enda ljóst að það starfsumhverfi sem samningsaðilar gengu út frá að yrði raunin eftir afnám opinberrar verðlagningar verður ekki tryggt nema með lagabreytingum. Áframhaldandi stöðugleiki og fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur á þeirri þróunarbraut sem mjólkurframleiðsla og –vinnsla hefur verið á undanfarin ár og verður að gæta þess að fórna ekki hagræðingarmöguleikum í skipulagi greinarinnar í vaxandi samkeppni við erlendar búvörur. Ennfremur telur nefndin brýnt að í nýjum mjólkursamningi verði mótuð skýr aðhaldsskilyrði fyrir frjálsa verðlagningu, t.a.m. í krafti hagræðingarkröfu á vinnslustöðvar og/eða í gegnum lækkun innflutningstolla og aukningu tollkvóta, en þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi sem stendur vegna ákvæða gildandi mjólkursamnings. Leggur nefndin til í því skyni að gildistími núgildandi mjólkursamnings verði nýttur til að eyða réttaróvissunni og að nýr samningur kveði á um að eftirlit verði haft með verðlagningu mjólkurafurða og afkomu afurðastöðvanna með möguleikum á inn gripum stjórnvalda til að knýja fram hagræðingu í mjólkuriðnaði og stuðla að eðlilegri verðþróun.

## 8.6 Neytendur

Það er skoðun nefndarinnar að nýr mjólkursamningur á þeim grunni sem lýst er hér að ofan verði vel til þess fallinn að tryggja hagsmuni neytenda og skattgreiðenda á sama tíma og stuðlað er að áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Hagræðingaraðgerðir í mjólkuriðnaðinum hafa skilað umtalsverðum árangri sem að stærri hluta hefur farið til innleggjenda. Til að tryggja samkeppnisstöðu mjólkurvaranna er nauðsynlegt að neytendur njóti í meira mæli þessa ávinnings. Stuðla má að slíkri þróun með þeim aðhaldsskilyrðum sem fjallað er um í kafla 8.5 hér að ofan, og eðlilegt er að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, sbr. núverandi skipan Verðlagsnefndar.

Aðgengilegar hagtölur sem lýsa þróun í íslenskri mjólkurframleiðslu og -vinnslu eru nauðsynleg forsenda bæði fyrir opinni umræðu um stöðu og horfur í greininni svo og fyrir ákvörðunum sem snerta greinina. Komið hefur í ljós við störf nefndarinnar að nauðsynlegt er að bæta upplýsingar um afkomu og stöðu greinarinnar og leggur nefndin til að sérstakt átak verði gert í þeim efnum.

**Viðauki 1: Samanburður sömu kúabúa 1998-2002***Skýrsla Hagþjónustu landbúnaðarins, unnin að beiðni nefndarinnar.***INNGANGUR**

Í samantekt þeirri, sem hér fer á eftir, er unnið með gögn úr rekstri sérhæfðra kúabúa sem komu til uppgjörs í gagnagrunni búreikninga árin 1998-2002. Um er að ræða samanburð á niðurstöðum rekstrar sömu 31 búanna á tímabilinu. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2002 samkvæmt vísitölu neysluverðs með húsnæði nema annars sé getið.

**BÚSTÆRÐ**

Líkt og fram kemur í töflu 1 er bústærð í úrtakinu að meðaltali 28 mjólkurkúr við upphaf tímabils (1998) og 31 mjólkurkúr í lok þess (2002). Innlegg í afurðastöð er 111.353 lítrar 1998 samanborið við 140.066 lítra 2002. Greiðslumark er 103.530 lítrar (1998) og 128.934 lítrar (2002). Aukning nemur alls 25.404 lítrum. Innlegg í afurðastöð umfram rétt er 7,5% til 8,5% á tímabilinu. Miðað við innvegið magn í afurðastöð er nyt mjólkurkúu 3.977 lítrar 1998 samanborið við 4.518 lítra 2002; aukning nemur 541 lítrum.

Úrtaksbúin eru með að meðaltali um 20% meira innlegg á ári í afurðastöð á tímabilinu 1998-2002 eða um 123.260 lítra samanborið við meðalinnvigtun á framleiðanda í landinu sem er um 102.644 lítrar á sama árabili. Samanburður við heildarúrtak búreikninga leiðir í ljós að úrtaksbúin eru með að meðaltali u.þ.b. 4% stærra innlegg á ári í afurðastöð [en heildarsafnið]. Líkt og fram kemur í töflu 4 eru úrtaksbúin mjög sérhæfð og er hlutfall tekna af nautgripum um 97% af reglulegri starfsemi (heildarþúgreinatekjum) öll árin.

**UMFJÖLLUN**

Í rekstraryfirliti (töflu 7) kemur fram að tekjur af reglulegri starfsemi eru um 9,7 milljónir króna 1998 og 11,5 milljónir króna 2002; aukning nemur um 2 milljónum króna eða 19%. Tekjur af nautgripaafurðum aukast hlufallslega um 21% á tímabilinu en aðrar þúgreinatekjur dragast saman um 30%. Breytilegur kostnaður hækkar um 23% á tímabilinu en helst nánast óbreyttur í krónutölu á lítra innleggs og er um 31 króna að meðaltali á ári. Aukin framlegð nemur um 1 milljón króna en framlegðarstig lækkar um 1,3 prósentustig (63,6% í 62,3%). Mest munar um auknar tekjur vegna aukins mjólkurinnleggs vegna kaupa á greiðslumarki (öll árin) ásamt auknum tekum af innleggi umfram greiðslumark (þau ár sem greitt er fullt verð fyrir próteinhluta afurðaverðs). Vægi annarra þúgreinatekna rýrnar hins vegar á tímabilinu. Hálfastur kostnaður helst óbreyttur að krónutölu (1,9 milljónir króna), en lækkar hlufallslega deilt á lítra innleggs, úr kr. 17,26 kr/lítra í 13,42 kr/lítra, eða um 22%. Afskriftir eru mjög svipaðar að krónutölu öll árin og eru um 2,2 milljónir króna á ári að meðaltali. Um 2/3 hluti afskrifta eru vegna niðurfærslu greiðslumarks og afskrifta véla. Fjármagnsliðir hækka verulega á tímabilinu eða úr 444 þús. krónum í 1.335 þús krónur (201%). Til skýringar er m.a. að verðbreytingarfærsla<sup>1</sup> er ekki reiknuð eftir árið 2001 en hún hefði mildað hækkun fjármagnsliða á árinu 2002 (sbr. hækkun neysluverðsvísitölu um 4,8% á milli 2001 og 2002). Hins vegar hækka hrein vaxtagjöld úr 565 þús. krónum í 1.380 þús. krónur eða um 144%. Hrein vaxtagjöld

<sup>1</sup> Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.

eru, sem hlutfall af heildarþúgreinatekjum, 5,8% 1998 samanborið við 12% 2002. Aðrar tekjur dragast saman um 31% á tímabilinu (einkum vegna tiltölulega hás söluhagnaðar við upphaf þess). Vægi annarra tekna sem hlutfall af heildartekjum rýrnar þannig úr 6% (1998) í 3% (2002). Hagnaður fyrir laun eigenda helst svipaður að krónutölu öll árin og er að meðaltali í kringum 2,1 milljón króna.

Á efnahagsyfirliti (tafla 8) kemur fram að veltufjármunir aukast úr 1.191 þús. króna (1998) í 1.240 þús. krónur (2002) eða um 4%; veltufjárhlutfall hækkar úr 0,28 í 0,34. Bætt lausafjárstaða (og aðrar inneignir) eru einkum til skýringar. Fastafé búanna rýrnar á tímabilinu úr 16,7 milljónum króna í 15,1 milljónir króna eða um 1,6 milljónir króna (10%). Einkum er til skýringar lækking matsverðs útihúsa, bústofns og ómetnar framkvæmdir.<sup>2</sup> Skuldir aukast verulega á tímabilinu eða úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna (43%), en hlutfall skammtímaskulda í heildarskuldum<sup>3</sup> lækkar úr 41% (1998) í 25% (2002). Samfara eykst hlutfall langtímaskulda úr 59% (1998) í 75% (2002). Skammtímaskuldir lækka einkum vegna uppgreiðslu víxilskulda en langtímaskuldir aukast einkum vegna aukinnar lántöku hjá Lánasjóði landbúnaðarins (um 3,3 milljónir króna) og vegna aukinna annarra langtímalána (um 1,7 milljónir króna). Höfuðstóll rýrnar á tímabilinu úr 7,6 milljónum króna í 1,6 milljónir króna. Til skýringar eru einkum einkaúttektir umfram getu rekstrar [samkvæmt hagnaði fyrir laun eigenda] til að greiða laun og arð af eigin fé (auk rýrnunar einkaeigna), sem hvorutveggja færast yfir höfuðstól.

## NIÐURSTAÐA

Rekstur þeirra kúabúa sem hér eru til skoðunar er mjög sérhæfður, þ.e. um 97% af reglulegri starfsemi (þúgreinatekjum) eru af nautgripaafurðum. Meðalinnvigtun í afurðastöð er á bilinu 111-140.000 lítrar á tímabilinu sem er 20% hærra en samsvarandi meðalinnvigtun á landsvísu og um 4% hærra en á sérhæfðum kúabúum í árlegum búreikningauppgjörum. Búin auka við framleiðslurétt sinn að jafnaði um nær 5% á ári á tímabilinu. Innlegg umfram greiðslumark á árinu 2002 ber vott um ónýtta framleiðslugetu sem bendir til þess að frekari kaup á framleiðslurétti séu til þess fallin að skila ávinningi í rekstri.<sup>4</sup>

Niðurstaða rekstrar á tímabilinu er í heild jákvæð. Vergar þáttatekjur<sup>5</sup> aukast um nær 900 þúsund krónur á tímabilinu og gefa skýra mynd af heildarráðstöfunarfé búanna. Breytilegur kostnaður helst hlutfallslega stöðugur og hálfastur kostnaður lækkar hlutfallslega. Framlegð er mjög viðunandi þrátt fyrir marktæka lækkingu á framlegðarstigi. Hrein vaxtagjöld hækka hins vegar umtalsvert á tímabilinu og vaxa úr tæplega 6% í 12% sem hlutfall af þúgreinatekjum. Yfirlit yfir vergar þáttatekjur sýnir, að nær allri aukningu þeirra er ráðstafað í kostnað vegna fjármagnsliða, en vægi vaxtagreiðslna sem hlutfall af þúgreinatekjum eykst úr 8% í 21% á tímabilinu. Fjármagnskostnaður helst í hendur við auknar skuldir sem hækka úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna, en heildarskuldir sem hlutfall af þúgreinatekjum aukast

<sup>2</sup> Leiðrétting vegna fyrnanlegra mannvirkja samkvæmt mati til fasteignaverðs.

<sup>3</sup> Að teknu tilliti til virðisaukaskattsuppgjör.

<sup>4</sup> Kaup á greiðslumarki og aðrar fjárfestingar þurfa þó ætíð að vera í takt við getu búanna hverju sinni til að standa við skuldbindingar og til að geta staðið straum af framfærslu bóndans og fjölskyldu hans. Í þessu sambandi má geta þess að rannsóknir Hagþjónustu landbúnaðarins gefa vísbendingu um að ávinningur af kaupum á greiðslumarki geti tekið á bilinu 2-5 ár að skila sér að fullu.

<sup>5</sup> Það fé sem búin hafa til ráðstöfunar til skiptingar milli vinnuafls og fjármagns, án tillits til fyrri eða núverandi skuldbindinga.

úr 106% í 128% á tímabilinu. Breyting á samsetningu heildarskulda, þ.e. aukið vægi langtímaskulda er hins vegar jákvæð þróun. Hagnaður fyrir laun eigenda er að mestu stöðugur á tímabilinu og er árlega í kringum 2 milljónir króna.

Höfuðstóll rýrnar umtalsvert og fellur úr 7,4 milljónum króna í 1,6 milljónir króna á tímabilinu. Meginástæða eru úttektir eigenda, sem ár hvert eru hærri en sem nemur hagnaði fyrir laun eigenda (sem er geta búrekstrar til að greiða laun og arð af eigin fé). **Varasamt** er hins vegar að draga ályktun af fjárhæð höfuðstóls til samræmis við það sem almennt gerist í uppgjörum ársreikninga í öðrum atvinnuvegum, vegna þess að á landbúnaðarframtali<sup>6</sup> eru einkatekjur og einkaskuldir lagðar við höfuðstól í árslok, en einkaúttektir, gjöld vegna bifreiða og einkaeignir dregnar frá.

**Tafla 1. Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búá samkvæmt uppgjöri búreikninga; um búin**

UPPLÝSINGAR UM BÚIN	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur	Br. í % 1998-2002
Fjöldi reikninga	31	31	31	31	31	0	0
Fjöldi mjólkurkúa	28	29	30	31	31	3	11
Fjöldi vetrarfóðraða kinda	38	30	33	31	34	-4	-11
Greiðslumark í mjólk, ærgildi	595	641	676	700	741	146	25
Innvegnir mjólkurlítrar í mjólkurstöð	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	28.713	26
Greiðslumark í mjólk, ltr.	103.530	111.314	117.624	121.800	128.934	25.404	25
Innlegg umfram greiðslumark, ltr.	7.823	6.530	1.950	5.653	11.132	3.309	42
Nyt mjólkurkúa skv. innleggi, ltr/kú	3.977	4.064	3.986	4.111	4.518	541	14
Stærð túna, ha	39	41	40	41	41	2	5
Magn heys, FE	142.239	142.276	154.895	166.696	151.316	9.077	6
Skráð mánaðarverk, mánuðir	26	26	25	23	21	-5	-19
Meðalinnv. búreikn.búa; úrtak búa, ltr.	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	-	-
Meðalinnv. búreikn.búa; öll bú <sup>1)</sup> , ltr	99.249	106.479	115.133	126.939	145.806	-	-
Mismunur, ltr	12.104	11.365	4.441	515	-5.740	-	-
Meðalinnv. á búreikn.bú; úrtak búa, ltr.	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	-	-
Meðalinnv. á framl. á landinu, ltr. <sup>2)</sup>	89.212	95.540	100.120	109.120	119.226	-	-
Mismunur, ltr	22.141	22.304	19.454	18.333	20.840	-	-
Verðlagsgrundv. bú; viðmiðun, ltr.	79.443	79.443	79.443	188.000	188.000	-	-

1) Fjöldi sérhæfðra kúabúa í búreikningum árið 1998: alls 225 bú; árið 1999: 194 bú; árið 2000: 206 bú; árið 2001: 168 bú og árið 2002: 119 bú.

2) Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

<sup>6</sup> Þessi uppgjörsaðferð er einnig viðhöfð hjá sjálfstætt starfandi smábátasjómonnum og vörubifreiðastjórum.

**Tafla 2 Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga; samantekt upplýsinga úr rekstrarreikningi (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)**

ÞÆTTIR ÚR REKSTRARYFIRLITUM	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Búgreinatekjur	9.703	10.281	10.400	10.806	11.517	1.813	19
Breytilegur kostnaður	3.536	3.556	3.737	3.845	4.340	804	23
Framlegð	6.167	6.725	6.663	6.961	7.176	1.009	16
Framlegðarstig(%)	63,6	65,4	64,1	64,4	62,3	-1,3	-2
Hálffastur kostnaður	1.922	2.133	2.126	2.123	1.879	-43	-2
Afskriftir	2.192	2.454	2.345	2.365	2.168	-24	-1
Fjármagnsliðir	444	513	792	808	1.335	891	201
Aðrar tekjur	539	345	370	369	369	-170	-31
Hagnaður/(tap) f. laun eigenda	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163	15	1
Hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0	0	0
Reiknuð launagreiðslugeta	2.633	2.537	2.374	2.602	2.708	-	-
Vergar þáttatekjur	5.269	5.504	5.512	5.772	6.211	-	-
[Brúttótekjur] <sup>1)</sup> á mj.kú. (kr)	331.000	342.034	332.333	336.290	361.774	-	-
[Brúttótekj.] <sup>2)</sup> á innl.mj.l.(kr)	83,23	84,17	83,38	81,79	80,07	-	-

1) Heildartekjur af nautgripum deilt með fjölda mjólkurkúa.

2) Heildartekjur af nautgripum deilt með innvegna magni mjólkur.

**Tafla 3 Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga; samantekt upplýsinga úr efnahagsreikningi (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)**

ÞÆTTIR ÚR EFNAHAGSYFIRLITUM	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur í þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Veltufjármunir	1.191	1.702	1.379	1.394	1.240	49	4
Fastafé	16.734	16.342	1.645	15.830	15.127	-1.606	-10
Eignir alls	17.924	18.044	17.784	17.224	16.367	-1.557	-9
Skammtímaskuldir	4.250	4.411	5.403	5.106	3.645	-605	-14
Langtímaskuldir	6.073	6.750	7.718	7.969	11.099	5.025	83
Skuldir alls	10.323	11.161	13.121	13.075	14.743	4.420	43
Höfuðstóll	7.601	6.883	4.664	4.149	1.624	-5.977	79
Skuldir og höfuðstóll	17.924	18.044	17.784	17.224	16.367	-1.557	-9
Veltufjárhlutfall	0,28	0,39	0,26	0,27	0,34	-	-
Eiginfjárhlutfall	0,42	0,38	0,26	0,24	0,10	-	-
Skuldir sem hlutf. af búgr.tekj. (%)	106	109	126	121	128	-	-

**Tafla 4 Rekstrarþættir sem hlutfall af heildartekjum á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga**

REKSTRARÞÆTTIR SEM HLUTFALL AF HEILDARTEKJUM	1998	1999	2000	2001	2002
Búgreinatekjur	95	97	97	97	97
Breytilegur kostnaður	35	33	36	35	37
Framlegð	60	65	61	62	60
Hálffastur kostnaður	19	20	20	19	16
Afskriftir	21	23	22	21	18
Fjármagnsliðir	4	5	7	7	11
Aðrar tekjur	5	3	3	3	3
Hagnaður fyrir laun eigenda	21	19	16	18	18



**Tafla 5** Vergar þáttatekjur á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu bóa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

VERGAR ÞÁTTATEKJUR	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur í þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Vergar þáttatekjur alls	5.269	5.504	5.512	5.772	6.211	942	18
- þ.a. hagnaður fyrir laun eigenda	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163	15	1
- þ.a. [aðkeypt] laun og launat.gjöld	485	568	604	565	545	60	12
- þ.a. afskriftir	2.192	2.454	2.345	2.365	2.168	-24	-1
- þ.a. fjármagnsliðir	444	513	792	808	1.335	891	201
Vergar þáttatekj.; br. milli ára (%)	-	4,5	0,1	4,7	7,6	-	-

**Tafla 6** Fjárfestingar á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu bóa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr á verðlagi ársins 2002)

FJÁRFESTINGAR	1998	1999	2000	2001	2002
Fjárfestingar alls	3.394	2.460	3.298	1.825	782
- þ.a. bústofn	180	61	15	14	0
- þ.a. vélar og tæki	1.698	1.337	1.446	918	525
- þ.a. ræktun	0	0	0	22	0
- þ.a. jörð	0	0	364	0	0
- þ.a. byggingar	571	564	412	122	92
- þ.a. greiðslumark	945	497	1.060	748	164
Fjárfestingar, breyting milli ára (%)	-	27,5	34,1	44,7	57,2

*Tafla 7 Rekstraryfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)*

REKSTRARYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús. kr.	Br. í % 1998-2002
<b>1. Búgreinatekjur alls</b>	<b>9.703</b>	<b>10.281</b>	<b>10.400</b>	<b>10.806</b>	<b>11.517</b>	<b>1.813</b>	<b>19</b>
- þ.a. af nautgripaafurðum	9.268	9.919	9.970	10.425	11.215		
- þ.a. aðrar búgreinatekjur	434	360	427	380	302		
<b>2. Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>3.536</b>	<b>3.556</b>	<b>3.737</b>	<b>3.845</b>	<b>4.340</b>	<b>804</b>	<b>23</b>
- þ.a. föður	973	1.003	1.030	1.193	1.413		
- þ.a. áburður og sáðvörur	627	601	624	485	660		
- þ.a. rekstur búvéla	341	325	403	394	194		
- þ.a. rekstrarvörur	375	417	420	456	725		
- þ.a. þjónusta	1.012	1.037	1.139	1.261	1.349		
<b>3. Framlegð</b>	<b>6.167</b>	<b>6.725</b>	<b>6.663</b>	<b>6.961</b>	<b>7.176</b>	<b>1.009</b>	<b>16</b>
Framlegðarstig, (%)	63,6	65,4	64,1	64,4	62,3	-1,3	-2
<b>4. Hálfkastur kostnaður</b>	<b>1.922</b>	<b>2.133</b>	<b>2.126</b>	<b>2.123</b>	<b>1.879</b>	<b>-43</b>	<b>-2</b>
- þ.a. aðkeypt laun og launt. göld	485	568	604	565	545		
- þ.a. viðhald útihúsa	404	327	291	270	296		
- þ.a. vélar og tæki	53	64	62	35	38		
- þ.a. viðhald girðinga o.fl.	66	119	146	140	83		
- þ.a. tryggingar, skattar	156	130	152	159	145		
- þ.a. rafmagn, hitaveita	179	202	184	171	202		
- þ.a. ýmis gjöld	47	45	55	50	69		
- þ.a. annar kostnaður	110	126	136	145	81		
- þ.a. leigugjöld	91	122	99	139	104		
- þ.a. rekstrarkostn. vörubifreiðar	13	41	16	12	26		
- þ.a. rekstrarkostnaður bifreiðar	317	390	379	437	290		
<b>5. Afskriftir</b>	<b>2.192</b>	<b>2.454</b>	<b>2.345</b>	<b>2.365</b>	<b>2.168</b>	<b>-24</b>	<b>-1</b>
- þ.a. v/útihúsa	522	663	443	463	362		
- þ.a. v/ræktunar	35	38	42	36	37		
- þ.a. v/véla	963	1.054	978	956	823		
- þ.a. v/annarra afskrifta	10	1	2	3	3		
- þ.a. v/niðurfærslu greiðslumarks	661	697	881	908	944		
<b>6. Fjármagnsliðir</b>	<b>444</b>	<b>513</b>	<b>792</b>	<b>808</b>	<b>1.335</b>	<b>891</b>	<b>201</b>
- þ.a. vaxtatekjur (-)	-27	-35	-46	-45	-45		
- þ.a. vaxtagjöld	565	965	1.193	1.673	1.380		
- þ.a. verðbreytingafærsla (+/-)	-73	-376	-295	-787	0		
<b>7. Aðrar tekjur</b>	<b>539</b>	<b>345</b>	<b>370</b>	<b>369</b>	<b>369</b>	<b>-170</b>	<b>-31</b>
- þ.a. söluhagnaður/-tap	257	105	127	99	27		
- þ.a. sala greiðslumarks	142	0	0	56	12		
- þ.a. tapaðar viðskiptakröfur	0	0	0	-12	-6		
- þ.a. framleiðslustyrkir (-)	49	128	136	83	182		
- þ.a. ýmsar tekjur	92	112	107	141	155		
<b>8. Hagnaður/(tap) f. laun eigenda</b>	<b>2.148</b>	<b>1.969</b>	<b>1.770</b>	<b>2.033</b>	<b>2.163</b>	<b>15</b>	<b>1</b>
<b>9. Hagnaður/(tap) 0-búgreina</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

*Tafla 8 Efnahagsyfirlit á sérhæfð kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búna samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)*

EFNAHAGSYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús. kr.	Br. í % 1998-2002
<b>10. Veltufjármunir</b>	<b>1.191</b>	<b>1.702</b>	<b>1.379</b>	<b>1.394</b>	<b>1.240</b>	<b>49</b>	<b>4</b>
- þ.a. sjóður og bankainnist.	81	258	75	90	421		
- þ.a. kaupfélag	289	372	247	253	118		
- þ.a. viðskiptakröfur	190	226	215	212	463		
- þ.a. verðbréf	-12	56	39	35	11		
- þ.a. aðrar inneignir	435	451	389	442	22		
- þ.a. stofnsjóðir	207	183	213	203	0		
- þ.a. birgðir	0	157	200	159	204		
<b>11. Fastafé</b>	<b>16.734</b>	<b>16.342</b>	<b>16.405</b>	<b>15.830</b>	<b>15.127</b>	<b>-1.606</b>	<b>-10</b>
- þ.a. bústofn	4.191	4.502	3.932	3.926	3.785		
- þ.a. vélar og tæki	3.887	3.786	3.998	3.816	3.945		
- þ.a. ræktun	654	638	672	670	706		
- þ.a. útihús	5.197	5.725	5.612	5.269	4.730		
- þ.a. land	321	175	185	186	193		
- þ.a. hlunnindi	56	52	50	47	0		
- þ.a. ómetnar framkvæmdir	671	6	11	4	-392		
- þ.a. framleiðsluréttur	1.718	1.409	1.886	1.835	1.973		
- þ.a. stofnsjóðir	39	50	59	76	188		
<b>12. Eignir alls</b>	<b>17.924</b>	<b>18.044</b>	<b>17.784</b>	<b>17.224</b>	<b>16.367</b>	<b>-1.557</b>	<b>-9</b>
<b>13. Skammtímaskuldir</b>	<b>4.250</b>	<b>4.411</b>	<b>5.403</b>	<b>5.106</b>	<b>3.645</b>	<b>-605</b>	<b>-14</b>
- þ.a. kaupfélag	536	678	524	413	595		
- þ.a. afurðalán	0	0	0	6	0		
- þ.a. skuldabréfalán	2.532	2.734	3.549	3.696	2.091		
- þ.a. víxillán	650	267	651	267	115		
- þ.a. aðrar skuldir	520	596	532	537	610		
- þ.a. opinber gjöld-bú	0	0	0	24	0		
- þ.a. uppgjör Vsk	11	136	147	163	234		
<b>14. Langtímaskuldir</b>	<b>6.073</b>	<b>6.750</b>	<b>7.718</b>	<b>7.969</b>	<b>11.099</b>	<b>5.025</b>	<b>83</b>
- þ.a. Lánasjóður landbún.	4.336	4.654	5.451	5.466	7.690		
- þ.a. önnur langtímalán	1.704	2.066	2.198	2.070	3.409		
- þ.a. Bjargráðasjóður	0	0	69	71	0		
- þ.a. lífeyrissjóðir	34	30	0	361	0		
<b>15. Skuldir alls</b>	<b>10.323</b>	<b>11.161</b>	<b>13.121</b>	<b>13.075</b>	<b>14.743</b>	<b>4.420</b>	<b>43</b>
<b>16. Höfuðstóll</b>	<b>7.601</b>	<b>6.883</b>	<b>4.664</b>	<b>4.149</b>	<b>1.624</b>	<b>-5.977</b>	<b>-79</b>
- þ.a. höfuðstóll í ársbyrjun	7.533	7.724	7.347	5.640	3.458		
- þ.a. endurmatsreikningur	329	230	-213	252	-83		
- þ.a. hagnaður/(tap) f. laun eig.	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163		
- þ.a. laun utan bú	17	23	9	9	17		
- þ.a. laun utan bú- maki	112	71	79	71	10		
- þ.a. hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0		
- þ.a. einkaútgjöld	-2.376	-2.714	-3.680	-3.103	-3.729		
- þ.a. einkatekjur	117	45	110	73	18		
- þ.a. bifreið	-69	-8	-21	5	-160		
- þ.a. einkaeignir	-945	-1.125	-1.521	-1.547	-216		
- þ.a. einkaskuldir	735	668	784	713	145		
<b>17. Skuldir og höfuðstóll</b>	<b>17.924</b>	<b>18.044</b>	<b>17.784</b>	<b>17.224</b>	<b>16.367</b>	<b>-1.557</b>	<b>-9</b>

## Viðauki 2: Afkoma kúabænda árið 2002

*Grein úr tímaritinu Frey 9/2003, bls. 31-34. Greinin er birt með góðfúslegu leyfi höfundar.*

### Inngangur

Í þessari grein er fjallað um afkomu kúabænda á árinu 2002 með tilliti til þróunar síðustu ára eftir því sem hún birtist í skýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins um uppgjör búreikninga. Einnig er nefnd nokkur atriði sem varða framtíð rekstrarins og líklegar breytingar í rekstrarumhverfinu. Vinnuþáttur bóndans og hans fólks er lítt mældur og verður hver og einn að mynda sér skoðun á því hvað aukið eða minnkað vinnuframlag eigenda vegur í þeim breytingum sem hér eru birtar.

### Viðmiðunarbú

Þau gögn sem notuð eru við þessa umfjöllun eru tekin upp úr búreikningaskýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins og birt hér á töfluformi. Ég tók þá ákvörðun að vinna nær eingöngu með gögn frá stærri kúabúum og setti mörkin við 900 ærgildi sem samsvarar 156.500 lítra framleiðslu. Meðalinnlegg þeirra 36 búa sem mynda þennan viðmiðunarahóp fyrir árið 2002 er rétt rúmlega 200.000 lítrar og hefur meðalstærð þessa hóps hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Í einhver skipti vitna ég í önnur gögn en þá er það sérstaklega tekið fram.

Búreikningar Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir árið 2002 eru reyndar ekki sérstaklega vel dreifðir á landið og hefur Norðausturland of mikið vægi og Suðurland of lítið. Annar galli er á gagnagrunni Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir árið 2002 og það er að tölur um bifreiðakostnað vantar í marga reikninga en ég leiðrétti það á þann hátt að halda þeim kostnaði óbreyttum frá fyrra ári. Ástæða er til að ætla að upplýsingar um birgða og bústofnsbreytingar vanti í jafnmarga búreikninga en það skiptir minna máli upp á samanburðinn. Þessum galla í gagnasafninu verður væntanlega kippt í liðinn á næsta ári. Í búreikningaskýrslunni segir einnig (á bls 8) að kaup á fullvirðisrétti hafi dregist saman á milli ára og er þar átt við samanburð sömu búa. Búreikningarnir sjálfir (á bls. 88) sýna hins vegar hækkun á fyrningum fullvirðisréttar milli ára og einnig hækkun á bókfærðu virði fullvirðisréttar og í ljósi þess að um línulega 5 ára fyrningu er að ræða bendir það til þess að upplýsingar um að kaup á fullvirðisrétti hafi dregist saman á milli ára séu rangar. Í viðmiðunargrunninum sem hér fylgir virðast kaup á fullvirðisrétti einnig vera að aukast en hér ber að geta þess að ekki er um samanburð sömu búa að ræða.

### Helstu breytingar frá fyrra ári.

Þegar rætt er um afkomu kúabænda á árinu 2002 fer mest fyrir jákvæðum þáttum. Arðsemi rekstrarins virðist hafa aukist þannig að reksturinn skilar nú fleiri krónum til eigenda sinna en árið áður. Nokkur hækkun er á breytilegum kostnaði við búið og reyndar einnig á svokölluðum hálföstum kostnaði. Vaxtagjöld lækka örlítið en það ekki raunlækkun heldur skýrist sá munur á því að vísitala neysluverðs hækkar minna árið 2002 heldur en árið 2001.

Velta búanna hefur aftur á móti aukist frá fyrra ári þannig að framlegð eykst í krónum þó framlegðarstig lækki. Fjármagnsliðir lækka einnig frá fyrra ári og niðurstaðan er mun meiri hagnaður en árið 2001 en reyndar hefur hagnaður þessara búa lækkað nokkuð frá árinu 1997. Á sama tíma hefur hagnaður fyrir laun, vexti og afskriftir hækkað verulega. Við skoðun á ástæðum þessa kemur í ljós að niðurfærsla

fullvirðisréttar ræður miklu um lækkun hagnaðar og hefur raunveruleg rekstrarafkoma búanna því batnað á þessum tíma. Afkoma þessara bænda er því “ásættanleg” að því leyti að fjármunamyndun rekstrarins dugar fyrir launum eigenda og ríflega það. Ef að viðhaldi á framleiðsluáðstæðum er sinnt sem skyldi innan þessara kostnaðartalna þá er ekki ástæða til að kvarta yfir afkomunni.

Þegar búin eru skoðuð kemur í ljós að framlegð á lítra lækkar lítillega á milli ára en stækkun búanna hefur þau áhrif að um nokkra framlegðaraukningu er að ræða þrátt fyrir það. Þetta leiðir hugann að þeirri áherslu sem ávallt er lögð á samanburð á lítra eða á framleiðslueiningu. Að sönnu auðveldar það mjög samanburð en menn verða alltaf að hafa það á bak við eyrað að það eru heildartölurnar sem skipta máli og það þarf alltaf að skoða þær samhliða hinum.

Sambærilega skekkju gera menn þegar þeir gera framlegð og framlegðarstig að meginatriði í rekstrarumbótum. Að öðrum þáttum óbreyttum er auðvitað gott að auka framlegðina en breyti menn búskaparháttum á einhvern hátt þannig að þeir lækki fastan kostnað en auki breytilegan þá lækkar framlegðin en samt gæti arðsemi rekstrarins aukist. Það hefur nokkuð borið á því í umfjöllun um rekstur og afkomu bænda að einblínt hefur verið á of fáar lykiltölur og heildarsamhengi hlutanna ekki skoðað.

## Stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu

Bú stærri en 156600 lítrar	1997	1998	1999	2000	2001	2002
<b>Fjöldi bóa bak við meðaltal</b>	18	20	18	34	49	36
<b>Fjöldi mjólkurkúa</b>	41	40	41	44	42	43
<b>Innvegnir mjólkurlíttrar</b>	167.914	169.453	178.991	198.702	191.019	202.601
<b>Meðalinnlegg á kú</b>	4.070	4.248	4.325	4.482	4.602	4.747
<b>Magn heys í FE</b>	213.884	200.138	208.561	229.207	240.106	241.104
<b>Heildartekjur</b>	<b>15.272</b>	<b>15.533</b>	<b>17.052</b>	<b>20.003</b>	<b>17.713</b>	<b>18.565</b>
Aðrar tekjur	1.019	595	926	1.262	1.218	1.286
<b>Búgreinatekjur</b>	<b>14.254</b>	<b>14.938</b>	<b>16.127</b>	<b>18.742</b>	<b>16.495</b>	<b>17.279</b>
Fóður	1.658	1.728	1.673	1.852	1.822	2.030
Áburður	1.051	1.024	1.098	1.170	942	950
Rekstur búvéla	640	589	540	775	678	309
Rekstrarvörur	627	584	630	580	683	1.086
Þjónusta	1.476	1.745	1.695	2.413	1.886	2.030
<b>BK samtals</b>	<b>5.452</b>	<b>5.671</b>	<b>5.637</b>	<b>6.790</b>	<b>6.011</b>	<b>6.404</b>
<b>Framlegð</b>	<b>8.801</b>	<b>9.267</b>	<b>10.490</b>	<b>11.951</b>	<b>10.484</b>	<b>10.875</b>
<b>Framlegðarstig</b>	<b>65</b>	<b>65</b>	<b>68</b>	<b>67</b>	<b>67</b>	<b>63</b>
Laun og launatengd gjöld	1.189	1.031	1.115	1.198	763	1.014
Viðhald útihúsa	531	421	430	528	379	435
Vélar og tæki	73	119	117	104	79	75
Viðhald girðinga	140	127	143	136	128	200
Tryggingar, skattar	156	221	170	206	193	156
Rafmagn, hitaveita	320	247	305	236	230	223
Ýmis gjöld	71	57	59	85	66	137
Annar kostnaður	120	147	148	191	198	122
Leigugjöld	170	155	227	211	153	58
Vörubifreið	82	63	116	159	98	40
Rekstrarkostnaður bifreiðar	351	331	437	472	491	450
<b>Hálffastur kostn. Samtals</b>	<b>3.204</b>	<b>2.918</b>	<b>3.266</b>	<b>3.526</b>	<b>2.776</b>	<b>2.909</b>
Afskriftir útihúsa	515	575	866	779	623	527
Afskriftir ræktunar	56	69	58	80	56	51
Arskriftir véla	1.365	1.448	1.969	1.908	1.405	1.251
Aðrar afskriftir	10	17	16	7	9	3
Niðurfærsla greiðslumarks	1.040	1.098	1.331	2.687	2.345	2.772
<b>Samtals afskriftir</b>	<b>2.987</b>	<b>3.207</b>	<b>4.241</b>	<b>5.460</b>	<b>4.438</b>	<b>4.604</b>
Vaxtatekjur	-28	-26	-33	-67	-49	-59
Vaxtagjöld	1.399	1.463	1.892	2.809	3.761	3.288
<b>Samtals fjármagnsliðir</b>	<b>1.371</b>	<b>1.437</b>	<b>1.858</b>	<b>2.742</b>	<b>3.712</b>	<b>3.229</b>
<b>Hagnaður tap</b>	<b>2.258</b>	<b>2.300</b>	<b>2.051</b>	<b>1.486</b>	<b>777</b>	<b>1.419</b>
Reiknuð laun eiganda	2.400	2.400	2.400	2.400	2.400	2.400
Hagnaður tap eftir reiknuð laun eig	-142	-100	-349	-914	-1.623	-981
Hagnaður fyrir laun, vexti og afskriftir	7.806	7.975	9.265	10.885	9.689	10.266
Fastafjármunir	23.121	20.924	23.533	31.645	29.685	33.710
...þar af framleiðsluréttur	3.367	2.707	3.296	7.591	7.375	7.424
Veltufjármunir	1.219	1.738	1.849	2.418	1.257	1.191
<b>Eignir alls</b>	<b>24.340</b>	<b>22.661</b>	<b>25.382</b>	<b>34.063</b>	<b>30.941</b>	<b>34.900</b>
Skammtímaskuldir	3.277	3.235	2.620	5.472	3.075	3.265
Langtímaskuldir	15.713	17.287	20.406	27.015	26.931	34.765
<b>Skuldir alls</b>	<b>18.990</b>	<b>20.522</b>	<b>23.027</b>	<b>32.487</b>	<b>30.006</b>	<b>38.030</b>
Höfuðstóll	5.349	2.140	2.355	1.576	936	-3.129
<b>Í hlutfalli af heildarskuldum:</b>						
Fjármagnsgjöld	7,4%	7,1%	8,2%	8,6%	12,5%	8,6%
<b>Í hlutfalli af heildartekjum:</b>						
Hálffastur kostnaður	21,0%	18,8%	19,2%	17,6%	15,7%	15,7%
Breytilegur kostnaður	35,7%	36,5%	33,1%	33,9%	33,9%	34,5%
Afskriftir véla	8,9%	9,3%	11,5%	9,5%	7,9%	6,7%
Afskriftir fullvirðisréttar	6,8%	7,1%	7,8%	13,4%	13,2%	14,9%
Hagnaður fyrir vexti, laun og afskriftir	51,1%	51,3%	54,3%	54,4%	54,7%	55,3%
Skuldir alls	124,3%	132,1%	135,0%	162,4%	169,4%	204,8%
Fjármagnsgjöld	9,2%	9,4%	11,1%	14,0%	21,2%	17,7%

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins, búreikningar 2002.

Tölur eru í þúsundum króna og allar á verðlagi ársins 2002.

### Innri hagræðing

Afskriftir véla og tækja hafa lækkað, rekstur véla og tækja hefur einnig lækkað verulega. Þó fjárfestingar í vélum og tækjum hafi lækkað hafa vaxtagjöld ekki lækkað og námu að meðaltali 3,3 milljónum króna eða 16 krónum á hvern framleiddan lítra af mjólk. Heildarskuldir búanna eru að meðaltali 38 milljónir króna þannig að meðal vaxtahlutfall skuldanna er 8,65%. Hér er um heildarvaxtagjöld að ræða þannig að vísitöluhækkun ársins er innifalin í tölunni.

Eins og fram hefur komið hér framir virðist mest af rekstrarbata kúbænda vera sótt í aukna framleiðslu annars vegar og hins vegar hagræðingu í kostnaði sem flokkast sem fastur eða í það minnsta hálffastur. Það liggur einnig fyrir að framleiðsluaukningin er nokkuð dýru verði keypt þar sem hlutur vaxtagreiðslna á framleiddan lítra mjólkur hefur aukist verulega vegna kaupa á framleiðslurétti. Árið 2002 fóru, eins og áður er sagt, 16 krónur af söluverði hvers lítra mjólkur til greiðslu vaxta og hefur sú fjárhæð tvöfaldast á síðustu 6 árum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þetta er hærri fjárhæð en samanlagður fóðurkostnaður og áburðarkostnaður en hann telur um það bil 15 krónur á lítra. Einnig er hér um hærri fjárhæð að ræða en fer samtals í svokallaðan hálffastan kostnað svo sem viðhald húsa og véla, greidd laun, bifreiðakostnað, tryggingar og fleira.

Þrátt fyrir þessar tölur er það ljóst að margir bændur hafa samhliða framleiðsluaukningunni styrkt stöðu sína. Sá árangur hefur náðst með því að ýmsir fastir kostnaðarþættir hafa staðið í stað eða jafnvel lækkað þrátt fyrir framleiðsluaukninguna. Ber þar helst að nefna launaþáttinn en greidd laun hafa lækkað síðustu sex ár og ekki einungis sem hlutfall af framleiddum lítra mjólkur heldur heildargreiðsla búans. Samandregin niðurstaða er að framleiðni vinnuafns hefur aukist og auk þess framleiðni ýmissa fastra þátta, svo sem húsnæðis og véla.

### Hugleiðingar um framtíðina.

Ekki verður betur séð á gögnum úr búreikningum en að margir bændur séu að kaupa fullvirðisrétt við of háu verði. Virðast kaupin stýrast af því að ekki sé um annað að gera til þess að tryggja framtíðina og að þeir sem hafi keypt fullvirðisrétt og stækkað sín bú hafi grætt á því og þess vegna sé það skynsamlegt. Með sömu rökum hafa menn reyndar keypt áhættuhlutabréf og jafnvel keðjubréf og ekki fer miklum sögum af hagnaðinum af slíkri múgæsingu.

En hvað er “of hátt” verð? Þar verður reyndar hver að dæma fyrir sig og víst er að aðstæður manna eru misjafnar. Allir muna þegar sagt var að 85 krónur væri of hátt verð, síðan 120 kr., 170 kr., 200 kr. o.s.frv. Nú er síðasta viðskiptaverð á fullvirðisrétti 270 krónur og um það verð er amk hægt að segja að áhættan er mikil að kaupa á svo háu verði og líklegt er að einhvers staðar í búrekstrinum finnist betri fjárfestingarkostir. Fjárfestingu á þessu verði og 9% vöxtum er rúm 11 ár að borga sig upp<sup>7</sup> og er þá miðað við að skattalegt hagræði nýtist að fullu næstu 5 ár eftir kaup kvótans og að öll fjármunamyndun vegna fullvirðisréttarins fari í að greiða niður fjármögnunni jafnóðum og hún myndast. Líklega er í flestum tilfellum betra að greiða niður þær skuldir sem hæsta vexti bera en kaupa fullvirðisrétt á þessu verði. Þess ber þó að geta að trúir menn því að rétturinn haldi verðgildi sínu í þessi 11 ár er fjárfestingin mun arðbærari en hér er nefnt.

<sup>7</sup> Leiðrétting að beiðni höfundar, fjárfestingin er 8-9 ár að borga sig upp.

Áður en lagt úr út í kaup á fullvirðisrétti er rétt að velta vel fyrir sér helstu forsendum framleiðsluaukningarinnar, jafnt ytri forsendum sem eigin rekstraraðstæðum.

Alþjóðasamningar varðandi stuðning við landbúnað benda til þess að stuðningur ríkisins til lækkunar á útsöluverði mjólkurafurða verði ekki eingöngu greiddur til bænda í tengslum við framleitt magn eins og nú er. Afleiðingar þess verða að jafnvel þó ríkisstuðningur við framleiðsluna haldist óbreyttur næstu 10 ár mun vægi fullvirðisréttarins í greiðslunum minnka og verðmæti hans því jafnframt lækka.

Breytilegur kostnaður við framleiðslu á einum lítra af mjólk var 31,6 krónur í fyrra og hefur hækkað lítillega á milli ára. Einhver dæmi eru um að menn reikni breytilega kostnaðinn sem 0 krónur á þeim forsendum að þeir framleiði viðkomandi lítra hvort sem er. Slíkir reikningar eru afar vafasamir því að auðvelt er að stýra framleiðslunni þannig að frávikin frá fullvirðisréttinum verði einungis nokkrar þúsundir lítra og breytilegur kostnaður er sá kostnaður sem beinlínis tengist framleiðslumagni og reynslan sýnir að hann fylgir framleiddu magni mjög vel.

Eru framleiðsluáðstæður fyrir hendi eða mun fastur kostnaður hækka við framleiðsluaukninguna? Flestir þeir liðir sem flokkast undir fastan kostnað verða að einhverju leyti tengdir framleiðslumagni ef tímabilið sem skoðað er er ekki bókhaldsárið heldur 10 eða 20 slík. Aftur á móti hefur mikil hagræðing átt sér stað varðandi fastan kostnað undanfarin ár og líklega eru möguleikar á enn meiri hagræðingu.

Skuldsetning rekstrarins má heldur ekki fara það hátt að aukin verðbólga, lækkun afurðaverðs eða lækkun kvótaverðs og þar með verðmætis þess veðs sem sett er til tryggingar skuldunum setji menn út af laginu. Þá gæti verið betra að fara rólegar af stað og kaupa þó ekki nema fyrir rekstrarafgang ársins á svona háu verði en skuldsetja sig ekki til skaða. Sú stækkun búa sem nú á sér stað um allt land er orsakavaldurinn að háu kvótaverði og sú stækkun verður ekki endalaus og þá mun kvótaverð lækka. Ef afurðaverð lækkar og beingreiðslur lækka þá gerist það samhliða að erfiðara verður að standa við greiðslur og verð á fullvirðisréttinum, og þar með eignunum, lækkar.

Til þess að enda þetta ekki á svona varkárum (neikvæðum) nótum er vert að benda á að þó að fullvirðisrétturinn sé dýr og fjárfestingin í einhverjum tilfellum áhættusöm á þessu verði þá er líklega alltaf arðsamara að kaupa fullvirðisrétt heldur en dráttarvél sem lítil eða engin þörf er fyrir.

Sigurður Eiríksson  
Landsráðunautur í rekstrarfræðum



### Viðauki 3: Samantekt um rekstur 24 kúabúa árin 1997-2002, breytingar og þróun þeirra samkvæmt SUNNU-verkefningu

#### Minnisblað

Jóhannes Hr. Símonarson, Runólfur Sigursveinsson og Unnsteinn Eggertsson  
Búnaðarsambandi Suðurlands

Hér á eftir koma niðurstöður frá 24 búum sem hafa verið með frá upphafi. Þessi 24 bú voru alls með um 10% innlagðrar mjólkur á Suðurlandi árið 2002.

#### Bústærð og framleiðslumagn

Eins og sést á tölunum í 1. töflu hefur meðalbúið stækkað umtalsvert og er að meðaltali að leggja inn í afurðastöð um 55% meira mjólkurmagn árið 2002 en árið 1997. Athyglivert er einnig hve innvegið magn hefur aukist á hverja árskú sama tímabil, eða um 25%. Öll búin utan eitt hafa keypt greiðslumark á tímabilinu og nemur aukningin að meðaltali 61.266 ltr. á bú eða 57%.

1. tafla. Bústærð og framleiðslumagn í mjólk (l).

Ár	Innlagt	Greiðslumark	Árskýr	Innlagt / árskú
1997	111.938	107.141	28,5	3.928
1998	121.760	117.353	29,3	4.160
1999	130.998	123.363	29,5	4.441
2000	142.385	144.909	31,3	4.549
2001	156.864	153.665	32,3	4.856
2002	173.884	168.407	35,3	4.914

#### Tekjur

Til að gera tölurnar samanburðarhæfar milli ára (2. tafla) eru allar tölur uppreiknaðar miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs ársins 2002. Ljóst er að ákveðin breyting hefur átt sér stað árið 1998 m.t.t. framleiðendaverðs á mjólk í samanburði við neysluverðsvísitölu. Árin 2000 til 2002 fer vægi nautgripakjötsins minnkandi og afurðir sauðfjárins skipta æ minna máli er líður á tímabilið. Hafa ber í huga að tekjur á innlagðan lítra árið 2002 eru lægri vegna þess að það ár var töluvert lagt inn umfram greiðslumark, sbr. töflu nr. 1.

2. tafla. Tekjur á innlagðan líter

Ár	Mjólk	Nautgripakjöt	Sauðfé	Aðrar búgr.tekjur	Alls búgr.tekjur	Aðrar tekjur	Samtals
1997	69,8	8,2	2,0	3,4	83,4	4,4	87,8
1998	74,1	9,2	1,9	2,7	87,9	5,8	93,7
1999	75,9	9,5	1,7	1,6	88,7	6,4	95,1
2000	78,4	8,1	1,5	1,0	89,0	9,4	98,4
2001	77,4	7,2	0,6	2,6	87,8	7,8	95,6
2002	76,3	5,5	0,5	1,5	83,8	5,0	88,8

**Breytilegur kostnaður**

Athygli vekur að kjarnfóðurliðurinn er ekki hærri en raun ber vitni (3. tafla) miðað við þá afurðaaukningu sem á sér stað á hverja ársku á tímabilinu en aukningin er um 1.000 lítrar á ársku. Kemur þar væntanlega til mun betri stýring á kjarnfóðurnotkun síðustu ár og að verð á kjarnfóðri hefur verið hagstætt í hlutfalli við afurðaverð. Áburður og sáðvörur hafa lækkað allnokkuð á tímabilinu svo og rekstur búvéla en þjónustuliðurinn sveiflast nokkuð milli ára. Í þeim lið eru m.a. flutningur á afurðum og aðföngum, þjónusta dýralæknis, búnaðargjöld, sæðingargjöld og fleira.

**3. tafla.** Breytilegur kostnaður, krónur á innlagðan líter.

Ár	Kjarnfóður	Áburður og sáðvörur	Rekstur búvéla	Rekstrarvörur	Þjónusta	Alls
1997	8,6	7,0	4,9	4,3	9,0	33,8
1998	9,0	7,7	4,4	4,5	10,3	35,9
1999	8,1	6,9	4,1	4,1	10,7	33,9
2000	8,8	6,3	3,9	4,1	10,0	33,1
2001	8,5	5,5	3,7	3,8	10,3	31,8
2002	9,3	5,1	3,9	3,1	9,2	30,6

Niðurstaðan, þegar litið er á breytilega kostnaðinn í heild, er að hann hefur lækkað frá árinu 1998, þegar hann var hæstur, til 2002 um 5,3 krónur á innveginn líter eða um tæp 15%.

**Framlegð**

Eins og sést í 4. töflu hækkar framlegðin ár frá ári milli árana 1997 og 2001 hvort sem reiknað er á hvern lítra eða á hverja kú. Árið 2002 er framlegð á hvern innlagðan lítra hins vegar lægri en árið áður. Tvær skýringar eru tiltækar. Önnur skýringin er sú að það ár var meira lagt inn af mjólk umfram greiðslumark en hin árin sem hefur í för með sér að tekjur af mjólk á hvern innlagðan lítra eru lægri það ár miðað við árin á undan. Hin skýringin er sú að vægi nautgripakjöts er mun minna, þ.e. verð til bænda lækkar og framleitt magn dregst saman. Hækkun á framlegð milli árana 1997 og 2002 nemur 7% miðað við krónur á hvern líter en um 32% hækkun framlegðar á tímabilinu ef miðað er við framlegð á hverja ársku.

**4. tafla.** Framlegð og framlegðarstig

Ár	Framlegð		Framlegðarstig
	kr/l	kr/ársku	
1997	49,6	196.000	59,7
1998	52,2	215.800	59,4
1999	54,8	244.600	61,8
2000	55,9	257.100	62,8
2001	56,1	272.000	63,9
2002	53,1	258.000	63,4

**Hálffastur kostnaður**

Hálffasti kostnaðurinn lækkar í heild á tímabilinu eða um 10%. Kostnaðarliðirnir „tryggingar og skattar“ og „rafmagn og hiti“ að lækka umtalsvert eða um þriðjung.

**5. tafla.** Hálffastur kostnaður, kr/l.

Ár	Tryggingar og skattar	Rafmagn og hiti	Viðhald útihúsa	Annar kostnaður	Rekstur bifreiðar	Greidd laun o.fl.	Alls
1997	2,5	1,7	2,0	3,2	3,7	4,7	17,8
1998	2,0	1,5	2,3	3,2	3,5	4,7	17,2
1999	1,7	1,3	2,7	2,8	3,8	4,0	16,3
2000	1,7	1,3	3,2	2,9	3,9	3,6	16,6
2001	1,7	1,0	3,6	2,1	3,8	3,0	15,2
2002	1,5	1,1	2,4	3,6	3,6	3,8	16,0

**Hlutfall skulda**

Ljóst er að skuldir þessara 24 kúabúa hafa aukist umtalsvert eða um helming á tímabilinu, sbr. töflu 6. Hafa ber í huga að á þessu tímabili hafa búin stækkað um 55% sé tekið mið af greiðslumarki auk þess sem þau hafa endurbætt framleiðsluaðstöðu sína. Á þessum árum er verið að taka á uppsöfnuðum vanda vegna framleiðsluaðstöðu en eins og kunnugt er héldu kúabændur mjög að sér höndum varðandi endurbætur á 9. og 10. áratugnum. Ættliðaskipti áttu sér einnig stað á nokkrum þessara búa sem hefur í för með skuldaaukningu.

Samhliða skuldaaukningunni hefur velta búanna aukist ár frá ári og nemur aukningin 57% milli árána 1997 og 2002. Hlutfall skulda á móti veltu hefur þannig aukist úr 1,40 í 1,71 á tímabilinu eftir að hafa hæst farið í 1,73 árið 2001.

Ljóst er að kúabú eru viðkvæm fyrir breytingum í ytri aðstæðum, s.s. verðbólgu og vaxtastigi sem og breytingum á afurðaverði. Að baki áðurgreindri skuldaaukningu eru að mestu leyti langtímafjárfestingar og með hægu fjármagnsflæði sem er einkennandi í mjólkurframleiðslu/landbúnaði eru fjárfestingarnar töluverðan tíma að borga sig upp og skila hagræðingu.

**6. tafla.** Hlutfall skulda og veltu.

Ár	Velta	Skuldir	Hlutfall
1997	9.825	13.722	1,40
1998	11.404	15.734	1,38
1999	12.455	20.195	1,62
2000	14.018	23.916	1,71
2001	15.011	26.043	1,73
2002	15.447	26.399	1,71

Unnið 26. nóvember 2003

### Viðauki 4. Efnahagsreikningur mjólkursamlaganna 1998 - 2002

#### Fjárhæðir í milljónum króna

FASTAFJÁRMUNIR	EIGNIR					EIGIÐ FÉ	SKULDIR OG EIGIÐ FÉ									
	1998	1999	2000	2001	2002		1998	1999	2000	2001	2002					
<b>Varnalegir rekstrarfjármunir</b>																
Fasteignir og lóðir.....	2.965	2.919	3.146	3.040	2.929						Hlutfé, Stofn- og Sereignarsjóður..	237	325	746	708	964
Vélar og tæki.....	1.265	1.384	1.465	1.696	1.704						Endurmatsreikningur.....	4.650	4.483	4.442	4.620	4.509
	4.229	4.303	4.611	4.736	4.633						Varasjóðir.....	1.807	1.801	1.796	1.667	1.803
											Óráðstafað eigið fé.....	1.100	1.105	390	303	255
												7.794	7.715	7.374	7.298	7.531
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>																
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	508	458	924	462	467						<b>SKULDIR</b>					
Skuldabréfaeign.....	468	597	811	1.208	1.203						<b>Langtímaskuldir</b>					
	975	1.055	1.735	1.670	1.670						Eftirlauna- og tekjusk.skuldb.....	119	137	162	149	198
<b>Fastafjármunir</b>	5.205	5.358	6.345	6.406	6.303						Skuldabréfalán.....	228	274	178	179	784
											Skuld við móðurfélag.....	0	0	588	547	0
												347	411	928	875	982
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>											<b>Skammtímaskuldir</b>					
Vörur og hráefni.....	1.296	1.466	1.350	1.362	1.617						Bankalán og afurðalán.....	494	403	438	482	653
Viðskiptakröfur.....	906	821	606	995	1.088						Viðskiptaskuldir.....	467	670	792	898	1.018
Aðrar skammtímaskuldir.....	200	332	678	398	389						Ýmsar skammtímaskuldir.....	349	527	445	348	355
Verðbréfaeign.....	1.033	1.076	682	585	760						Skattar ársins.....	140	131	122	101	76
Sjóður og bankainnvið.....	971	835	519	354	549						Næsta árs afborganir lána.....	18	33	80	100	90
<b>Veltufjármunir</b>	4.405	4.530	3.834	3.695	4.403							1.469	1.762	1.877	1.928	2.193
											<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	1.816	2.174	2.806	2.803	3.175
<b>EIGNIR SAMTALS:</b>	<b>9.610</b>	<b>9.888</b>	<b>10.180</b>	<b>10.101</b>	<b>10.707</b>	<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS:</b>	<b>9.610</b>	<b>9.888</b>	<b>10.180</b>	<b>10.101</b>	<b>10.707</b>					

Samantekt þessi er byggð á ársreikningum: Mjólkursamsöslunnar, Ms Ísfirðinga, Ms Kf. Skagfirðinga, Norðurmjólkur (MsKEA og MsKb), Ms Vopnfirðinga og Mb Flóamanna  
Tölur efnahagsreikninga Ms Kf.Skagfirðinga árið 2002 og MsKEA 1999 lágu ekki fyrir og voru fjárhæðir þeirra áætlaðar út frá fyrra ári og breytingum skv. rekstrarreikningum þeirra  
Fjárhæðir úr efnahagsreikningi mjólkursamlagsins á Blönduósi í árslok 1998 og Hvammstanga í árslok 1998 og 1999 vantar inn í töfluna þar sem þær lágu ekki fyrir.  
Allar fjárhæðir voru framreiknaðar með neyslúvistölu til ársloka 2002 og eru sýndar í milljónum króna.